


skoðun 16

4 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Apótek
Vítamín og bætiefni
Föstudagur










# FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
23. september 2011
222. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Felur kúluna**

*Tinna Hrafnsdóttir gengur með tvíbura og þarf að fela kúluna á leiksviði.*

**fólk 30**

**Fagnar fjölbreytileika**

*Fjölbrautaskólinn við Ármúla fagnar 30 ára afmæli.*

**tímamót 18**



**KR í góðum málum**

*KR-ingar unnu dramatískan 3-2 sigur í Keflavík í gær og hafa þriggja stiga forskot á toppnum.*

**sport 34**

**veðrið í dag**




**VAXANDI NA-ÁTT** um sunnanvert landið síðdegis með rigningu. 10-20 m/s syðst í kvöld og mikil rigning SA-til í nótt. Hiti 7-13 stig.

**VEÐUR 4**

# Sundabraut sett á ís í minnst hálfan áratug

**Öllum stórframkvæmdum í vegamálum á höfuðborgarsvæðinu verður slegið á frest á næstu árum. Það þýðir að Sundabraut verður sett á ís. Ríkisstjórnin mun setja einn milljarð árlega í almenningssamgöngur á næstu tíu árum.**

**SAMGÖNGUR** Framkvæmdum við Sundabraut verður slegið á frest, að minnsta kosti næstu fimm árin. Þess í stað mun ríkisstjórnin setja einn milljarð á ári næstu tíu árin í tilraunaverkefni um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir að öllum stórframkvæmdum á höfuðborgarsvæðinu verði slegið á frest, á fyrri hluta tilraunaverkefnisins.

„Við ætlum þetta sem tilraunaverkefni. Það er ekki þar með sagt að ekki verði gerðar umbætur á samgöngukerfinu á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu," segir Ögmundur.

> Það er ekki þar með sagt að ekki verði gerðar umbætur á samgöngukerfinu á höfuðborgarsvæðinu á tímabilinu.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> INNANRÍKISRÁÐHERRA

Spurður hvort þetta eigi einnig við um hugmyndir um að setja Miklubraut í stokk eða koma á fót mislægum gatnamótum, segir hann ekki ljóst um hvaða verkefni verði að ræða.

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, hefur lengi talað fyrir lagningu Sundabrautar.

Hann segir vissulega skiptar skoðanir á því að fresta henni, en eins og staðan sé nú í fjármálum ríkisins sé ekki hægt að gera nema eitt í einu. „Á árum áður var sérstaklega kallað eftir Sundabraut. Við sjáum hins vegar í skoðanakönnunum að það urðu umskipti eftir hrun og í stað þess að hún yrði efst á listanum tóku auknar almenningssamgöngur sæti hennar."

Dagur og Ögmundur eru sammála um að efling almenningssamgangna sé kjaramál; nýlegar rannsóknir sýni að kostnaður við samgöngur sé næsthæsti útgjaldaliður heimila á eftir húsnæðismálum og hærri en matarinnkaup.

- kóp / sjá síðu 4



**HJÓLARÁÐGJÖF** Landsbankinn efndi í vor til samgönguátaks þar sem starfsfólk var hvatt til þess að nýta sér vistvænni samgöngumöguleika. Bankinn greiddi niður strætókort og viðhald reiðhjóla, en í gær komu sérfræðingar Arnarins í miðbæinn þar sem þeir gáfu ráð og yfirfóru hjól, starfsfólki að kostnaðarlausu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MÁLIN RÆDD** Forsætisráðherra Rússlands vill efna til kynningar á Íslandi á næsta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ólafur Ragnar í Rússlandi:

## Pútín vill kynna Kjarval ytra

**STJÓRNSÝSLA Vladimír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, telur sérstakt fagnaðarefni ef Rússum gefst kostur á að kynnast verkum Jóhannesar Kjarvals. Þetta kom fram í tengslum við fund hans með Ólafi Ragnari Grímssyni, forseta Íslands, í gær.**

**Ólafur sat í gærmorgun ráðstefnu um norðurleiðina og önnur málefni, sem varða nýjar siglingaleiðir í norðri, í Arkangelsk í Rússlandi. Það var forsætisráðherra Rússlands sem bauð Ólafi Ragnari á ráðstefnuna og funduðu þeir þar. Á næsta ári verða liðin sjötíu ár frá því þjóðirnar tóku upp stjórnmálasamband.**

- jab

Stíf dagskrá 3. desember:

## Slegist um gesti á jólatónleikana

**FÓLK** Laugardagurinn 3. desember verður jólatónleikadagurinn mikli á höfuðborgarsvæðinu.

Hljómsveitin Baggalútur heldur þá sína árlegu aðventutónleika í Háskólabíói en í Laugardalshöll býður Björgvin Halldórsson áhorfendur velkomna á Jólagesti sína. Á sama tíma hefst sannkallað Frostrósar-maraþon en þá verður flautað til leiks á fyrstu tónleikunum af átta í Hörpunni.

Alls sóttu 39 þúsund gestir tónleika Björgvins og Frostrósa í fyrra og nam miðasalan þá 300 milljónum íslenskra króna.

- fgg / sjá síðu 38

Ástralskt fyrirtæki sækir um leyfi til að leita að seguljárni við strendur Íslands:

## Hyggst ná í seguljárn af hafsbotni

**IÐNAÐUR** Sótt hefur verið um leyfi til fimm ára til að rannsaka magn seguljárns í sandinum á hafsbotni við Suðurland og í Héraðsflóa. Ástralskt fyrirtæki sem óskar eftir leyfinu vonast til að flytja út 25 þúsund tonn af seguljárni á mánuði.

Soley Minerals, sem er dótturfélag ástralska námuvinnslufélagsins Thielorr Sarl, segist í umsókn til Orkustofnunar áætla að verja 800 til 2.200 milljónum króna í rannsóknirnar. Ef af vinnslu verður skapist á bilinu fimmtíu til tvö hundruð störf.

Sjúga á upp sand af hafsbotni og ná seguljárninu úr honum með seglatækni. Járnið er ætlað til útflutnings til að mæta vaxandi hráefnisþörf til stálframleiðslu.

Heildarmagnið sem Soley Minerals vill vinna er þrjú hundruð milljónir tonna af málmi á einni öld.

„Skilningur okkar er sá að magnið af sandinum undan suðurströndinni sé í raun ótakmarkað og að þykkt sandsins þar sé meiri en eitt hundrað metrar," segir í skýrslu Soley Minerals, sem kveðst hafa hug á að sækja um einkaleyfi til fjörutíu ára með möguleika á framlengingu.

- gar / sjá síðu 8










**SPURNING DAGSINS**



*Þórhallur, hefur Þórbergur nokkuð haft samband við þig?*

„Það vill svo til að ég hef alið manninn að stórum hluta á Hringbrautinni allt frá barnæsku en ég hef nú aldrei rekist á kauða.“

Þórhallur Guðmundsson er miðill. Borgarstjóra barst á dögunum bréf frá manni sem kveðst gæddur skyggnigáfu og vera í sambandi við Þórberg Þórðarson heitinn. Hann segir að skáldið vilji að nafni Hringbrautar verði breytt í Þórbergsstræti.

Forseti Alþjóðabankans kallar eftir hugrökkum stjórnmálamönnum á viðsjárverðum tímum í Washington:

# AGS hefur áhyggjur af þróun mála

**WASHINGTON, FRÉTTABLAÐIÐ** Christine Lagarde, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), kallaði í gær eftir forystu og leiðsögn frá stjórnmálamönnum í glímunni við yfirstandandi fjármálakrísu. Hún sagði lausnir við vandanum til staðar, það sem skorti sé pólitísk forysta. Þetta kom fram í máli Lagarde á ársfundi AGS og Alþjóðabankans í Washington í gær.

Lagarde sagði ljóst að hægst hefði á efnahagsbatanum á Vesturlöndum. Grípa þyrfti án tafar til aðgerða við að koma ríkisfjármálum vestrænna ríkja á sjálfbæra braut og laga efnahagsreikninga mikið skuldsettra fjármálastofnana og heimila. Loks sagði hún nýmarkaðsríki með mikinn viðskiptaafgang ekki hafa gert nægilega mikið til að auka eftirspurn heima fyrir. Það væri nauðsynlegt til að leiðrétta ójafnvægi í heimshagkerfinu.

Robert Zoellick, forseti Alþjóðabankans, tók einnig til máls á ársfundinum í gær. Hann sagði heimshagkerfið á hættusvæði og benti sérstaklega á þá hættu að vandræðin á Vesturlöndum smituðust til viðkvæmra nýmarkaðsríkja sem hafa vaxið hratt á síðustu árum. Hann tók svo í svipaðan streng og Lagarde og sagði varhugaverða tíma kalla á hugrakkt fólk.

„Frekari tafir á aðgerðum verða dýrkeyptar og munu minnka olnbogarými stjórnvalda,“ sagði Zoellick. Orð þessara æðstu stjórnenda AGS og Alþjóðabankans urðu ekki til þess að róa fjárfesta beggja vegna Atlantsála. Þeir telja nú meiri líkur en áður á að fjármálamarkaðir séu á leið inn í annan öldudal. Hlutabréfamarkaðir tóku aðra dýfu í gær og fóru helstu hlutabréfavísitölur niður um á bilinu tvö til fimm prósent. **- mþl, jab**



**CHRISTINE LAGARDE** Lagarde sagðist í gær vera áhyggjufull vegna stöðu mála í heimshagkerfinu og hvatti til tafarlausra aðgerða stjórnvalda víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ársfundur AGS í Washington:

## BRICS-löndin heita aðstoð

**WASHINGTON** BRICS-löndin svokölluðu, Brasilía, Rússland, Indland, Kína og Suður-Afríka, eru tilbúin til að tryggja Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (AGS) og öðrum alþjóðlegum stofnunum fjármagn til að auka getu stofnananna til að bregðast við alþjóðlegu fjármálakrísunni.

Þetta kom fram á blaðamannafundi sem fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar landanna héldu á ársfundi AGS og Alþjóðabankans í Washington í gær. Þá kölluðu þeir eftir kröftugum aðgerðum til bjargar efnahagsbatanum á Vesturlöndum. **- mþl**



**TILBÚINN TIL AFHENDINGAR** Varðskipið Þór leggur af stað til Íslands á þriðjudag og er væntanlegt í höfn hinn 26. október. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Nýtt skip hjá Gæslunni:

## Varðskipið Þór afhent í dag

**LANDHELGISGÆSLAN** Varðskipið Þór verður afhent Landhelgisgæslunni formlega í dag. Skipið er smíðað í Síle og hafa framkvæmdir staðið yfir frá október árið 2007 og átti að afhenda skipið fyrir rúmlega einu ári. Jarðskjálftinn öflugi sem reið yfir Síle í fyrra og flóðbylgjan sem fylgdi í kjölfarið töfðu verkið.

Lagt verður af stað til Íslands næstkomandi þriðjudag. Gert er ráð fyrir að skipið komi í heimahöfn í Reykjavík hinn 26. október næstkomandi. **- þj**

# Björguðu 64 flóttamönnum úr háska

**Skipverjar á Ægi björguðu 64 flóttamönnum úr sökkvandi báti á Miðjarðarhafi. Nokkur börn voru í hópi flóttamannanna. Björgunaraðgerðir gengu vel og fólkið var flutt til Spánar. Ægismenn björguðu líka tugum flóttamanna í sumar.**

**BJÖRGUN** Varðskipið Ægir bjargaði í gær 64 flóttamönnum, þar af nokkrum börnum, úr sökkvandi gúmmíbát á miðju Miðjarðarhafi. Atvikið átti sér stað miðja vegu milli Marokkó og Spánar, þar sem Ægir var að störfum á vegum landamærastofnunar Evrópubandalagsins, FRONTEX.

Í tilkynningu frá Landhelgisgæslunni segir að bátur fólksins hafi verið ofhlaðinn og hann hafi rifnað. Þegar Ægir kom að slysstaðnum lak loft hratt úr bátnum og þá þegar voru nokkrir menn komnir í sjóinn og virtust ósyndir.

Skipverjar á Ægi köstuðu björgunarvestum til fólksins og settu út léttbát og tvo gúmmíbjörgunarbáta.

Björgunaraðgerðir tóku skamman tíma þar sem flestum var bjargað um borð í léttbátinn, en aðrir komust upp í gúmmíbátana eða upp síðustiga skipsins.

Þegar um borð var komið fékk fólkið aðhlynningu þar til björgunarskip sóttu fólkið og fluttu til lands á Spáni.

Ekki kom fram í tilkynningu frá gæslunni hvaðan flóttamennirnir eru upprunnir eða hvaðan þeir sigldu, en stríður straumur flóttamanna hefur legið frá Norður-Afríku til Evrópu yfir Miðjarðarhaf síðustu misserin.

Oft leggja flóttamenn upp í þessa háskaferð á illa búnum skipum, sem eru jafnvel líka ofhlaðin og hafa hundruð flóttamanna látið lífið á leiðinni.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Ægismenn hafa komið nauðstöddum flóttamönnum til bjargar á Miðjarðarhafi, en í júlílok björguðu þeir 58 flóttamönnum úr sjálfheldu í afskekktri fjöru á Krít.

Ægir hefur verið við störf fyrir FRONTEX síðan í maí og verður það fram í næsta mánuð.

**thorgils@frettabladid.is**





**Á ÖGURSTUNDU** Nokkrir menn voru í sjónum þegar Ægir kom á slysstaðinn. Björgunaraðgerðir gengu vel og fólkið komst fljótt um borð. MYND/LANDHELGISGÆSLAN



**ALTÆKI** Svona lítur altækið út sem þjófarnir stálu.

Milljónatjón á Hringbraut:

## Stálu frá fornleifafræðingum

**LÖGREGLUMÁL** Fornleifafræðingar sem vinna við uppgröft á Landspítalalóðinni við Hringbraut urðu fyrir miklum skakkaföllum í fyrrinótt þegar tækjabúnaði, margra milljóna króna virði, var stolið úr vinnuaðstöðu þeirra.

„Þetta voru tölvur, flakkarar og myndavélar og alstöð, sem er hvað verðmætust fyrir okkur,“ segir Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur. Alstöð er mjög nákvæmt mælingartæki sem fornleifafræðingar nota. Vala telur að slíkt tæki komi þeim ekki til góða sem hafi tækið núna.

„Þeir ná örugglega aldrei að selja þetta. Og ef það myndi einhver fornleifafræðingur kaupa þetta þá fréttir maður það náttúrulega strax,“ segir Vala.

Vala hvetur þann eða þá sem voru að verki að skila mununum og þá verði engin eftirmál. **- jhh**

**KIRGISISTAN**

### Stöðva sjónvarpssendingar

Aðalkjörstjórn Mið-Asíuríkisins Kirgisistans mun í næstu viku loka fyrir útsendingar erlendra sjónvarpsstöðva í landinu í aðdraganda forsetakosninga. Það er gert að sögn til að koma í veg fyrir að erlendar rásir hafi óeðlileg áhrif á kjörið. Kirgisar reiða sig að miklu leyti á rússneskar sjónvarpsstöðvar, en stjórnarandstaðan hefur kvartað undan því að þær geri upp á milli frambjóðenda.





Nú er hægt að fá fetaost sem kubb í saltvatni. Gott er að nota ostinn í salöt, samlokur, grænmetisrétti og á pítsuna. Ljúffengar uppskriftir með fetaosti er að finna á www.gottimatinn.is

Gott í matinn


Fréttablaðið efnir til ljósmyndasamkeppni með þemað „Fólk að hausti“:

# Sigurvegarinn fær forsíðuna

**MENNING** Ljósmyndasamkeppni Fréttablaðsins hefst í dag og er þemað „Fólk að hausti“. Besta myndin mun prýða forsíðu Fréttablaðsins laugardaginn 1. október næstkomandi. Verðlaun fyrir fyrsta sætið eru leikhúsmiðar fyrir sex í Borgarleikhúsið. Verðlaun fyrir annað og þriðja sætið eru leikhúsmiðar fyrir tvo í Borgarleikhúsið.

Hver þátttakandi skal senda inn eina mynd og skal hún hafa verið tekin nú í haust. Óheimilt er að senda inn eða eigna sér ljósmyndir sem eru teknar af öðrum en sendanda.

Áskilinn er réttur til að hafna hvaða mynd sem er og til að breyta fyrirsögn og myndatexta í birtingu. Jafnframt er áskilinn réttur til birtingar myndar á forsíðu blaðsins. Innsendar myndir eru eign höfunda en Fréttablaðinu og Vísir.is er heimilt að birta þær í tengslum við keppnina og í kjölfar hennar, svo fremi sem höfundarnafn er tiltekið.

Samkeppnin stendur frá morgni dagsins í dag, 23. september, til klukkan tólf á hádegi miðvikudagsins 28. september. Hver ljósmyndari má senda eina mynd inn, fyrsta myndin gildir. Tilkynnt verður um val forsíðumyndarinnar um miðjan föstudag 30. september næstkomandi.

Tekið er við myndum í netfanginu ljosmyndasamkeppni@frettabladid.is og skulu þær vera í nægilegri upplausn til að birta í blaðinu. Myndinni þarf að fylgja nafn höfundar og upplýsingar um heimilisfang, netfang og símanúmer. **- sv**



**SIGURMYNDIN FRÁ 2010** Efnt var til ljósmyndasamkeppni á sama tíma í fyrra og tóku um 250 ljósmyndarar þátt í að festa haustið á filmu. MYND/ALEX MÁNI GUÐRÍÐARSON





„Að bankinn minn veiti þjónustu sem auðveldar mér að **skapa verðmæti.**“

**Hjalti Ástbjartsson**
Nastar

# Faktoring
**– Ný þjónusta**

# Breytum **lánsviðskiptum** í staðgreiðslu

**Það skiptir máli** að skapa verðmæti. **Arion banki** býður nýja þjónustu, Faktoring, sem auðveldar þér fjármögnun fyrirtækisins og sköpun verðmæta.

- Útistandandi kröfur verða handbært fé
- Betra flæði lausafjár
- Fjármögnun í samræmi við vöxt þíns fyrirtækis
- Aðstoð við innheimtu krafna

Hafðu samband við sérfræðinga Faktoring hjá **Arion banka,** eða kynntu þér málið nánar á **arionbanki.is/fyrirtaeki.** Saman getum við látið hjólin snúast.

Hvað **skiptir** þig máli?





arionbanki.is – 444 7000

Arion banki

ÍSLENSKA SIA.IS ARI 56465 09/11

**GENGIÐ 22.09.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 118,38 | 118,94 |
| Sterlingspund | 182,49 | 183,37 |
| Evra | 159,06 | 159,96 |
| Dönsk króna | 21,362 | 21,486 |
| Norsk króna | 20,367 | 20,487 |
| Sænsk króna | 17,183 | 17,283 |
| Japanskt jen | 1,5503 | 1,5593 |
| SDR | 184,35 | 185,45 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 214,8818

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fimm binda yfirlitsverk um íslenska listasögu er loksins komið út eftir fjögurra ára vinnu:

# Vonast eftir aukinni umfjöllun um íslenska list

**BÆKUR** Íslensk listasaga er loks aðgengileg með útgáfu fimm binda yfirlitsverks sem meðal annars mun auðvelda kennslu í skólum á viðfangsefninu. Þetta kom fram í máli útgefanda verksins, Jóhanns Páls Valdimarssonar, og ritstjóra þess, Ólafs Kvaran, á blaðamannafundi í gær. Þeir vonast til þess að í kjölfar útgáfunnar verði til kennsluefni um íslenska listasögu og yfirlitsrit fyrir erlendan markað. Sagt er frá um 400 listamönnum í máli og yfir 1.000 myndum í verkinu, sem hefur verið í smíðum frá árinu 2007. Fjórtán höfundar skrifuðu ritið. Markmiðið var að gefa út aðgengilegt verk en slá ekki af fræðilegum kröfum. Ólafur Kvaran sagði að fimmta bindið, sem greinir frá tímabilinu 1980 til 2000, hefði ákveðna sérstöðu. Viðfangsefnið væri það nálægt í tíma að söguleg fjarlægð hefði ekki myndast á verk listamannanna, hægast væri að líta á það sem dæmi um viðhorf í listinni frekar en heildarmynd af tímabilinu.

Verkið er prentað í 3.000 eintökum og mun kosta um 50.000 krónur. Það er gefið út í samstarfi Forlagsins og Listasafns Íslands. - sbt



**STOLTIR** Halldór Björn Runólfsson, forstöðumaður Listasafns Íslands, Jóhann Páll Valdimarsson, útgefandi Forlagsins, og Ólafur Kvaran, ritstjóri Íslenskrar listasögu, kynntu verkið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fær ekki fjórar milljónir:

## DV sýknað í máli Heiðars

**DÓMSMÁL** Ritstjórar og fréttastjóri DV voru í gær sýknaðir í meiðyrðamáli sem fjárfestirinn Heiðar Már Guðjónsson höfðaði á hendur þeim. Í umfjöllun DV var Heiðar Már sagður hafa skipulagt árás á íslensku krónuna árið 2007 ásamt alþjóðlegum vogunarsjóðum. Hann taldi umfjöllunina, og leiðara annars ritstjóra DV, hafa skaðað sig persónulega og valdið sér tjóni í viðskiptum.

Dómurinn telur að þótt blaðamaður hafi hugsanlega lagt rangt mat á heimildir hafi það ekki verið gert í vondri trú, og enn fremur að ósmekklegt orðalag í leiðara blaðsins teljist ekki refsivert. Þeir eru því sýknaðir og fjögurra milljóna bótakröfu Heiðars hafnað.

Heiðar sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem hann segir niðurstöðuna rýra kröfur um ábyrga fjölmiðlaumfjöllun og draga úr æruvernd borgaranna. Hann geti ekki unað dómnum og muni áfrýja honum til Hæstaréttar. - sh

Landamæraleysi takmarkað:

## Rúmeníu og Búlgaríu neitað

**BELGÍA, AP Innanríkisráðherrar ESB náðu ekki samkomulagi á fundi sínum í gær um að taka Rúmeníu og Búlgaríu inn á landamæralausa Schengen-svæðið.**

**Ráðherrar Hollands og Finnlands segja að bæði lönd þurfi að gera meira til að uppræta spillingu og skipulagða glæpastarfsemi.** - gb

**LEIÐRÉTTING**

Í frétt blaðsins í gær um Þorláksbúð við Skálholtskirkju var farið rangt með nöfn Áslaugar G. Harðardóttur og Sigurbjörns Einarssonar biskups. Beðist er afsökunar á þessum leiðu mistökum.

# Tíu milljarðar settir í almenningssamgöngur

**Ríkisstjórnin setur milljarð á ári næstu tíu árin í almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Sveitarfélögin á svæðinu hafa skuldbundið sig til að skerða ekki framlög sín til strætó. Samgöngur næststærsti útgjaldaliður heimila.**

**SAMGÖNGUR** Ríkisstjórnin hefur skuldbundið sig til að setja einn milljarð króna árlega í almenningssamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Litið er á verkefnið sem kjarabót, þar sem samgöngur eru nú næststærsti útgjaldaliður heimila, næst á eftir húsnæði og hærri en matarinnkaup.

Ráðherrar innanríkis- og fjármála undirrituðu viljayfirlýsingu þess efnis í gær, ásamt fulltrúum Vegagerðarinnar og Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Við taka samningar um málið á grundvelli samkomulagsins.

Yfirlýsingin hefur fengið grænt ljós hjá öllum borgar- og bæjarráðum sveitarfélaganna. Þau hafa jafnframt skuldbundið sig til að skerða ekki framlag sitt til Strætó bs. á tímabilinu, en það nemur í ár rúmum 2,5 milljörðum.

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segir samkomulagið marka tímamót og þarna birtist ásetningur ríkisstjórnarinnar um að horfast í augu við kall tímans og efla almenningssamgöngur.

„Nú er komið að hinum, sem hafa gagnrýnt það á undanförnum árum að það hafi ekki verið gert nóg í þágu almenningssamgangna. Það er margt sem styrkir okkur í þessari afstöðu. Þetta er jafnréttismál, því fólk mun þurfa að reiða sig á almenningssamgöngur í auknum mæli. Eldsneyti er dýrt og bílar eru dýrir og samgöngur eru nú í öðru sæti í útgjöldum heimila.“

Dagur B. Eggertsson, formaður borgarráðs, tekur undir að um mikil tímamót sé að ræða. „Þarna er um verulegar fjárhæðir að ræða sem skipta miklu máli við að bæta þjónustu við farþega,“ segir Dagur. Hann segir fjármagnið fyrst og fremst munu nýtast við að þétta netið á stofnæðum. Markmiðið sé að farþegar þurfi ekki að kunna tímatöfluna heldur geti treyst á örugga, góða og hraða þjónustu.



**STRÆTÓ** Fjármagn frá ríkisstjórninni mun nýtast við að þétta stofnæðar Strætó, segir formaður borgarráðs. Meðal annars verði skoðað að koma á fót fleiri forgangsakreinum fyrir strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Nú er komið að hinum, sem hafa gagnrýnt það á undanförnum árum að það hafi ekki verið gert nóg í þágu almenningssamgangna.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON** INNANRÍKISRÁÐHERRA

Dagur vonast til þess að viðræður um framkvæmdir á grundvelli viljayfirlýsingarinnar fari af stað sem fyrst, helst strax.

Ásgerður Halldórsdóttir, formaður Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, segir mikil tækifæri fólgin í yfirlýsingunni. „Við hlökkum til að vinna að þessu verkefni með Vegagerðinni. Nú eigum við eftir að leggjast yfir forgangsröðun verkefna.“

Verkefnið lýtur ekki einungis að eflingu strætisvagnakerfisins, aðrir valkostir verða einnig efldir svo sem hjólreiðar.

kolbeinn@frettabladid.is

Hæstiréttur staðfestir dóm:

## Sló mann með slökkvitæki

**DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur staðfest dóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir manni sem sakfelldur var fyrir að ráðast á annan mann með slökkvitæki. Héraðsdómur hafði áður dæmt manninn í átta mánaða fangelsi, þar af fimm mánuði á skilorði.**

**Maðurinn var dæmdur fyrir að berja annan mann þrisvar sinnum í andlitið með slökkvitæki. Hann og fleiri töldu sig eiga sökótt við fórnarlambið vegna innheimtutilrauna, húsbrots og hótana. Mennirnir fóru því á fund hans vopnaðir þungri sleggju, golfkylfu og slökkvitæki, sem ofbeldismaðurinn beitti við árásina. Hæstiréttur dæmdi hann til að greiða fórnarlambinu 250 þúsund krónur í miskabætur.** - jss

Landlæknir svarar gagnrýni:

## Máli sjúklingsins ekki lokið

**HEILBRIGÐISMÁL** Geir Gunnlaugsson landlæknir segir mál Árna Richardssonar verkfræðings, sem í aðsendri grein í Fréttablaðinu sagði landlæknisembættið halda hlífiskildi yfir læknum sem gera mistök, enn til skoðunar hjá embættinu.



**GEIR GUNNLAUGSSON**

„Auðvitað tökum við allar ábendingar alvarlega. Við reynum að taka á málum með hlutleysi og skoðum þau ítarlega. Þetta einstaka mál er enn til skoðunar hjá embættinu. Mál eru oft flókin. Við getum hins vegar ekki tjáð okkur um einstök efnisatriði í þessu máli að svo stöddu,“ segir Geir. - ibs


**Tyrkland**

**9. október í 10 nætur**
**Elegance 5 stjörnu hótel**

**Frá aðeins kr. 167.900**
**- með öllu inniföldu -**

**Frábært tilboð - Allra síðustu sætin**

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 10 nátta ferð til Marmaris í Tyrklandi þann 9. október. Í boði er m.a. frábært sértilboð á Hotel Elegance ***** með öllu inniföldu á ótrúlegum kjörum. **Einnig önnur mjög góð gisting á sérstökum sérkjörum.**

**Kr. 167.900 – 10 nætur með öllu inniföldu**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2 – 11 ára, í herbergi á Hotel Elegance *****
í 10 nætur með öllu inniföldu. Verð í tvíbýli kr. 179.700 á mann.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Ferðaskrifstofa – Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


**VEÐURSPÁ**



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**BLAUT HELGI**
Heilt á litið verður lítið spennandi veður um helgina. Það má búast við dágóðri vætu og vindi um tíma í flestum landshlutum. Hins vegar verður þokkalegra á sunnudag en þá lítur út fyrir fremur hæga sunnanátt og skúrir.



Á MORGUN
8-15 m/s.



SUNNUDAGUR
Sunnan 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 19° |
| Mallorca | 28° |
| New York | 23° |
| Orlando | 31° |
| Ósló | 15° |
| París | 21° |
| San Francisco | 22° |
| Stokkhólmur | 14° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Amerískir dagar

ÍSLANDS NAUT
*Stolt kjötmeistarans*

**100%** FULLMEYRNAÐ GÆÐAKJÖT
TILBÚIÐ BEINT Á PÖNNUNA, OFNINN EÐA GRILLIÐ
LEIÐBEININGAR






TILBOÐ **25%** afsláttur við kassa

TILBOÐ
PRIMERIB
**2.924** kr/kg.
Verð áður 3.895.-



TILBOÐ **25%** afsláttur við kassa

TILBOÐ
RIBEYE
**2.924** kr/kg.
Verð áður 3.895.-



TILBOÐ **25%** afsláttur við kassa

TILBOÐ
ENTRECOTE
**2.924** kr/kg.
Verð áður 3.895.-



Canada Dry **Tonic**, Canada Dry **Ginger Ale**, Canada Dry **Diet Ginger Ale**, **Caffeine free** Coke, **Kirsuberja** Pepsi, Pepsi **Throwback**, **TaB**, Rótarbjór, **Kirsuberja** Fresca, **Fresca**...





*Gourmet Texas salsa*





**Dunkin donuts kaffi**
– sem bragð er af...



**Spennandi kökur**
– nammi, namm...



**Pringles**
– alltaf eitthvað nýtt



**Girnilegt snakk**
– ostapopp, ostasnakk, smjörpopp

3 í pakka
**299** kr/pk.



**Amerískar cupcakes**
– 3 í pakka



**Alvöru súkkulaðidrykkur**
– þessi klikkar ekki



**Blue Diamond möndlur**
– 7 spennandi bragðtegundir



**1.399** kr/stk.

**Amerísk karamelluterta**
– bara gott...

24 Hagkaup
**OPIÐ** allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
Eiðistorg & Akureyri

Gildir til 25. september á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Á að banna hrefnuveiðar á Faxaflóa?*

| | |
|---|---|
| Já | 27,8% |
| Nei | 72,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Er réttlætanlegt að gefa konum afslátt í búðum til að minna á launamun milli kynjanna?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Ekkert nema uppgreiðsla stöðvar dómsmál hjá EFTA-dómstólnum:

# Engin ákvörðun verið tekin hjá ESA

**EFNAHAGSMÁL** Engin formleg ákvörðun hefur verið tekin um að Icesave-málið fari fyrir EFTA-dómstólinn, að sögn Oda Helen Sletnes, forseta ESA. Beðið er svara frá íslenskum stjórnvöldum.

„Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki ákveðið hvort Icesave-málinu verði vísað til EFTA-dómstólsins. ESA bíður nú eftir svari íslenskra stjórnvalda við rökstuddu áliti stofnunarinnar frá 10. júní 2011. Svarinu ber að skila fyrir lok þessa mánaðar og mun ESA skoða það gaumgæfilega áður en ákvörðun um næstu skref í málinu verður tekin,“ segir Sletnes.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að samkvæmt heimildum þess fari málið fyrir EFTA-dómstólinn. Sömu heimildir herma að þótt ekki hafi verið tekin formleg ákvörðun um málið muni ekkert nema uppgreiðsla Íslands vegna Icesave stöðva dómsmál. ESA hefur sent frá sér rökstutt álit um að Íslendingum beri að greiða lágmarkstryggingu samkvæmt evrópska innstæðutryggingakerfinu. Sú upphæð nemur 20 þúsundum króna á hvern reikning, eða 675 milljörðum alls.

Íslendingar hafa frest til mánaðamóta til að skila svörum. - kóp



**DÓMSTÓLLINN** Ekki hefur verið tekin formleg ákvörðun um að Icesave fari fyrir EFTA-dómstólinn. Heimildir Fréttablaðsins herma að aðeins uppgreiðsla komi í veg fyrir það.

Réðst gegn stöðumælaverði:

## Reif og sló í talstöð varðarins

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega fertugan karlmann fyrir að ráðast með hótunum um ofbeldi og líflát að konu sem var við vinnu sína sem stöðumælavörður í Reykjavík.**

**Maðurinn reif og sló ítrekað í talstöð stöðumælavarðarins sem var að skrifa sektarmiða á bíl hans. Þá beitti hann hótunum, svo sem eftirfarandi: „… ég elska að lemja fólk, ég elska það ha og þú ert ekkert að fara að sekta mig hérna …“**

**Jafnframt er maðurinn ákærður fyrir ærumeiðandi móðganir gagnvart opinberum starfsmanni, því hann lét klúryrði og meiðandi ummæli rigna yfir stöðumælavörðinn.**

- jss

Umdeild staðsetning spítala:

## Minnihlutinn vill Hringbraut

**KÖNNUN** Ríflega helmingur landsmanna er andvígur því að nýtt hátæknisjúkrahús verði staðsett við Hringbraut, eins og stjórnvöld áforma.

Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar MMR.

Af þeim sem afstöðu taka segjast 51,9 prósent andvíg því að byggja sjúkrahúsið við Hringbraut, en 48,1 prósent er því hlynnt.

Athygli vekur að þeir sem segjast mjög andvígir staðsetningunni eru ríflega tvöfalt fleiri en þeir sem eru mjög hlynntir henni. Um 32,8 prósent segjast mjög andvíg en 15,6 prósent mjög hlynnt.

Lítill munur er á afstöðu eftir kyni og búsetu, en yngra fólk vill frekar byggja spítalann við Hringbraut en þeir sem eldri eru. - bj



**LESIÐ UM NIÐURSKURÐ** Grikkir sætta sig engan veginn við niðurskurð og skattahækkanir, sem stjórnvöld segjast þó nauðbeygð til að ráðast í svo greiða megi niður skuldasúpu ríkisins. NORDICPHOTOS/AFP

# Grikkir mótmæla nýjum niðurskurði

**Vaxandi ótti er um framtíð evrunnar þrátt fyrir aðgerðir grísku stjórnarinnar. Fráfarandi aðalhagfræðingur seðlabanka ESB segir strangari sameiginlegar reglur um ríkisfjármál nauðsynlegar til að hemja skuldasöfnun evruríkja.**

**GRIKKLAND** Almenningssamgöngur lögðust að mestu niður vegna verkfalls í Grikklandi í gær. Almenningur sættir sig engan veginn við þann viðbótarniðurskurð og skattahækkanir, sem stjórnin kynnti á miðvikudag.

Kennsla féll einnig niður í skólum landsins vegna verkfalls kennara, en auk þeirra lögðu flugumferðarstjórar, leigubifreiðastjórar og starfsfólk almenningssamgangna niður vinnu.

Ríkisstjórnin sá sér ekki annað fært en leggja enn meiri álögur og niðurskurð á almenning til að fullnægja þeim skilyrðum, sem Evrópusambandið og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn setja fyrir frekari fjárhagsaðstoð.

Skuldavandi Grikkja er í miðpunkti ólgunnar í evruríkjunum, þar sem ótti við nýja kreppu hefur vaxið jafnt og þétt undanfarið.

Verðfall varð á mörkuðum beggja vegna Atlantshafsins í gær, rétt eins og undanfarna daga, að því er virðist einkum út af óvissunni um framtíð evrunnar og evrópskra banka.

Bæði Christine Lagarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og Robert Zoellick, bankastjóri Alþjóðabankans, sögðu í gær að efnahagsástandið væri komið á hættustig.

Jürgen Stark, sem nýverið sagði upp starfi sínu sem aðalhagfræðingur seðlabanka Evrópusambandsins, tekur í sama streng og segir nú nauðsynlegt að ríki Evrópusambandsins komi sér saman um strangari reglur og strangara eftirlit með fjármálum einstakra ríkja til að koma í veg fyrir að þessi saga endurtaki sig.

Í grein sem hann skrifar ásamt þremur öðrum hagfræðingum útfærir hann nánari tillögur um þessar sameiginlegu reglur, sem hann segir nauðsynlegar.

Meðal annars eigi að setja reglur um að samþykki allra ríkja evrusvæðisins þurfi til ef einstök ríki ætla að setja sér fjárlög, sem gera ráð fyrir fjárlagahalla umfram þriggja prósenta lágmarkið, sem bundið er í lög ESB. Þá sé nauðsynlegt að ríkjum verði sjálfkrafa gert að greiða sektir ef fjárlagahalli fer yfir lágmarkið, en líta megi á þær sektir sem greiðslu inn á tryggingasjóð sem verði notaður ef viðvarandi halli leiðir til alvarlegra fjárhagsvandræða viðkomandi ríkja. gudsteinn@frettabladid.is

Fjárbóndi ákærður fyrir brot á lögum um dýravernd og búfjárhald:

# Ákært fyrir vanrækslu sauðfjár

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á Eskifirði hefur ákært ábúanda á Stórhóli í Djúpavogshreppi fyrir brot á lögum um dýravernd og búfjárhald með því að vanrækja að tryggja góðan aðbúnað, meðferð og fóðrun sauðfjár á ofangreindum bæ.

Ábúandanum er gefið að sök að hafa í mars 2011 haldið of margt fé í fjárhúsunum á bænum, eða 764 ær, þar sem aðeins var húsakostur fyrir 684 ær. Jafnframt að hafa vanrækt að halda fjárhúsunum þurrum þannig að for var á gólfi í hluta þeirra. Enn fremur að hafa vanrækt að rýja nokkrar ær og láta bólusetja allt að 135 ásetningslömb gegn garnaveiki. Meirihluti fjárins hafi verið vanfóðraður og ekki hafi verið leitað læknisaðstoðar fyrir veika og slasaða gripi á bænum né þeir aflífaðir.



**VANFÓÐRUN** Meirihluti fjárins var vanfóðraður að því er segir í ákæru.

Enn fremur er ákært fyrir vanrækslu þar sem 237 gemlingum hafi ekki verið tryggt húsaskjól í apríl árið áður, heldur þeir geymdir í skjóllausum girðingum.

Þá eru ábúandinn og ábúandi á Hraunkoti ákærðir fyrir vanrækslu á 70 kindum sem fluttar voru á ofangreindan bæ, án þess að veita þeim húsaskjól og fullnægjandi fóður. Aflífa varð sex ær vegna ástands þeirra.

Refsingar er krafist auk banns við búfjárhaldi. - jss




## Gjaldmiðlakostir Íslands

Turninn, Kópavogi, 20. hæð, laugardaginn 24. september kl. 10.

Opinn fundur – tökum öll þátt í umræðunni!




**Ársæll Valfells**, lektor við Viðskiptafræðideild HÍ:

*Kostir og gallar einhliða upptöku gjaldmiðils: USD, EUR, CAD, NOK?*




**Orri Hauksson**, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, fjallar um íslensku krónuna, kosti hennar og galla sem gjaldmiðils og þá umgjörð sem sjálfstæð mynt þarfnast til að þjóna hagsmunum þjóðarinnar.




**Benedikt Jóhannesson**, framkvæmdastjóri Talnakönnunar, fjallar um evruna og kosti hennar fyrir Ísland samhliða aðild landsins að ESB.

Ármann Kr. Ólafsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi flytur ávarp.



Fundarstjóri: Guðlaugur Þór Þórðarson, alþingismaður.

Sjálfstæðisfélag Kópavogs
Vörður – fulltrúaráð Sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík
Sjálfstæðisfélag Hafnarfjarðar

# Nature's heilsurúmin

## styðja við bakið á þér !

Ótrúlegt verð



Góðar kantstyrkingar

Aldrei að snúa

Svæðaskipt pokagormakerfi

Gegnheilar viðarlappir

100% bómullaráklæði

Sterkur botn

## Nature's Rest

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 90x200 | 39.000,- | 65.900,- |
| 100x200 | 42.000,- | 69.900,- |
| 120x200 | 48.000,- | 75.900,- |
| 140x200 | 53.000,- | 79.900,- |
| 160x200 | 67.900,- | 99.900,- |
| 180x200 | 73.900,- | 109.900,- |

Steyptar kantstyrkingar

Aldrei að snúa

Svæðaskipt pokagormakerfi

## Nature's Comfort Pillowtop

| Stærð cm. | Dýna | Með botni |
|---|---|---|
| 100x200 | 59.900,- | 85.900,- |
| 120x200 | 69.900,- | 95.900,- |
| 140x200 | 79.900,- | 105.900,- |
| 160x200 | 89.900,- | 119.900,- |
| 180x200 | 99.900,- | 135.900,- |



Gegnheilar viðarlappir

100% bómullaráklæði

Sterkur botn

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18

Lau frá kl. 11-17

DORMA

– býður góða nótt

Dúnsængur og koddar



## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað er Árni Johnsen að láta endurbyggja við Skálholt?

2 Hversu lengi hafa lögreglumenn verið án kjarasamninga?

3 Hvert er sögusvið nýrrar bókar Ólafs Jóhanns Ólafssonar?

SVÖR

1. Þorláksbúð. 2. Tæpa 300 daga. 3. Sveitin Toscana á Ítalíu.

Vafamál eru enn til staðar varðandi heimildir og leyfi við endurbygginu Þorláksbúðar við Skálholtskirkju:

# Kirkjuráð vill fresta framkvæmdum við Skálholt

**FRAMKVÆMDIR** Kirkjuráð hefur farið fram á að framkvæmdir við svonefnda Þorláksbúð við Skálholtskirkju verði stöðvaðar tímabundið.

Samtök áhugamanna um uppbyggingu Þorláksbúðar hafa unnið að gerð búðarinnar á tóftum eldri byggingar og var farið að hilla undir verklok.

Kirkjuráð fékk hins vegar athugasemdir varðandi bygginguna, meðal annars frá afkomendum Harðar Bjarnasonar, hönnuðar Skálholtskirkju. Í viðtali við Fréttablaðið í gær sagði Áslaug, dóttir Harðar, að hún og bróðir hennar væru andsnúin byggingu búðarinnar svo nálægt kirkjunni.

Á fundi kirkjuráðs í fyrrakvöld samþykkti ráðið í ljósi athugasemdanna „að málið verði kannað hvað varðar deiliskipulag, höfundarréttindi vegna Skálholtsdómkirkju, hvaða heimildir sveitarstjórn hefur veitt til framkvæmdanna og önnur atriði sem áhrif kunna að hafa".

Því var þeim tilmælum komið á framfæri að framkvæmdir við búðina yrðu stöðvaðar á meðan athugun færi fram. - þj



**FRESTA FRAMKVÆMDUM** Kirkjuráð vill að framkvæmdum við Þorláksbúð verði frestað á meðan skorið er úr vafamálum sem tengjast þeim. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


Fyrirlestur Christopher Vasey

**Örlög og víðtæk lögmál sköpunarverksins**

27. september 2011 kl. 20:00

Radisson Blu Saga Hotel v/Hagatorg, 107 Reykjavík

Erindið verður flutt á ensku

Aðgangseyrir 500 kr.

Skipuleggjandi: Christof.Leuze@leuze.de


## Vinnsla seguljárns við strendur Íslands




1 Sog á sjávarsandi á vinnslupramma
2 Vinnsla á sandi
3 Afgangssandi skilað aftur á hafsbotn
4 Geymsla málma
5 Vinnslupramma
6 Sjávarborð
7 Sjórinn
8 Hafsbotn
9 Sjávarsandur

**TILRAUNAPRAMMI** Nota á litla pramma við sýnatökur fyrstu árin.




**FIMM VINNSLUSVÆÐI** Ætlunin er að vinna seguljárn á Héraðsflóa þegar veður eru vályndari á haustin og vorin en undan suðurströndinni á sumrin. MYND/SOLEY MINERALS






# Seguljárn á hafsbotni dregur til sín Ástrala

**Ástralskt fyrirtæki vill leyfi frá ríkinu til að rannsaka hvort hagkvæmt sé að vinna seguljárn af hafsbotni við Ísland. Áætlar fyrirtækið að flutt verði út 25 þúsund tonn á mánuði í heila öld. Allt að tvö hundruð störf verði til hér á landi.**

**IÐNAÐUR** Félagið Soley Minerals vill leyfi frá Orkustofnun til að kanna hvort vinna megi seguljárn og fleiri málma af hafsbotni við Suðurland og í Héraðsflóa. Soley Minerals er dótturfélag ástralska námuvinnslufélagins Thielorr Sarl.

Samkvæmt skýrslu Soley Minerals til Orkustofnunar hyggst félagið verja fimm árum til að kanna hvort seguljárn sé hér í vinnanlegu magni. Áætlaður kostnaður þau fimm ár er 800 til 2.200 milljónir króna. Félagið hyggst fá alþjóðlega fjárfesta að verkefninu og skrá síðan félagið í Kauphöllina.

Soley Minerals ætlar að beita þeirri aðferð að sjúga upp sand af hafsbotni og ná seguljárninu úr honum með seglatækni. Vinnanlegt magn er sagt þurfa að vera tíu prósent úr þeim sandi sem soginn er upp. Þegar sjálf vinnslan sé komin í gang sé áætlað að ná upp 250 þúsund tonnum af sandi í hverjum mánuði og vinsa úr honum um 25 þúsund tonn af málmi.

Seguljárnið er ætlað til útflutnings. Nefnir Soley Minerals vaxandi hráefnisþörf til stálframleiðslu. Sérstaklega er bent á hin rísandi efnahagskerfi í Kína og á Indlandi.

Ástralska fyrirtækið segir að hið gríðarlega magn af basaltgrjóti sem hér sé hafi hátt hlutfall af seguljárninu sem ber fræðiheitið magnetite. Málmurinn berist með fljótum landsins til sjávar og brotni þar niður í þá stærð sem hentugt sé að vinna. Stærstu agnirnar sem vinna á séu 3 millimetrar í þvermál.

Hugsanleg vandamál segir Soley Minerals meðal annars vera að skilyrði í sjónum séu of erfið, að vinnanlegt magn seguljárns sé of lítið og að sandurinn sé of þéttur í sér til þess að hægt sé að beita áðurnefndri uppsogsaðferð.



**AÐFERÐIN** Soga á sand af hafsbotni og skilja seguljárnið frá með seglum áður en sandinum er dælt aftur niður á botn. MYND/SOLEY MINERALS

Vinnslan sjálf verður á pramma og utan netalaga, í minnst 115 metra fjarlægð frá stórstraumsfjöruborði. Eftir að málmurinn hefur verið skilinn frá er sandinum skilað aftur á hafsbotninn. Málminum verður síðan annaðhvort komið fyrir á geymslupramma eða í landi þar til hann verður fluttur mánaðarlega á markað ytra.

Heildarmagnið sem Soley Minerals vill vinna af hafsbotni hér er þrjú hundruð milljónir tonna af málmi á einni öld. Reiknað er með að vinnslan standi í átta mánuði ár hvert. Unnið verði í Héraðsflóa á vorin og haustin þar sem meira skjól sé og fyrir utan Suðurland í fjóra mánuði þar á milli.

„Skilningur okkar er sá að magnið af sandinum undan suðurströndinni sé í raun ótakmarkað og að þykkt sandsins þar sé meiri en eitt hundrað metrar," segir í skýrslu Soley Minerals, sem kveðst hafa hug á að sækja um einkaleyfi til fjörutíu ára með möguleika á framlengingu ef niðurstaðan af rannsóknartímabilinu reynist hagfelld.

„Verkefnið getur mögulega haft veruleg áhrif á íslenska hagkerfið," segir Soley Minerals. Útlit sé fyrir að störf skapist fyrir á bilinu fimmtíu til tvö hundruð manns eftir stærð verkefnisins sem síðan muni hafa ýmis margföldunaráhrif. Jafnvel verði hægt að koma hér á laggirnar stálbræðslu þegar fram líða stundir. „Slík verksmiðja myndi framleiða lággæða stál sem síðan yrði flutt til Evrópu til frekari vinnslu í stálbræðslum þar."

Sótt er um rannsóknarleyfið á grundvelli laga um eignarrétt ríkisins á auðlindum á hafsbotni. Tiltekin eru fjögur svæði undan suðurströndinni og eitt við Héraðsflóa. **gar@frettabladid.is**






**Sigurður Kristinn Laufdal Haraldsson**
Matreiðslumaður ársins 2011
**1. sæti**

**Fannar Vernharðsson**
Matreiðslumaður ársins 2011
**3. sæti**

**Elín Bogga Þrastardóttir**
Framreiðslunemi ársins 2011
**1. sæti**

# Sigurvegarar á VOX

## Matreiðslumaður ársins og framreiðslunemi ársins starfa á VOX

Við óskum Sigurði og Elínu til hamingju með Íslandsmeistaratitla sína og Fannari með þriðja sætið. Við erum stolt af árangri þeirra og vitum að þau og félagar þeirra munu áfram veita gestum okkar á VOX höfðinglegar móttökur.

VOX
RESTAURANT/BISTRO

| VOX Restaurant | VOX Bistro | Hilton Reykjavík Nordica |
|---|---|---|
| 18.30 - 22.30 | 11.30 - 22.30 | Suðurlandsbraut 2 |
| Opið mið. - lau. | Opið alla daga | Sími 444 50 50 |



**ENGA BISKUPA HÉR** Mótmælendur í Berlín lýstu í gær andúð sinni á Benedikt Páli páfa XVI þegar hann heimsótti Þýskaland. NORDICPHOTOS/AFP

Eimskip semur um kaup á tveimur gámaskipum frá Kína fyrir 5,8 milljarða:

# Tími kominn á skipaflotann

**VIÐSKIPTI** „Þetta eru stærstu skipin sem við getum látið smíða fyrir okkur miðað við þær hafnir sem við erum að fara inn á á suðurleið okkar. Við erum ekki aðeins að bæta um sautján prósentum við flutningsgetuna heldur erum við einnig að setja í skipin fleiri tengingar fyrir frystigáma,“ segir Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskips.

Fyrirtækið hefur samið um smíði tveggja nýrra gámaskipa í Kína sem afhent verða eftir um eitt og hálft ár. Áætlaður kostnaður er 5,8 milljarðar króna. Í næstu viku verða tvö ár liðin frá því fjárhagslegri endurskipulagningu Eimskips lauk.


**GAMLA SELFOSS** Tvö ný gámaflutningaskip frá Kína munu taka við af Selfossi og Brúarfossi, sem eru tuttugu ára gömul. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Gylfi bendir á að erfitt sé að finna leiguskip sem henti Eimskip og því hafi verið í skoðun síðustu sex mánuði að smíða skip sérsniðin að þörfum félagsins í Norður-Atlantshafi.

Skipin tvö eru fyrstu gámaskipin sem Eimskip lætur smíða í að verða fimmtán ár þegar Brúarfoss eldri var smíðaður. Þar á undan var Mánafoss smíðaður fyrir um fjörutíu árum.

Nýju skipin munu fara suðurleiðina svokölluðu. Brúarfoss og Selfoss fara þá leið í dag. Skipin eru hins vegar tuttugu ára gömul og farið að síga á seinni hlutann í líftíma þeirra; kannski fimm til tíu ár eftir hjá þeim í besta falli. - jab

Deilur um fiskveiðar:

## Gagnlegur fundur um makríl

**SJÁVARÚTVEGUR Samningaviðræður í makríldeilunni í Norður-Atlantshafi hefjast á ný hinn 18. október. Þar verður reynt að leiða til lykta deilur um veiðar Íslendinga og Færeyinga úr makrílstofni sem ESB-ríki og Noregur hafa veitt ein úr þar til nú síðustu ár.**

**Óformlegum undirbúningsfundi lauk í London í gær, en Tómas H. Heiðar, aðalsamningamaður Íslands, sagði í samtali við Fréttablaðið að fundurinn hefði verið gagnlegur.** - þj


**ÁNÆGÐIR** Hilmir Ingi Jónsson frá Remake Electric og Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, handsala samninginn.

Nýsköpun hjá banka:

## Fylgist náið með orkunotkuninni

**ORKUMÁL Orkunotkun í höfuðstöðvum Arion banka í Borgartúni verður hér eftir stjórnað af búnaði frá íslensku nýsköpunarfyrirtæki, ReMake Electric.**

**Búnaðurinn gerir mönnum kleift að fylgjast náið með orkunotkun og sendir sjálfvirkar tilkynningar um breytingar og óeðlilega notkun með smáskilaboðum og tölvupósti.**

**Orkustjórnunarkerfið heitir eTactica og felst nýjungin í því að rafskynjunarbúnaði er komið fyrir í rafmagnstöflum í bankanum.**

**„Með því að velja kerfið frá ReMake Electric fær bankinn verkfæri til að halda úti ítarlegu eftirliti með raforkunotkun,“ er haft eftir Höskuldi H. Ólafssyni, bankastjóra Arion banka, í tilkynningu um málið. Það skili bankanum auknum áreiðanleika og sparnaðarleiðum.**

**ReMake Electric hefur verið styrkt af Tækniþróunarsjóði og Impru.** - sh

Kynlífshneyksli í Noregi:

## Þingmaður fór til vændiskonu

**NOREGUR** Þingmaður norska Framfaraflokksins, Bård Hoksrud, hefur viðurkennt að hafa keypt sér kynlífsþjónustu hjá vændiskonu í Ríga, höfuðborg Lettlands, í síðustu viku. Slíkt er ólöglegt samkvæmt norskum lögum og rannsakar lögreglan nú málið.

Fréttastofa TV 2 fylgdist með þingmanninum á ferð sinni í Ríga og náði honum á myndbandsupptöku þar sem hann fer inn í vændishús og kemur út hálftíma síðar í fylgd með konu. Fréttamaður stöðvarinnar bankaði upp á í vændishúsinu daginn eftir með falda myndavél. Honum var veittur aðgangur og beðinn um að velja sér þá konu sem honum leist best á, en myndbandið sýnir glögglega að minnsta kosti fjórar konur á nærfötunum. Fréttamaður valdi konuna sem fylgdi Hoksrud út í bílinn kvöldið áður og sýndi henni mynd af þingmanninum. Hún játaði að hafa veitt honum þjónustu og segir þau hafa haft samfarir. Hann hafi borgað meira en gengur og gerist.


**BÅRD HOKSRUD**

TV 2 greinir frá því að Hoksrud hafi nú hætt ábyrgðarstörfum innan flokksins en ætlar að halda áfram á þingi. Myndband TV 2 má nálgast á fréttavef stöðvarinnar. - sv


**VINNSLUSTÖÐIN Í EYJUM** Forsvarsmenn fyrirtækisins telja sig hafa orðið fyrir tugmilljóna tjóni vegna hins ólögmæta álags.

# Ráðherra stefnt vegna gjalds á fiskútflutning

**Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum hefur höfðað mál á hendur íslenska ríkinu og krefst þess að útflutningsálag á óunninn afla verði dæmt ólögmætt. Álagið feli í sér ólöglega skattheimtu og sé brot á bæði stjórnarskrá og EES-samningnum.**

**DÓMSMÁL** Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum telur að útflutningsálag á óunninn afla sé ólögmæt skattheimta sem byggist á hæpnum forsendum og brjóti gegn EES-samningnum og nokkrum ákvæðum stjórnarskrárinnar.

Vinnslustöðin hefur stefnt Jóni Bjarnasyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fyrir dóm vegna málsins og krefst þess að ólögmæti gjaldsins verði viðurkennt.

Jón kom álaginu á með reglugerðarbreytingu í desember 2009. Það nemur fimm prósentum á allan botnfiskafla sem fluttur er óunninn á erlendan markað án þess að hafa verið endanlega vigtaður hér á landi.

Markmiðið var að knýja á um fullvinnslu hérlendis og vísað til þess að samkvæmt skýrslu sem Matís vann megi reikna með að fiskur rýrni um nokkur prósent frá því að hann er veiddur og þangað til hann kemur til vinnslu erlendis. Þar vegi hann því minna en ef honum væri landað hér og með gjaldinu eigi að jafna stöðu þeirra sem landa hér og erlendis.

Í stefnunni, sem birt er Jóni Bjarnasyni fyrir hönd íslenska ríkisins, segir að álagið hafi í raun skert aflaheimildir Vinnslustöðvarinnar um 74 tonn frá því að það var lagt á og þar með valdið tapi upp á 24 milljónir.

Karl Axelsson, lögmaður Vinnslustöðvarinnar, tiltekur í stefnunni ýmsar ástæður fyrir því að gjaldið hljóti að teljast ólögmætt.

Í fyrsta lagi segir þar að gjaldið teljist vera skattur í skilningi laga, en að skatta megi ekki leggja á, breyta eða taka af nema með lögum sem kveði skýrt á um skattstofn, gjaldstig og fjárhæð að öðru leyti. Í þessu tilviki sé ráðherra með lögum veitt heimild til að leggja á álag að eigin vali, upp að tilteknu marki, og það standist ekki stjórnarskrá.

Í öðru lagi segir í stefnunni að ákvörðunin um að hafa álagið fimm prósent styðjist ekki við málefnaleg sjónarmið, „enda er hún bæði byggð á skýrslu sem miðast við rangar forsendur og þá er hún jafnframt ekki einu sinni í samræmi við niðurstöður skýrslunnar“. Er þar vísað til skýrslu Matís um rýrnun fisks frá veiði til vinnslu.


**JÓN BJARNASON**

Þá er bent á að útflutningsálag hafi verið í gildi fram til ársins 2007. Þá hafi það verið afnumið eftir að samningur var gerður við Evrópusambandið um bættan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir. „Þessi samningur er enn í gildi og er alls óljóst hvers vegna sjávarútvegsráðherra telur nú unnt að leggja útflutningsálagið á þegar áður var talið að afnema þyrfti það vegna samningsins.“

Að síðustu segir að gjaldið brjóti í bága við eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar, jafnræðisreglu hennar og meðalhófsreglu að auki. Þá brjóti það gegn bókun í EES-samningnum um viðskipti með sjávarfang, sem kveður á um að markaðsskipulag í sjávarútvegi megi ekki vera til þess fallið að raska samkeppni. Álagið geti hins vegar dregið úr vilja útgerða til að flytja fisk úr landi, sem raski samkeppni á EES-svæðinu.

stigur@frettabladid.is




Ræktuðu samtals nær 400 kannabisplöntur og voru með fíkniefni:

# Níu kannabisræktendur ákærðir

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært níu kannabisræktendur. Ákærurnar, sjö talsins, voru allar þingfestar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni. Sama dag voru fimm sakborninganna dæmdir. Þeir hlutu allt frá skilorðsbundinni refsingu upp í fjögurra mánaða óskilorðsbundið fangelsi. Hinir fjórir bíða dóms.

Ræktendurnir níu eru allir karlmenn, á aldrinum frá rúmlega tvítugu til tæplega fimmtugs. Stórtækustu ræktendurnir, þrír menn sem ákærðir voru í einu lagi, voru með 137 kannabisplöntur í húsnæði við Stigahlíð í Reykjavík. Að auki var einn þeirra tekinn með átján kannabisplöntur á heimili sínu á Kleppsvegi. Samtals ræktuðu níumenningarnir nær 400 plöntur.

Að auki fundust hjá flestum þeirra kannabislauf, maríjúana og hass. Einn þeirra var með loftbyssu sem hann hafði ekki leyfi fyrir.

Þeir hinna fimm sem dæmdir hafa verið og hlutu óskilorðsbundinn fangelsisdóm höfðu allir brotið af sér áður og verið dæmdir fyrir þau brot. - jss


**KANNABISPLÖNTUR** Flestar voru plönturnar 155 í einu máli.




# SKOTVEIÐI DAGAR




**PLANO** BYSSUTASKA
Tveggja byssu taska
**12.745 KR.**
FULLT VERÐ 25.490 KR.




**ALLEN** BYSSUTASKA
Með floti
**6.293 KR.**
FULLT VERÐ 8.990 KR.




**FINAL** FELUBYRGI
**37.492 KR.**
FULLT VERÐ 49.990 KR.




**REDHEAD** BUXUR
Stærðir M–XXL
**18.742 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.




**BETTINSOLI** HAGLABYSSA
Svört
**151.920 KR.**
FULLT VERÐ 189.990 KR.

KYNNINGARAFSLÁTTUR
20%
AFSLÁTTUR



**WINCHESTER BLACK SHADOW**
26" haglabyssa
**69.520 KR.**
FULLT VERÐ 86.900 KR.




**REDHEAD** HANSKAR
Vatnsheldir
**4.492 KR.**
FULLT VERÐ 5.990 KR.




**BETTINSOLI** HAGLABYSSA
Camouflage
**159.920 KR.**
FULLT VERÐ 199.990 KR.




**BETTINSOLI** HAGLABYSSA
Viður
**175.992 KR.**
FULLT VERÐ 219.990 KR.



25%
AFSLÁTTUR

**ALLEN** SKOTBELTI
**3.668 KR.**
FULLT VERÐ 4.890 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

Ellingsen
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 112343

# Jafnrétti er langtímabarátta

**Jafnrétti kynjanna er enn og aftur komið í umræðuna hér á landi. Meðal annars kom Ísland best út í könnun Newsweek yfir aðstæður kvenna í samfélaginu, en hins vegar kom einnig í ljós að óskýrður launamunur kynjanna hefur aukist á ný. *Þorgils Jónsson* ræddi við Kristínu Ástgeirsdóttur, framkvæmdastýru Jafnréttisstofu, um stöðu jafnréttisbaráttunnar.**

*Nýlega birtust tvær fréttir um stöðu kvenna á Íslandi. Annars vegar kemur Ísland best út í könnun Newsweek á stöðu kvenna í hverju landi og hins vegar er ljóst að launamunur milli kynjanna er að aukast á ný. Hvernig horfa þessi mál við þér?*

Við höfum raunar verið að mælast best í heimi varðandi jafnrétti kynjanna, til dæmis hjá World Economic Forum þar sem við erum búin að vera efst í tvö ár, þannig að það kemur ekkert á óvart. Það sem þessar kannanir sýna í raun er hvað ástandið er slæmt annars staðar. Það veit hamingjan að þegar maður heyrir frá öðrum löndum, sérstaklega utan Evrópu eða í Austur-Evrópu, getum við prísað okkur sæl yfir þeim árangri sem hér hefur náðst. En hann hefur líka náðst vegna mikillar baráttu og það má ekki gleymast. Það er langt í frá að það hafi komið af sjálfu sér. Hins vegar eigum við enn við ákveðin vandamál að stríða líkt og aðrar þjóðir.

Varðandi launamun kynjanna verður það hins vegar að viðurkennast að okkur hefur mistekist í þeirri glímu. Þetta er þó svipað og hefur verið að gerast víðar í heiminum.

Á ráðstefnu sem ég sótti nýlega í Brussel var farið yfir helstu áherslur Evrópusambandsins í jafnréttismálum og það er verið að einblína á launamun, sem er nú um 17 prósent innan þess og hefur verið vaxandi.

En ESB-ríkin eru líka að reyna að auka atvinnuþátttöku kvenna og líta til Norðurlandanna sem hafa náð þessu marki, sérstaklega með því að byggja upp félagslega þjónustu líkt og leikskóla, samfelldan skóladag, máltíðir í skólum og síðast en ekki síst fjölskyldu- og fæðingarorlof.

Önnur lönd standa líka frammi fyrir annars konar vandamálum tengdum atvinnu- og fjölskyldulífi, vegna þess að þau sjá fram á fólksfækkun. Það veltir upp þeirri spurningu hverjir eigi að halda uppi kerfinu í framtíðinni og hvernig megi sporna við fækkuninni. Gamla svarið við þeirri spurningu var jafnan að senda konurnar aftur inn á heimilin, en það gengur ekki lengur. Í ástandi þar sem konur þurfa að velja á milli þess að vera á vinnumarkaði eða eiga börn, velja margar fyrri kostinn.

Okkar vandi hér á Íslandi er sá að við vorum búin að koma okkur upp fæðingarorlofskerfi, en eftir hrunið hefur þurft að skera niður hámarksgreiðslur þrisvar sinnum. Það bitnar bæði á konum og körlum. Margar konur verða líka fyrir launaskerðingu við að eignast börn og vegna þess að feður eru yfirleitt með hærri laun en mæður, eru það yfirleitt þeir sem skera niður sitt orlof og mæðurnar verða lengur heima. Því fyrr sem hægt er að bæta úr þessu á ný, því betra vegna þess að þegar að því kemur er mögulegt að við þurfum að fara að berjast aftur við að breyta hugarfari til að hvetja feður til að taka sitt orlof.

*Sitjandi ríkisstjórn hefur lagt mikla áherslu á jafnréttismál. Eru það vonbrigði að sjá neikvæða launaþróun á hennar vakt?*

Auðvitað eru alltaf vonbrigði að fá svona bakslag, en það var fyrirséð að niðurskurðurinn í ríkisfjármálum gæti haft þessar afleiðingar. Það var tekist hart á um hvort ætti að stytta tímann í fæðingarorlofi eða lækka upphæðir. Það var svo ákveðið að lækka upphæðirnar til að raska ekki kerfinu, því auðveldara yrði að hækka þær þegar að því kæmi.

Á ráðstefnunni í Brussel skynjaði ég almennan ótta við kreppuna í löndum Evrópu og töluverð umræða var um hvort ætti að skera niður eða auka framlög. Það er ástæða til að setja spurningarmerki við hagfræðina um að skera niður, en minn skilningur var sá að stjórnvöld hér hafi orðið að skera niður útgjöld að forskrift AGS.

*Hvert er þá næsta takmarkið í jafnréttisbaráttu hér á Íslandi?*

Ég hlustaði nýlega á konu frá Quebec í Kanada sem kynnti lög um launajafnrétti sem virka mjög vel. Þar koma að borðinu fulltrúar frá atvinnurekendum, verkalýðshreyfingunni og stjórnvöldum sem setja fyrirtækjum reglur og tímaramma til að framfylgja þeim.

Hluti af þessu kerfi er að kortleggja stöðu fyrirtækis og setja í gang starfsmat innan þess þar sem hver staða er metin, algjörlega óháð kyni viðkomandi starfsmanns. Það er þekkt staðreynd að störf þar sem konur eru í meirihluta hafa verið til færri fiska metin og vandinn er einmitt að fá þau endurmetin. Hér á landi hefur verið tregða við að beita starfsmati hjá ríkinu og almennt, jafnvel þótt sú aðferð hafi skilað árangri, til dæmis hjá mörgum sveitarfélögum.

Það er afar mikilvægt að umönnunarstörf, sem dæmi, verði metin að verðleikum. Sérstaklega með tilliti til framtíðarinnar þar sem erfitt mun reynast að fá fólk í þessi störf ef þau verða áfram svo illa launuð en þau eru gríðarlega mikilvæg.

Svo þarf líka að endurhugsa margt í þessum málum, til dæmis að þó að einhverjar stéttir neðarlega í stiganum hækki í launum þarf það ekki að þýða að allir þar fyrir ofan fari upp um þrep.

*Hluti af jafnréttisumræðunni hefur snúist um kynjakvóta í ráðningarmálum. Sýnist þér von á sátt um slíkt hér á landi?*

Það er þegar búið að samþykkja lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja með 50 starfsmenn og fleiri. Þau ganga í gildi árið 2013 og er verið að undirbúa kynningu á þessum lögum. Kvótar sem þessir eru þó ekki nema tæki til að þrýsta á um að jafna stöðuna. Það hefur sýnt sig trekk í trekk með rannsóknum að það er ekki skynsemi sem ræður för í ráðningamálum eða við stjórn fyrirtækja. Þó að fólki sé sagt að jöfn kynjahlutföll í stjórnum fyrirtækja skili sér í betri rekstri, meiri hagnaði, betri starfsanda og bættri ímynd fyrirtækja, gerist samt ekki neitt því tregðulögmálin eru einfaldlega svo sterk og karlar halda fast í valdataumana.

*Nú hefur þú unnið að jafnréttismálum í áraraðir, er orðið lengra á milli stórra sigra í baráttunni síðustu ár?*

Það eru nú 35 ár síðan ég byrjaði í þessum málum og kom inn í Rauðsokkuhreyfinguna, en undanfarin ár hafa náðst margir merkilegir áfangar. Þar má kannski helst nefna þessa miklu fjölgun kvenna á Alþingi, en svo má líka minnast á ný lög um bann við kaupum á vændi, bann við nektardansstöðum og fleira sem tengist vændi og mansali og svo fyrrnefnd lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja. Þá er líka búið að samþykkja nýja framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum og verið að endurskoða framkvæmdaáætlun gegn kynbundnu ofbeldi þannig að það er töluverð vinna í gangi í jafnréttismálum þó að kannski sé ekki neitt nýtt í umræðunni.

Það er margt að gerast. En svo fær maður svona högg í andlitið eins og með þróun launamunar kynjanna.

*Þannig að það brenna enn mörg mál á jafnréttishreyfingunni?*

Já, en það sem er einn af okkar styrkleikum er að við höfum mjög lifandi kvennahreyfingar og það höfum við umfram aðrar þjóðir.

En það er þannig að stundum vinnast sigrar og stundum kemur bakslag. Barátta kvenna fyrir jafnri stöðu og tækifærum hefur staðið í 140 ár hér á Íslandi. Þetta eru þjóðfélagsbreytingar sem taka sinn tíma.

*Er þá fullnaðarsigur í augsýn?*

Það er sennilega ansi langt í það, enda þarf þá hugarfarsbyltingu.

Svo eru það viðhorfin undir yfirborðinu, líkt og allt það sem grasserar á netinu og í öfgahópum til hægri þar sem kvenfyrirlitning er afar ríkjandi. Svo er það ekki síst þessi hrikalega klámvæðing og ranghugmyndir um hvernig megi fara með aðrar manneskjur.

Þannig að það er alveg ljóst að í jafnréttismálum eru fjölmargar nýjar ógnir sem þarf að takast á við.



**JAFNRÉTTISBARÁTTAN STENDUR ENN SEM HÆST** Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, segir leitt að bakslag hafi komið í baráttuna við launamun kynjanna, en jafnrétti sé langtímabarátta. Hún segir að margt hafi þegar unnist hér á landi en sífellt séu nýjar ógnir til að takast á við. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

„Stundum vinnast sigrar og stundum kemur bakslag. Barátta kvenna fyrir jafnri stöðu og tækifærum hefur staðið í 140 ár hér á Íslandi. Þetta eru þjóðfélagsbreytingar sem taka sinn tíma.

Skoðaðu fronkex.is




Prófaðu nýtt súkkulaðikex

Smakkaðu nýtt vanillukex

Eigðu litla íslenska kexdverga frá Frón í eldhússkápnum. Taktu Álf, nýja kremkexið frá Frón, með í ferðalagið, í bílinn, sumarbústaðinn, bakpokann, tjaldið, tjaldvagninn, fellihýsið, hjólhýsið, húsbílinn. Og í vasann. Smakkaðu Álf.

**Gómaðu nýtt íslenskt kremkex frá Frón í dag**
**Færst í öllum helstu matvöruverslunum**

ÍSLENSKT já takk!

# Smakkaðu í dag nýtt gómsætt kremkex frá Frón

ÁLFUR súkkuladidvergur



ÁLFUR vanilludvergur




Frón
kemur við sögu á hverjum degi

Nafn mitt er
ÁLFUR

## Magnaður dvergur í norrænum goðsögnum

Snorra Edda segir dverga hafa mannvit og mannslíki en þó búi þeir í jörðu og steinum. Dvergar eru vitrir og miklir lista- og handverksmenn. Álfur er dvergur. Kynngimagnaður og kröftugur galdrar hann fram gómsætt súkkulaðikex og vanillukex. Fáðu þér galdraverk Álfs. Lærðu að þekkja hann. Veltu fyrir þér uppruna dverga í goðsögnum. Hugsaðu um leyndyr á klettum og hvort líf sé í steinum. Það býr margt skemmtilegt í undraheimi goðsagnanna. Fáðu þér nýtt íslenskt kremkex frá Frón. Lestu meira á fronkex.is.

**Kauptu Álf. Smakkaðu Álf súkkulaðikex og Álf vanillukex í dag.**


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Opnum klukkan tíu Opnum kluk
359
KR. 1/2 KG.
AKURSEL
LÍFRÆNAR GULRÆTUR
139
KR. KG
SPÆNSKAR VATNSMELÓNUR
Ostaslaufur
298
KR. PK
MYLLU
OSTASLAUFUR
25% MEIRA MAGN
SAMA VERÐ
398
KR. 480G
KRISTJÁNS BRAGGI !
145
KR. KG
NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
198
KR. PK
BÓNUS NÝBAKAÐR
FJÓRAR MJÚKAR
KRINGLUR
159
KR. PK
ÞRJÁR ÖMMU SKONSUR
FRÁ GÆÐABAKSTRI
398
KR. 6 STK
Cow &Gate Fruity musli 125g
6 glös á verði 3ja.
359
KR. 380G
SKÚFFUKAKA MEÐ
SÚKKULAÐI FRÁ MYLLUNNI
BÓNUS
MALAKOFF
159
KR. 154 G
BÓNUS MALAKOFF
TILBOÐSASKJAN 400 GRÖMM
KOMIN Í BÓNUS
létt & laggott
198 KR.
Trópí
pepsi
BÓNUS
SAMLOKUSKINKA
198
KR. 237 G
BÓNUS BRAUÐSKINKA
GOUDA
TILBOÐ
GOUDAOSTUR 26%
300 KR. LÆGRA VERÐ
998 KR.KG.
VERÐ ÁÐUR: 1298 KR.KG
195
KR. 1 LTR
TRÓPÍ 1 LTR.
100% HREINN
APPELSÍNUSAFI MEÐ
195
KR. 2 LTR
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda
VILDARPUNKTA
VISA
Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

kan **tíu** Opnum klukkan **tíu**

# FROSIÐ LAMBAKJÖT *HAUSTSLÁTRUN 2011*



298 KR. KG

FROSIN LAMBAHJÖRTU



895 KR. KG

HÁLFUR LAMBASKROKKUR
FROSINN NIÐURSAGAÐUR



3598 KR. KG

FROSIÐ LAMBAFILLET



259 KR. KG

FROSIN LAMBALIFUR



259 KR. KG

FROSIN LAMBASVIÐ



1398 KR. KG

FROSIÐ LAMBALÆRI 1. FLOKKUR



998 KR. KG

FROSINN LAMBABÓGUR




598 KR. PK

FERSKIR
NAUTAVEISLU
NAUTA-
HAMBORGARAR
4 STK. 80 GRAMMA
BORGARAR MEÐ BRAUÐI



985 KR. KG

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR



698 KR. KG

ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR



898 KR. KG

FERSKT BLANDAÐ HAKK NAUT 40% - LAMB 40% - GRÍS 20%

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Guðmundur og Bezti flokkurinn munu ekki fylla gatið á miðju stjórnmálanna:

## Skárra en ekkert?

Þegar Guðmundur Steingrímsson gekk úr Framsóknarflokknum á dögunum sagðist hann myndu láta reyna á að stofna „frjálslyndan, víðsýnan, Evrópusinnaðan og grænan miðjuflokk“.

Nú hefur komið í ljós hvernig Guðmundur ætlar að fara að þessu. Hann hefur upplýst að hann eigi í viðræðum við Bezta flokkinn, sem vann mikinn sigur í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í fyrravor, um að stofna til framboðs á landsvísu.


SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is


Nýleg skoðanakönnun bendir til að Bezti flokkurinn gæti fengið stuðning frá allt að fimmtungi kjósenda ef hann byði fram til Alþingis. Í greiningu á niðurstöðunum vantar reyndar hversu margir af þeim, sem ekki geta hugsað sér að styðja neinn annan flokk, séu tilkippilegir kjósendur Bezta flokksins. Í könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2 sem gerð var fyrir stuttu treysti helmingur svarenda sér ekki til að nefna stjórnmálaflokk sem þeir styddu. Líklegt má telja að rétt eins og í borgarstjórnarkosningunum sé það fyrst og fremst fólk sem er komið með ógeð á öllum hinum flokkunum sem er til í að styðja framboð sem varð til sem brandari. Það er þess vegna ekki slæm uppástunga að nefna þingframboðið eftir hljómsveit sem Guðmundur Steingrímsson var einu sinni í, Skárra en ekkert.

Er þessi fimmtungur kjósenda fólkið sem vill frjálslyndan, víðsýnan, Evrópusinnaðan og grænan miðjuflokk? Það er allsendis óvíst. Málflutningur Bezta flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar fól ekki í sér neina stefnu í mörgum stórum hagsmunamálum borgarbúa. Flokkurinn var frekar kosinn út á eins konar and-pólitík; að lýsa frati á alla pólitík og lofa að hafa bara skemmtilegt.

Svo er önnur saga hvernig það hefur tekizt. Sumt er skemmtilegt hjá Bezta flokknum. Borgarstjórinn heldur oft skemmtilegar ræður. Sumt af því sem borgarstjórnarmeirihlutinn hefur bryddað upp á er líka skemmtilegt, til dæmis skreytingar og uppákomur á torgum miðbæjarins í sumar. Ekki er hægt að útiloka að einhverjum þyki líka fyndið að rækta punt og illgresi á opnum svæðum í borginni og leyfa veggjakrotinu að standa. En í stóru, mikilvægu málunum hefur Bezti flokkurinn ekkert nýtt fram að færa. Í glímunni við fjárhagsvanda borgarinnar hefur verið farin gamalkunnug og heldur óskemmtileg leið skattahækkana annars vegar og hins vegar illa úthugsaðra sameininga menntastofnana, sem hafa engum sparnaði skilað sem máli skiptir en nógum leiðindum og óþægindum.

Ímynd gamla fjórflokksins er afleit þessa dagana og batnaði sízt þegar Alþingi breyttist í tilraunaleikhús áhugamanna á haustþinginu. Þá finnst einhverjum sjálfsagt betra að kjósa listamenn sem hafa notið velgengni og fengið góða dóma eins og Guðmund og nýju vini hans í Bezta flokknum.

Einhver hluti kjósenda sem telur sig á miðju stjórnmálanna og hefur áhuga á raunverulegri pólitík verður hins vegar áfram munaðarlaus. Gatið á miðjunni blífur og bíður þess að einhver annar en Guðmundur Steingrímsson fylli það.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871



**Þú ert velkomin á Fræðslu og kaffifund**

**Efni fundarins er: Kynning og síðan umfjöllun um muninn á sölukerfi fasteigna í USA og Íslandi og síðan verður fjallað um fjárfestignar í fasteignum í USA og hvað grundvallar lögmál á bakvið þá fjárfestingu.**

Fundurinn verður haldinn í Þingsal 3 á Icelandair Hótel Laugardaginn 24. september, Kl. 9.00 og er opinn öllum sem eru að huga að flutning til USA og/eða hafa áhuga á Fasteignamarkaðnum í USA.

Fundurinn er í boði The Viking Team, Realty og mun Pétur Sigurðsson, Löggiltur Fasteignasali hafa framsögu á fundinum.

The Viking Team, Realty
www.TheVikingTeam.com
www.Floridaeignir.is
Petur@TheVikingTeam.com


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Skemmubjörgunin

Árni Johnsen er enn á ný kominn í deilur, nú vegna framkvæmda við Skálholt. Árni er mikill áhugamaður um endurreisn gamalla húsa, oftar en ekki í þeirri mynd sem honum finnst þau eiga að vera. Nú vill hann endurreisa Þorláksbúð, því er ekki úr vegi að rifja upp hvaða mannvirki var þar á ferð. Samkvæmt heimildum frá biskupsstaðnum sjálfum segir að húsið hafi verið skemma, en fyrir hafi komið að það hafi verið notað til embættisgjörða í tíð Ögmundar biskups Pálssonar, er dómkirkjan brann. Það var og. Kannski mun Árni reisa fleiri skemmur á svæðinu, en vonandi í þökk allra.

### Hva! Skitin 10 prósent!

Menn meta hlutina misjafnlega og ekki leggja allir sama skilning í hvaða fjárupphæðir skipta máli. Þannig finnst formanni VR, Stefáni Einari Stefánssyni, ekki tiltökumál að veita 10 prósenta afslátt. „Enda er afslátturinn svo lítill að hann skiptir næstum engu máli,“ sagði hann í samtali við Fréttablaðið í gær. Líklega finnst einhverjum að 10 prósenta afsláttur skipti bara allmiklu máli. Þeir eru kannski á lægri launum en formaður VR.



### Höldum jákvæðninni

„Við teljum enga ástæðu til þess að endurskoða hagspá okkar. Því ef hún gengur eftir verður Ísland eitt þeirra landa á Vesturlöndum sem verða með hvað mestan hagvöxt.“ Þetta sagði Már Guðmundsson seðlabankastjóri þegar hann tilkynnti að stýrivöxtum yrði haldið óbreyttum í 4,5 prósentum. Þetta er lofsvert viðhorf hjá bankastjóranum. Hvers vegna að hætta við svona jákvæða spá þegar allt verður í himnalagi gangi hún eftir? Það er komið nóg af neikvæðum hagspám.

kolbeinn@frettabladid.is



## HALLDÓR




# Ég er með athyglisbrest – ég er heppinn


ADHD



Vilhjálmur Hjálmarsson
leikari


Athyglisbrestur er ekkert til að skammast sín fyrir – þetta er einfaldlega eiginleiki sem er hluti af mínu daglega lífi. Á stundum þvælist hann fyrir en oftar en ekki næ ég að nýta hann til góðs. Fyrir mig og aðra.

Sumir dagar eru erfiðari, en með því að leita upplýsinga og haga mínum málum í samræmi við það hefur mér tekist að fjölga þeim góðu. Á vondum degi er fátt betra en að grípa í hnakkadrambið á sjálfum sér, hlæja að allri vitleysunni og setja kúrsinn upp á nýtt.

En ég er heppinn – á góða að og hef getað sótt mér þá aðstoð sem þurfti. Ekki eru allir í sömu sporum. Fordómar og vanþekking á málefninu eru ríkjandi og flestir vaða eld og brennistein á sinni vegferð.

Sjálfur kýs ég ekki að líta á athyglisbrest – með eða án ofvirkni – sem sjúkdóm eða röskun. En í því samfélagi sem við búum í er það oft eina leiðin til að fá aðstoð hins opinbera. Þau spor geta reynst þung og stutt er í fordóma – ekki síst í eigin huga. Við þessu þarf að bregðast.

> En ég er heppinn – á góða að og hef getað sótt mér þá aðstoð sem þurfti.

Samevrópsk ADHD-vitundarvika sem nú stendur yfir er liður í þeirri vinnu. Með slagorðunum „Athygli, já takk!“ vilja ADHD-samtökin leggja sitt af mörkum til að auka skilning á málefninu og auðvelda einstaklingum með athyglisbrest og aðstandendum að sækja sér þá hjálp sem hver og einn þarfnast.

Og einu má ekki gleyma: Staðreyndin er einfaldlega sú að athyglisbrestur – rétt eins og önnur „frávik frá norminu“ – er ekki frávik frá því eðlilega heldur eðlilegur hluti af flóru lífsins.

Þess vegna hvet ég alla til að sækja málþing ADHD-samtakanna í Iðu föstudaginn 23. september klukkan 13.00 (sjá t.d. www.adhd.is).


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Skamm fórnarlömb

Í DAG
Pawel Bartoszek
Stærðfræðingur



Konur eiga að geta verið einar á ferli eftir myrkur í druslulegum fötum. Börn eiga að geta leikið sér með bolta nálægt umferðargötum. Fólk á að geta skilið reiðhjólin sín eftir ólæst þegar það skýst í búð. Eldra fólk á að geta farið í göngutúr án þess að eiga það á hættu á að verða fyrir bíl. Þannig ætti þetta að vera.

Kannski er það ákveðið raunsæi að viðurkenna að heimurinn sé eins og hann er og því ætti fólk að halda sig heima eftir myrkur, setja upp þjófavarnarkerfi og fara ekki úr húsi nema með hjálm. En höfum eitt á hreinu: Ef einhver er kýldur þá er það vegna þess að einhver kýldi hann, ekki vegna þess að hann var einn á ferli síðla kvölds í hættulegu hverfi.

Þegar kemur að umferðarmálum er sú tilhneiging að kenna fórnarlambinu um rík. Heilu stofnanirnar, með Rannsóknarnefnd umferðarslysa í fararbroddi, falla sí og æ í þá gryfju að kenna saklausu fólki um eigin ófarir og strá fræjum sektarkenndar hjá þeirra nánustu. Hér fylgja nokkur dæmi.

**Dæmi 1**

Eldri kona verður fyrir bíl þar sem hún gengur yfir gangbraut. Bílnum er ekið rétt undir hámarkshraða en aðstæður voru reyndar ekki eins og best verður á kosið. Rannsóknarnefndin skrifar orsakir bæði á hegðun ökumanns og gangandi vegfaranda. Í skýrslu hennar segir:

„Gangandi vegfarandi gætti sennilega ekki að umferð áður en hann gekk út á gangbrautina.“

Þannig er því miður viðhorfið. Vel að merkja, hvorki lögin né þeir sem þeim framfylgja líta svo á að gangandi vegfarendur eigi sér miklar málsbætur þegar þeir verða fyrir bíl utan gangbrauta. En jafnvel á gangbrautum virðist staða gangandi vegfarenda veik. Það er litið svo á að þeir eigi að bíða þolinmóðir og sjá hvort bílarnir nenni að stoppa fyrir þeim. Annars sýna þeir ekki „nægilega mikla aðgæslu“.

**Dæmi 2**

Bílstjóri undir áhrifum eiturlyfja keyrir á barn og stingur af. Þetta eru þær ábendingar sem Rannsóknarnefnd umferðarslysa taldi rétt að koma áleiðis í kjölfarið:

„Rannsóknarnefnd umferðarslysa beinir því til foreldra að börn á leikskólaaldri eiga ekki að vera ein á ferli, sérstaklega í myrkri við akbrautir. Á þessum aldri hafa börn fengið einhverja fræðslu um hættur í umferðinni, en skilningur þeirra er í mótun og hæfni til að fást við hættur og skynja hraða bifreiða er takmörkuð. Hvetur rannsóknarnefnd umferðarslysa gangandi vegfarendur, börn, fullorðna og ekki síst aldrað fólk eindregið til að bera endurskinsmerki eða rendur á fatnaði sínum, sérstaklega að vetri til.“

Þeir sem sinna umferðarmálum hérlendis telja því miður flestir að réttasta leiðin til að verja mjúka vegfarendur sé að klæða þá í alls kyns hlífðarbúnað og láta þá passa sig á bílunum. Hvernig væri að hvetja þá sem aka bílum til að passa sig á gangandi fólki?

> Þegar kemur að umferðarmálum er sú tilhneiging að kenna fórnarlambinu um rík. Heilu stofnanirnar, með Rannsóknarnefnd umferðarslysa í fararbroddi, falla sí og æ í þá gryfju að kenna saklausu fólki um eigin ófarir...

**Dæmi 3**

Bíll á leið út úr bílastæðageymslu keyrir á konu.

Orsakagreining RNU: „Gangandi vegfarandi sýndi aðgæsluleysi með því að ganga fram fyrir bifreið sem beið eftir að aka út á götu. Ökumaður sýndi aðgæsluleysi þegar hann ók út úr bílastæðahúsinu án þess að taka nægilegt tillit til gangandi vegfaranda. Útsýni ökumanna sem aka út úr bílastæðahúsinu er verulega skert og aðvörunarmerkingar skortir fyrir bæði gangandi og akandi vegfarendur.“

Í kjölfarið þessarar greiningar leggur RNU til að sett verði upp grindverk á umræddum slysstað til að hindra leið gangandi vegfarenda. Þannig er alltaf áherslan. Endalaust af grindverkum úti um allt. Gatnamót í miðri borg eru farin líkjast fangelsum.

**Passið ykkur á fólkinu**

Umferðaröryggisstefna er of bílmiðuð. Það þarf ekki aukna áherslu á bílinn og hvernig allir eigi að passa sig á honum. Þvert á móti legg ég til að allir ökunemar taki einn ökutíma í að labba um hverfið sitt, einn tíma í að hjóla í sund og einn í að taka strætó með barnavagn í Skeifuna.

Það er vont þegar menn sjá hlutina bara úr bílstjórasætinu. Þá finnst þeim allir aðrir vera að þvælast fyrir bílnum. Of oft virðist þetta vera helsta sjónarhorn þeirra sem tjá sig um umferðaröryggi.

## Sendið okkur línu

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð, að hámarki um 4.500 tölvuslög með bilum. Aðeins er tekið við yfirlesnum og villulausum texta. Greinahöfundar eru beðnir að hafa í huga að því styttri sem greinin er, þeim mun líklegra er að hún fái skjóta birtingu.

Eingöngu er tekið við raunverulegum umræðugreinum, en ekki greinum sem eru fyrst og fremst kynning á til dæmis fyrirtæki eða félagasamtökum, ráðstefnu eða átaki. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða á Vísi eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

AF NETINU

### Gríski vandinn

Verkföll, óró i og truflanir á grísku þjóðlífi og efnahagslífi vegna mótmæla gegn efnahagsráðstöfunum mun líklega aðeins gera illt verra.

Gríski vandinn hefur tvær hliðar: Annars vegar er komið að óhjákvæmilegum skuldadögum vegna lánafyllerís landsins í bland við viðtæka pólitíska spillingu sem sýkti frá sér niður í gegnum þjóðfélagið.

Ef Grikkir líta í eigin barm sjá þeir að fjöldaþátttaka í svindli innan ríkis- og velferðarkerfisins var orðið þjóðarmein, sem gekk svo langt, að fólk tók til dæmis í stórum stíl út lífeyri fyrir dáið fólk.

Ofan á þetta bættist svipuð fjöldaþátttaka í lánasprengingunni og var hér á landi í aðdraganda Hrunsins.

Hins vegar verður að líta á það að enda þótt hægt sé að segja að þjóðir fái þá ráðamenn, sem þær eiga skilið, eiga milljónir Grikkja engan þátt í því hvernig komið er og meðal þeirra ríkir réttlát reiði yfir því hvernig þeir, sem eru ríkir og hafa rétt sambönd, sleppa við að borga það tjón sem þeir ollu.

http://omarragnarsson.blog.is

**Ómar Ragnarsson**



# tímamót

timamot@frettabladid.is



59 **HJÁLMAR H. RAGNARSSON**, tónskáld og rektor, er 59 ára í dag.

*„Listin getur gefið þeim manni dýrar gjafir, sem leyfir henni að flæða inn í hugskot sitt og hjarta.“*



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Þóra Gunnarsdóttir**

Kirkjulækjarkoti, Fljótshlíð,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands 19. september.

| | |
|---|---|
| Þórir Rúnar Jónsson | Kristín Pjetursdóttir |
| Hjörtur Guðni Markússon | |
| Guðrún Markúsdóttir | |
| Esther Markúsdóttir | Árni Jónsson |
| Davíð Markússon | Elísabet Björnsdóttir Brown |
| Gunnar Sigurþór Markússon | Britt Eva Iréne Klasson |
| Anna-María Markúsdóttir | Ólafur G. Jósefsson |
| Margrét Markúsdóttir | Örn Elvar Hreinsson |
| Gylfi Markússon | Christina M. Bengtsson |

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



†

*Ástkær systir okkar,*

**Hjördís Þorleifsdóttir**

kennari,
áður Hrísmóum 4, Garðabæ,

andaðist miðvikudaginn 14. september á Hrafnistu, Hafnarfirði. Jarðsungið verður frá Fríkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 26. september kl. 13.

Þráinn Þorleifsson og fjölskylda
Trausti Þorleifsson og fjölskylda



†

*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, bróður og afa,*

**Þorsteins Þorvaldssonar**

Laugarásvegi 1, Reykjavík.

| | |
|---|---|
| Þorbjörg Valdimarsdóttir | |
| Þorvaldur Þorsteinsson | Sonja María Hreiðarsdóttir |
| M. Sigrún Þorsteinsdóttir | Arnar Birgisson |
| Halldóra Anna Þorvaldsdóttir | Magni Guðmundsson |
| Guðrún R. Þorvaldsdóttir | Magnús Sigurðsson |
| Tómas Þorvaldsson | Helga Norland |
| og barnabörn | |



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Bragi K. Norðdahl**

fv. flugstjóri,
Kópavogsbraut 1b, áður til heimilis að Þinghólsbraut 66, Kópavogi,

lést á Landakotsspítala mánudaginn 19. september sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Ingunn Runólfsdóttir Norðdahl | |
| Erna Norðdahl | Edward Finnsson |
| Kristín Norðdahl | Kristinn Guðmundsson |
| Björk Norðdahl | Bragi Hilmarsson |

barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fjóla Guðmundsdóttir**

frá Böðmóðsstöðum í Laugardal, áður húsfreyja að Auðbrekku í Hörgárdal,

lést á dvalarheimilinu Hlíð á Akureyri þriðjudaginn 20. september. Jarðarförin verður auglýst síðar.

| | |
|---|---|
| Karólína Stefánsdóttir | Höskuldur Höskuldsson |
| Guðmundur Valur Stefánsson | Adelia Santos Mondlane |
| Valþór Stefánsson | Anna Sigurbjörg Gilsdóttir |
| Lilja Stefánsdóttir | Hörður Hafsteinsson |
| Hildur Stefánsdóttir | Guðjón Magni Jónsson |
| Gunnhildur Fjóla Valgeirsdóttir | |

ömmubörn og langömmubörn.



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför*

**Friðbjörns Guðna Aðalsteinssonar**

Hlíðarvegi 18, Ólafsfirði.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki Dvalarheimilisins Hornbrekku, Ólafsfirði, fyrir kærleiksríka umönnun.

| | |
|---|---|
| Ásta Einarsdóttir | |
| Magnús Guðnason | |
| Klara Sveinbjörg Guðnadóttir | |
| Birgir Guðnason | Borghildur Sverrisdóttir |
| Eygló Guðnadóttir | Kristinn Gunnarsson |
| Ingi A. Guðnason | Sonja Einarsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn



†

*Þökkum innilega fyrir hlýhug, samúð og góðar kveðjur vegna andláts okkar elskulegu*

**Önnu Sigríðar Friðriksdóttur (Dúddu)**

Skúlagötu 20, Reykjavík.

Sérstaklega þökkum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Mörk fyrir góða umönnun og hlýju sl. eitt ár.

| | |
|---|---|
| Friðrik Dagsson | |
| María Dagsdóttir | Jón Ásbergsson |
| Jón Kr. Dagsson | Erla B. Einarsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Jóns Gísla Grétarssonar**

pípulagningameistara
Snægili 3b, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut og á gjörgæslu og lyfjadeild Sjúkrahússins á Akureyri, fyrir alúð og góða umönnun.

| | |
|---|---|
| Anna Kristín Guðjónsdóttir | |
| Róbert Freyr Jónsson | Anna Hlín Erlingsdóttir |
| Grétar Jónsson | |
| Brynjólfur Hjartarson | |
| Grétar Óttar Gíslason | |
| Margrét Vala Grétarsdóttir | Jón Gunnar Guðmundsson |
| Baldvin Þór Grétarsson | Jóhanna Sigríður Sigurðardóttir |
| Kristín Sigrún Grétarsdóttir | Hörður Már Guðmundsson |
| Anna María Grétarsdóttir | Erlendur Níels Hermannsson |
| og afabörnin | |



**HJÓLA Í SKÓLANN** Margrét Gestsdóttir, formaður afmælisnefndar, og Bryndís Valsdóttir umhverfisfulltrúi ásamt nemendum FÁ sem fjölmenntu á hjólum í skólann á fimmtudaginn var. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FJÖLBRAUTASKÓLINN Í ÁRMÚLA: 30 ÁRA

# Fjölbreytni í FÁ

Fjölbrautaskólinn við Ármúla fagnar þrjátíu ára starfsafmæli á morgun. Í tilefni þess verður opið hús og gestum og gangandi boðið að kynna sér starf skólans en FÁ sérhæfir sig meðal annars í menntun fólks til starfa í heilbrigðisþjónustu.

„Sérstaða skólans felst ekki síst í því að hann kemur inn á mörg svið heilbrigðisvísindanna. Dagskráin mun endurspegla það,“ segir Margrét Gestsdóttir, formaður afmælisnefndar. Skólastofur verða lagðar undir ýmsar uppákomur, sjúkraliðar verða að störfum með sjúklinga sem samnemendur þeirra leika og nuddarar bjóða gestum nudd, svo eitthvað sé nefnt. Einnig verða sérnámsbrautir skólans kynntar sérstaklega. „Í hópi nemenda okkar eru margir fatlaðir og hér er einnig nýbúadeild. Þetta er skóli fjölbreytninnar og það viljum við sýna á laugardaginn. Hingað eru allir velkomnir og við hlökkum sérstaklega til að sjá gamla nemendur á afmælishátíðinni,“ segir Margrét.

FÁ varð fyrstur framhaldsskóla á Íslandi til að fá Grænfánann og segir Margrét áherslu lagða á flokkun sorps og viðskólann. Einnig eru nemendur hvattir til að koma sér í skólann á umhverfisvænan hátt og í tilefni samgönguviku í Reykjavík fjölmenntu nemendur á reiðhjólum í skólann á fimmtudaginn var. „Við erum einn stærsti framhaldsskóli landsins og viljum vera í forystu í umhverfisverndarmálum á framhaldsskólastigi.“ Afmælisdagskrá FÁ hefst á morgun klukkan 14.

heida@frettabladid.is



## 90 ára

**Anna G. Sigurðardóttir**

Á miðvikudaginn 21. sept. varð Anna G. Sigurðardóttir níræð. Hún tekur á móti ættingjum og vinum í Félagslundi í Gaulverjabæ laugardaginn 24. september kl. 14-18.



## 90 ára afmæli

**Ásta Sigurðardóttir**

Lindargötu 61,
áður til heimilis að Skólagerði 6a, Kópavogi,
verður 90 ára 26. september næstkomandi. Af því tilefni tekur hún á móti vinum og vandamönnum, sem vilja samgleðjast henni á þessum tímamótum, að Gjábakka (félagsheimili eldri borgara) Fannborg 8, Kópavogi, sunnudaginn 25. september milli 14.30 og 17.30.



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu vegna andláts og útfarar*

**Stefáns Guðmundssonar**

fyrrverandi alþingismanns
Sauðárkróki.

| | |
|---|---|
| Ómar Bragi Stefánsson | María Björk Ingvadóttir |
| Hjördís Stefánsdóttir | Kristinn Jens Sigurþórsson |
| Stefán Vagn Stefánsson | Hrafnhildur Guðjónsdóttir |
| og barnabörn | |

Margrét Jónsdóttir og synir.


10 ÁRA
FROSTRÓSIR
færa þér jólin
KLASSÍK
Um landið
í Hörpu
Reykjavík
Akureyri
Einstök tónleikaveisla
í tilefni 10 ára
afmælis Frostrósa
bíður þín




## Hringferðin um landið

*Frostrósir sækja heim alla landshluta, í tilefni af 10 ára afmælinu, með glæsilegum jólatónleikum*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 29. nóv. | Ólafsvík | 7. des. | Vestmannaeyjar | 15. des. | Vopnafjörður |
| 30. nóv. | Akranes | 8. des. | Höfn | 16. des. | Ýdalir |
| 2. des. | Reykjanesbær | 13. des. | Egilsstaðir | 18. des. | Varmahlíð |
| 6. des. | Selfoss | 14. des. | Eskifjörður | 20. des. | Ísafjörður |
| | | | | 21. des. | Tálknafjörður |

FRIÐRIK ÓMAR • GARÐAR THÓR CORTES • HERA BJÖRK • MARGRÉT EIR • VALA GUÐNA

BARNAKÓRAR OG FÉLAGAR ÚR STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA UNDIR STJÓRN KARLS O. OLGEIRSSONAR.

## 10 ára afmælistónleikar Frostrósa

Eldborg Hörpu 3.-5. desember

EIRÍKUR HAUKSSON • EIVØR • ERNA HRÖNN • FRIÐRIK ÓMAR • GARÐAR THÓR CORTES • GISSUR PÁLL • GUÐRÚN ÁRNÝ • GUÐRÚN GUNNARS HEIÐA ÓLAFS • HERA BJÖRK • JÓHANN FRIÐGEIR • MARGRÉT EIR • RAGNAR BJARNASON • RAGNHEIÐUR GRÖNDAL • REGÍNA ÓSK • STEFÁN HILMARSSON • VALA GUÐNA • VÉDÍS HERVÖR

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA • KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR • VOX FEMINAE • STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR • ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN GOSPELRADDIR DOMUS VOX • BARNAKÓR FROSTRÓSA.

TÓNLISTARSTJÓRI: KARL O. OLGEIRSSON • STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON

*Allir helstu söngvarar Frostrósa frá upphafi flytja öll vinsælustu lögin á óviðjafnanlegum tónleikum í nýrri og glæsilegri umgjörð!*



**Tómasarmessa** verður haldin í hundraðasta sinn í Breiðholtskirkju á sunnudaginn klukkan 20. Fyrsta messan var haldin 28. október 1997. Tómasarmessan einkennist af fjölbreytilegum söng og tónlist, mikil áhersla er lögð á fyrirbænaþjónustu og sömuleiðis á virka þátttöku leikmanna.



FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Brynja Dan Gunnarsdóttir brynjadan@365.is 512 5465 Snorri Snorrason snorris@365.is 512 5457




Sigurður K. Laufdal Haraldsson, yfirmatreiðslumaður á VOX, er matreiðslumaður ársins.

# Hreindýr fyrir töffara



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sigurður Kristinn Laufdal Haraldsson, annar yfirmatreiðslumannanna á veitingastaðnum VOX, er nýkjörinn matreiðslumaður ársins, en hann lenti í þriðja sæti í keppninni í fyrra. VOX var sigursælt að þessu sinni, en Fannar Vernharðsson, hinn yfirmatreiðslumaðurinn, hreppti þriðja sætið. Þá nældi þjónaneminn Elín Bogga Þrastardóttir í titilinn framreiðslunemi ársins.

Ungur aldur Sigurðar vekur athygli, en hann er einungis 23 ára gamall. Hann á þó áralangan starfsferil að baki. „Ég byrjaði á samningi á sextánda ári og útskrifaðist sem matreiðslumaður haustið 2008," segir Sigurður, sem hefur unnið á VOX í tvö ár og kann því vel.

„Við leggjum áherslu á nýnorræna matargerð og reynum að nota hráefni sem er sem næst upprunanum. Við tínum til að mynda okkar eigin sveppi og notum eigin rabarbara, svo dæmi séu nefnd." Sigurður segir hreindýratímann genginn í garð og gefur dýrindis uppskrift þar sem hvönn og rabarbari leika stórt hlutverk. „Ég held að tarfar og töffarar landins verði ánægðir með þessa."

vera@frettabladid.is

## HREINDÝR MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KÓNGASVEPPUM, ASPAS OG RABARBARASULTUNNI HANS RAGGA PÉ

**Rabarbarasulta**
500 g rabarbari
Sykur
Hvönn
Villtur kerfill

*Rabarbari skorinn í bita og settur í pott. Sykri sáldrað yfir. Litlir hvannar- og kerfilstilkar fínt saxaðir (ca. 2 af hvoru) og settir út í. Hitað upp að suðu. Látið malla við lágan hita í um 10 mínútur eða þar til sultan er ljósbleik. Hvannar- og kerfilslauf sett út í á meðan hún kólnar og síðan tekin úr.*

**Hvannar- og kóngasveppasósa**
0,5 l gott kjúklingasoð
4 laukar
1 hvítlauksrif
Svört piparkorn
1 hvannarstilkur með laufum
1 askja Flúðasveppir
Kóngasveppaafskurður
1 dl eplaedik

*Laukur og hvítlaukur gróft saxaðir. Svitaðir í potti. Svörtum piparkornum og lárviðarlaufi bætt í. Eplaedikinu bætt út í og soðið niður. Kjúklingasoðinu hellt út á, gróft skornum sveppunum bætt við og soðið niður um helming. Þá*



*er hvönnin marin og bætt út í í 5 mínútur. Sósan sigtuð.*

**Hvannarkartöflur**

*Nýtt íslenskt kartöflusmælki er soðið í söltu vatni með slatta af hvönn og nokkrum piparkornum. Kartöflurnar steiktar með hýðinu upp úr smjöri og nokkrum hvannarblöðum.*

**Hreindýr**

*Steikin krydduð með salti og pipar og brúnuð í olíu á pönnu. Klípa af köldu smjöri sett út á í lokin. Steikin þarf að ná kjarnhitanum 45-50°C (í ofni ef þarf) og hvíla í 5 mínútur áður en hún er borin fram. Allt sett fallega upp á diska ásamt smjörsteiktum aspas og kóngasveppum.*





**Hönnunarsagnfræðingurinn** Elísabet V. Ingvarsdóttir mun ganga um sýningu Hönnunarsafnsins á Hlutunum okkar með safngestum á sunnudaginn klukkan 14. Á sýningunni hefur verið lögð áhersla á að sýna íslensk húsgögn frá ólíkum tímabilum síðustu aldar og grafískar hönnun, íslenska leirlist og nýlega vöruhönnun.

ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál



GÆÐAFISKUR
**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Um helgar er hressandi að fara með fjölskylduni í sund. Þá getur verið gaman að prófa eitthvað nýtt. Á vefsíðunni www.sundlaugar.is er hægt að skoða úrvalið af öllum sundstöðum á landinu.

www.sundlaugar.is



„Heiðnin var alveg sprellifandi og er lifandi enn í dag," segir Þór Tulinius sem frumsýnir einleikinn Blótgoða – uppistand um heiðingja í Landnámssetrinu í Borgarnesi annað kvöld.

# Kristnitakan skoðuð frá sjónarhóli heiðingjanna

**Þór Tulinius verður á sviðinu á Sögulofti Landnámsseturs annað kvöld með frumsýningu á eigin einleik sem nefnist Blótgoðar – uppistand um heiðingja. Leikstjóri er Peter Engkvist og hefst sýningin kl. 20.**

„Þetta verk fjallar um kristnitökuna á Íslandi út frá sjónarhóli heiðingjanna," segir Þór Tulinius leikari um einleikinn Blótgoða – uppistand um heiðingja, sem hann skrifaði og leikur. Einleikurinn verður frumsýndur í Landnámssetrinu í Borgarnesi annað kvöld, klukkan 20. „Það var upphaflega lagt í þessa för til að reyna að varpa ljósi á hugarheim heiðingja fyrir og í kringum kristnitöku. Það er nefnilega frekar óljóst hvernig þeir tóku þessari breytingu, og því oft haldið fram að kristnitakan hér hafi gengið fyrir sig án blóðsúthellinga vegna þess að fólk hafi verið hálf trúlaust hvort eð var. Á þessu ferðalagi mínu um hugarheim heiðinna manna kemst ég hins vegar að þeirri niðurstöðu að þeir hafi raunar verið mjög trúaðir," segir Þór. „Heiðnin var alveg sprelllifandi og er lifandi enn í dag."

Leikstjórinn, Peter Engkvist, hefur sett upp margar sýningar hérlendis, meðal annars einleikinn Mr. Skallagrímsson sem naut fádæma vinsælda. „Hann er frábær leikstjóri," segir Þór. „Okkar samstarf hefur gengið mjög vel og verið skemmtilegt."

Þrjú ár eru síðan Þór sást síðast á sviði en hann hefur þó ekki setið auðum höndum þessi ár. „Ég setti upp sýningu hjá Riksteatern í Svíþjóð, var að setja upp úti á landi hér á Íslandi, að skrifa þetta verk og fleira, þannig að það var nóg að gera," segir hann og hlær. Og hlær enn meira þegar hann er spurður hvernig tilfinning það sé að standa á sviði aftur.

„Hún er ágæt, en mér finnst þetta nú engin stór hvörf á mínum ferli. Þetta er samt aðeins öðruvísi og óskaplega skemmtileg upplifun."

*fridrikabfrettabladid.is*

TILBOÐ - TILBOÐ - TILBOÐ



**Þessi** og ýmsir aðrir í 90 D skál á kr. 2.000,- **stakar buxur** á kr. 1.000,-
Misty - fyrir allar konur
**Laugavegi 178 - Sími: 551 3366**
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugardögum 10-14.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Nýju haustvörurnar streyma inn



Flott föt fyrir flottar konur,
belladonna
Stærðir 40-60.
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is

Kaka.is
**Nú er tækifæri fyrir bakara**
**Kaka.is til sölu**
Stór myndaprentari prentar á marzipan
Myndasafn
Heimasíða með sölukerfi og lén kaka.is
Hentar vel sem kvöld og helgarvinna
Verðtilboð
Tilboð sendist á soh@simnet.is





Á sunnudaginn klukkan 15 mun sýningarstjórinn Birta Guðjónsdóttir leiða gesti um nýlega opnaða sýningu Hafnarhússins, Hraðari og hægari línur. Með henni í för verður listaverkasafnarinn og eigandi verkanna á sýningunni, Pétur Arason. Á sýningunni, sem dregur nafn sitt af samnefndu verki Kristjáns Guðmundssonar, er gaumur gefinn að hinu víðfeðma fyrirbæri teikningarinnar í gegnum valin tví- og þrívíð verk eftir um sjötíu og fimm íslenska og erlenda myndlistarmenn.

www.listasafnreykjavikur.is

# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 23. september 2011

## ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR

Slær í gegn sem pörupiltur

- ÍSLENSK HÖNNUN Á BÓKAMESSU
- INNLITIÐ
- TÍSKAN



VERÐ
Kr. 10.950
HLJÓÐLÁTUR FLAKKARI

1 TB FLAKKARI

WD Elements
1TB flakkari með hljóðlátum WD Green Power disk. USB 2.0. Windows og Mac.

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

# núna

✻ Fallegir haustdagar



**RAUÐAR VARIR** Rouge serum-varaglossinn frá Dior mýkir bæði varirnar og gefur þeim fallegan rauðan lit. Glossinn er fullkominn fyrir haustið þegar varaþurrkurinn lætur á sér kræla því hann kemur í veg fyrir sprungnar varir en er þó sparilegur.

## meðmælin

### Ljúf stund með Trier

Kvikmyndin Melancholia eftir danska leikstjórann Lars von Trier sló í gegn á Cannes-kvikmyndahátíðinni í vor. Myndin þykir einstök og leikkonan Kirsten Dunst var valin besta leikkonan á Cannes-hátíðinni í ár. Myndin segir frá sambandi tveggja systra. Önnur þeirra er við það að ganga í hjónaband en glímir einnig við streitu og þunglyndi. Allt tekur síðan nýja stefnu þegar reikistjarna ógnar öllu lífi á jörðinni með yfirvofandi árekstri. Myndin er afskaplega falleg og sagan í senn mögnuð og sorgleg.



### Sagan endalausa

Kvikmyndin The NeverEnding Story er í uppáhaldi hjá mörgum og nú gefst fólki tækifæri til að sjá þessa klassík á stórum skjá í ævintýralegu umhverfi. Myndin verður sýnd annað kvöld í Laugardalslaug í tengslum við RIFF-hátíðina og mun Mr. Silla leika sína útgáfu af hinu vinsæla titillagi myndarinnar áður en sýning hefst. Sýningin hefst klukkan 20.00 og kostar 1.100 krónur inn. Miðasala fer fram í verslunum Eymundsson, Bíó Paradís og á vef RIFF.



Sonja Bent fatahönnuður er stödd á Bókamessunni í Frankfurt:

# GOTT AÐ KOMAST Í BJÓR OG SAUERKRAUT

Sýning á íslenskri hönnun og list fer nú fram í Nytjalistasafninu í Frankfurt í tengslum við Bókamessuna, en Ísland og íslensk menning er þar í brennidepli í ár.

Um sextíu íslenskir hönnuðir sýna vörur sínar á sýningunni, sem ber heitið On the Cutting Edge – Design in Iceland, en einnig verður opin vinnustofa sem og „pop up"-verslun þar sem seld verður íslensk hönnun. Sonja Bent er á meðal þeirra hönnuða sem héldu utan á miðvikudaginn var og tekur þátt í vinnustofunni auk fimm annarra hönnuða. „Þetta er mjög spennandi verkefni og það er gaman að fá tækifæri til að vinna með bæði íslenskum og þýskum hönnuðum. Ávöxtur samvinnunnar verður síðan frumsýndur á Hönnunarmars á næsta ári," segir Sonja, en ásamt henni munu Tinna Gunnarsdóttir, Steinunn Vala Sigfúsdóttir, Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir og Stefán Pétur Sólveigarson verða með í vinnustofunni.

Vörur hönnuðanna verða síðan fáanlegar í „pop up"-verslun sem komið var á laggirnar fyrir hátíðina. „Það er mikið úrval af doppóttum peysum og sokkum í Frankfurt þessa stundina," segir Sonja og á þar við sína eigin hönnun, sem er bæði litrík og vel doppótt.

Hún segist afskaplega þakklát fyrir að hafa fengið boð á sýninguna, enda sé hún ávallt vel sótt. „Þetta gefur aukinn kraft því maður finnur að einhver hefur áhuga á hönnun manns. Við kynnumst líka ungum þýskum hönnuðum í leiðinni og það finnst mér ofsalega gaman líka. Svo var ekki slæmt að komast út í þýskan bjór, sauerkraut og wienerschnitzel," segir hún að lokum. - sm



**Sýnir í Frankfurt** Sonja Bent er stödd á Bókamessunni í Frankfurt, þar sem hún tekur þátt í sýningunni On the Cutting Edge – Design in Iceland. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








**Leyndardómsfullur** Tom Ford sýndi sína aðra línu í London um síðustu helgi. Mikil leynd hvíldi yfir henni. NORDICPHOTOS/GETTY

Tom Ford sýnir sína aðra fatalínu:

# Leyndardómsfullur fatahönnuður

Hönnuðurinn Tom Ford sýndi sína aðra línu í Victoria í London um liðna helgi. Mikil leynd hvíldi yfir þessari sýningu eins og þeirri fyrstu og fengu aðeins fáir útvaldir að vera viðstaddir hana. Meðal þeirra sem sóttu sýninguna voru nöfn eins og Anna Wintour, Anna Dello Russo, Carine Roitfeld og Glenda Bailey. Carmen Kass, Anja Rubik og Abbey Lee voru á meðal þeirra fyrirsæta sem sýndu fyrir Ford.

Samkvæmt tískuskríbent The Telegraph innihélt línan víðar blússur í anda Mið-Austurlanda, þröng, hnésíð pils, himinháa hæla og þröngar buxur. Þeir sem sóttu sýninguna héldu flestir vart vatni en blaðamaður The Guardian sagði línuna ekki vera þá bestu sem hann hefði séð frá Ford. - sm

## augnablikið



**SMEKKLEG** Fyrirsætan og leikkonan Rosie Huntington-Whiteley mætti í þessum fallega kjól í veislu sem haldin var til heiðurs ljósmyndaranum Mario Testino á Park Lane-hótelinu í London á mánudaginn var. NORDICPHOTOS/GETTY


Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Fylgstu með **föstudagur**

**Auglýsendur vinsamlegast hafið samband: Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is**



föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000


NÝTT
Ný sýn á fullkomna húð.
VISIONNAIRE
[LR 2412 4%]
Hrukkur, húðholur og ójöfnur.
Prófað á 4 húðgerðum.
LANCÔME
VISIONNAIRE
LANCÔME
PARIS

# innlit

✻ Kvöldstund með kerti



**NÝ BÚÐ Í SMÁRALIND** Verslunin Karakter verður opnuð klukkan 14 í dag í Smáralind en klukkan 16 verður sérstakt opnunarteiti. Allar vörur verða á 20% afslætti og veitingar fyrir gesti og gangandi. Búðin er ætluð konum yfir 25 ára aldri. Þarna má finna merki á borð við hina dönsku Malene Birger, Soaked in Luxury, bzr og Saint Tropez. Einnig verða skór frá merkinu Mentor, ilmkerti og sápur svo eitthvað sé nefnt.



**Uppáhaldsflíkin** Röndótti Vivienne Westwood-kjóllinn er fallegur og þægilegur. Það er mjög gott að syngja í honum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kristínu Bergsdóttur líður vel í íbúðinni sinni í Þingholtunum:

## Afslappað og *litríkt heimili*

Kristín Bergsdóttir starfar sem söngkona, danskennari í Kramhúsinu, dagskrárgerðarkona og starfsmaður skóverslunarinnar Kron. Kristínu var nýverið úthlutaður listamannabústaður í Stokkhólmi og hyggst hún nota tímann í Svíþjóð til að semja tónlist fyrir næstu hljómplötu sína og halda nokkra tónleika fyrir heimamenn. Hún er búsett í litríkri og fallegri íbúð í Þingholtunum og bauð Föstudegi að reka inn nefið og svipast um.

***Aldur:*** 28 ára.

***Í hvaða hverfi býrðu og hver er helsti kostur hverfisins?*** Ég bý í Þingholtunum. Það er frábært að búa í því hverfi vegna þess að ég get sinnt næstum öllum mínum erindum fótgangandi og þar er líka svo fjölbreytt og skemmtilegt mannlíf.

***Hvað einkennir heimili þitt?*** Heimilið mitt er afslappað og litríkt.

***Hvar líður þér best í íbúðinni?*** Mér líður vel hvar sem er í íbúðinni minni en ef ég á að velja einn stað þá er það svefnherbergið, þar er algjör ró og friður.

***Hvernig er týpískur laugardagsmorgunn hjá þér?*** Mér finnst best að vakna í rólegheitunum, útbúa góðan morgunverð, fara í sund eða göngutúr og svo í afródans í Kramhúsinu.



**Litrík peysa** Soniu Rykiel-peysan mín er litrík og notaleg. Ég á mjög mikið af fötum og þau eru yfirleitt úti um allt.






**Uppáhaldshluturinn** Blómalampinn minn. Pabbi gaf mömmu hann í jólagjöf fyrir 25 árum, mér finnst hann svo fallegur þannig að hann hefur verið á náttborðinu mínu í 15 ár.



**Uppáhaldsskartið** Þennan fallega hring smíðaði Sandra Erlingssdóttir vinkona mín fyrir mig þegar ég gekk að eiga manninn minn núna í sumar.


By Malene Birger
BZR by bruuns bazaar
Boris
Great Plains
Saint Tropez
Siste's
Siste's More
Soaked in Luxury
Sunlight
NÝ STÓRGLÆSILEG VERSLUN OPNAR Í DAG KL. 14
í Smáralind
KARAKTER
KONUR
Smáralind | s.512 1744 | www.ntc.is | erum á facebook

# NONNI BÖ OPNAÐI NÝJAR V

*Alexía Björg Jóhannesdóttir* **leikkona hefur slegið í gegn í hlutverki Nonna Bö í leiksýningunni Uppnámi sem sýnd er í Leikhúskjallaranum. Hún segist vera Hólmari og Hafnfirðingur og er komin af ætt Víkurgötuvarganna.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Myndir:* Anton Brink

Ég er fædd í Stykkishólmi, fallegasta bæ á Íslandi, og bjó þar fyrstu sjö árin, flutti svo í skamman tíma á Ísafjörð og eftir það ól ég manninn í Hafnarfirði og er því Hafnfirðingur og Hólmari. Stykkishólmur er mér þó sérstaklega kær og þar á ég mjög stóra fjölskyldu. Pabbi á tíu systkini og þau voru kölluð Víkurgötuvargarnir því þau ólust upp á Víkurgötu," segir Alexía

Foreldrar hennar búa nú í Búðardal þar sem pabbi hennar starfar sem lögreglumaður og mamma hennar vinnur við grunnskólann. Alexía á tvo eldri bræður sem hún segist hafa orðið óspart fyrir barðinu á þegar hún var yngri. „Annar bróðir minn er bóndi og rekur býli með hestum, hænum, rollum og hvað eina en hinn bróðir minn er verslunarstjóri í bænum. Þannig að við systkinin höfum öll valið okkur mjög ólíkan starfvettvang."

## SETTI UPP TÍSKUSÝNINGAR

Alexía fékk snemma mikinn áhuga á leiklist og gekk til liðs við unglingadeild Leikfélags Hafnarfjarðar þegar hún var fjórtán ára. Hún starfaði svo innan leikfélagsins í níu ár eða allt þar til hún hóf nám í leiklist við Arts Educational í London. „Þegar ég var yngri tók ég þátt í öllum skólaleikritum og fannst athygli hreint ekki leiðinleg. Ég gat verið alveg óþolandi þegar vinir foreldra minna komu í heimsókn og hélt þá tískusýningar fyrir þá. En ég smitaðist fyrst af alvöru af leiklistarbakteríunni þegar ég gekk til liðs við Leikfélag Hafnarfjarðar og ég held að tími minn þar hafi verið ofsalega góður grunnur fyrir leiklistarnámið."

Arts Educational hélt prufur hér á landi og var Alexía ein af sex Íslendingum sem fengu inngöngu í leiklistardeild skólans. Hún varð sér úti um lán fyrir náminu og hélt því næst út á vit ævintýranna. „Kennararnir lögðu mjög mikið upp úr því að við lærðum enskuna almennilega og töluðum með almennilegum breskum hreim. Við vorum í endalausum aukatímum til að ná almennilegum tökum á tungumálinu. Ég man að á öðru árinu mínu skipaði rússneskur kennari mér að læra muninn á framburði s, sh og z yfir helgina. Ef ég næði því ekki yrði ég aðeins sett í hlutverk þjónustustúlkunnar á lokaárinu. Þannig að ég eyddi helginni í að þylja upp „She sells sea-shells by the seashore. The sea-shells she sells are sea-shells I'm sure" og náði þessu að lokum," rifjar Alexía upp.

Að útskrift lokinni ákvað hún að dvelja áfram í London og reyna fyrir sér í leiklistinni þar. „Mánuðina eftir útskrift var ég verkefnalaus leikkona sem vann á kvöldin á sveittum enskum bar. Lífið í London var allt öðruvísi eftir útskrift. Bekkurinn minn hafði splundrast í allar áttir og allt í einu var maður einn eftir, dapur og einmana að vinna á bar og þá ákvað ég að flytja heim."



**BJART FRAMUNDAN** Alexía Björg Jóhannesdóttir, leikkona, tekur þátt í tveimur uppsetningum í Borgarleikhúsinu í vetur, Beðið eftir Godot og í hlutverki pörupiltsins Nonna Bö í leiksýningunni Uppnám.

## DRAUMAHLUTVERKIÐ EKKI BUNDIÐ VIÐ KYN

Við heimkomuna beið hennar hlutverk í leikritinu Saumastofunni og síðar setti Alexía upp sýninguna Riðið inn í sólarlagið ásamt bekkjarsystur sinni. Sýningin fékk góða dóma en fékk þrátt fyrir það dræma aðsókn. „Við sem stóðum að sýningunni enduðum með tvær milljónir í mínus. Við vorum ung og gröð á þessum tíma og þráðum ekkert annað en að leika. Við fórum í samstarf við Borgarleikhúsið en fengum enga styrki og enduðum því í brjáluðum mínus þegar sýningin stóð ekki undir sér. En maður sér ekki eftir því að hafa sett sýninguna upp. Peningur er bara peningur."

Alexía er nú verkefnabundin hjá Borgarleikhúsinu og tekur þátt í tveimur uppsetningum í leikhúsinu í vetur, Beðið eftir Godot og Kirsuberjatrénu. „Það eru átta ár síðan ég útskrifaðist og allt í einu núna er allt að gerast, þannig að það eru spennandi tímar fram undan. Beðið eftir Godot er mikil klassík og við Sólveig Guðmundsdóttir fengum þá hugmynd að Pörupiltarnir okkar myndu setja þá sýningu upp," segir Alexía og á þar við pörupiltana Nonna Bö og Dóra Maack sem koma fram í Uppnámi sem sýnt er í Þjóðleikhúskjallaranum út september.

Spurð út í sitt fyrsta stóra hlutverk segir Alexía það hafa verið aðalhlutverkið í Frúnni frá hafinu eftir Henrik Ibsen, en sýningin var jafnframt útskriftarsýning hennar frá Arts-ED. „Mér þykir ofsalega vænt um það hlutverk enda barðist ég mikið fyrir því. Við þurftum að fara í prufur fyrir sýninguna

> *Þegar ég var yngri tók ég þátt í öllum skólaleikritum og fannst athygli hreint ekki leiðinleg. Ég gat verið alveg óþolandi þegar vinir foreldra minna komu í heimsókn og hélt þá tískusýningar fyrir þau.*

og eftir tveggja vikna bið var lista skellt upp á vegg þar sem fram kom hver átti að leika hvaða hlutverk. Margir fóru að gráta en ég grét af gleði og öskraði af hamingju. Þetta var svolítið eins og sena úr kvikmyndinni Fame."

Aðspurð segist Alexía ekki eiga sér neitt draumahlutverk og tekur fram að persóna pörupiltsins Nonna Bö hafi opnað fyrir henni áður óþekktar víddir innan leiklistarinnar. „Draumahlutverkið þarf ekki endilega að vera kvenhlutverk, ég gæti allt eins leikið karlmann. Þannig að möguleikarnir eru óendanlegir," segir hún og brosir.

## SONURINN SVER SIG Í VÍKURGÖTUVARGSÆTTINA

Alexía giftist alþingismanninum Guðmundi Steingrímssyni við fallega athöfn í sumar. Parið á saman tveggja ára gamlan son auk þess sem Guðmundur á sjö ára dóttur frá fyrra sambandi. Systkinin eru að sögn Alexíu mjög ólík og mun sonurinn sverja sig í Víkurgötuvargsættina svokölluðu. „Systkinin eru mjög ólík en bæði miklir snillingar. Edda Liv er hvers manns hugljúfi og ofsalega góð stór systir. Jóhannes Hermann er aftur á móti mikill vargur en líka rosalega ljúfur og mikið fyrir faðmlög. Hann er reyndar svolítill kraftakarl og slasar mig stundum óvart með faðmlögunum. Um daginn gaf hann mér blóðnasir eftir eitt faðmlagið og á meðgöngunni rifbeinsbraut hann mig því hann sparkaði svo fast."

MEZINA
ROSEBERRY
Nýtt og áhrifaríkt efni fyrir þvagfærin
Öflugt þrívirkt fæðubótarefni sem slegið hefur í gegn á Norðurlöndunum
ROSEBERRY inniheldur þykkni úr trönuberjum ásamt hibiscus og C-vítamíni. Þessi þrívirka blanda hefur reynst vel við þvagfæravandandamálum.
2-3 töflur á dag fyrir svefn


Innflutningsaðili: Gengur vel ehf.
Fæst í apótekum heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

# APÓTEK

FÖSTUDAGUR **23. SEPTEMBER 2011**


## Kynningarblað

**Fjölbreytt vöruúrval**
**Sérsniðnir skammtar**
**Heimsending**
**Gott aðgengi**
**Reynsla**
**Persónuleg þjónusta**



NORDICPHOTOS/GETTY


## Óttastu að þyngjast ef þú hættir að reykja?

Sýnt hefur verið fram á að notkun Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmís í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu hjá þeim í kjölfar þess að reykingum er hætt.





Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí með piparmintu- og ávaxtabragði

**nicorette®** Auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, óméðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

nicorette nicotin

# Áhersla á gott AÐGENGI OG lyfjaskömmtun

**Lyfjaborg er nýtt apótek á gömlum grunni sem opnaði að Borgartúni 28 í byrjun maí.**

„Við þjónum að sjálfsögðu öllu höfuðborgarsvæðinu en leggjum sérstaka áherslu á svæðin í næsta nágrenni við apótekið eins og Túnin, Teigana og Kleppsholtið. Við erum í alfaraleið á góðum stað í Borgartúninu. Þá má nefna að strætó stoppar næstum beint fyrir utan hjá okkur“ segir eigandinn Hanna María Siggeirsdóttir. Hún hefur ekki gefist upp fyrir keðjunum en er búin að vera lengi í apóteksrekstri og skólað margann lyfjafræðinginn.



Hanna María Siggeirsdóttir.

„Viðskiptahættir fólks hafa breyst og hverfisapótek eru ekki jafn algeng og áður. Fólk leggur meira upp úr góðu aðgengi fyrir bíla og við getum boðið upp á næg bílastæði og aðgengi fyrir fatlaða“, bætir hún við.

Beðin um að nefna sérstöðu apóteksins segir Hanna María Lyfjaborg leggja mikla áherslu á lyfjaskömmtun og persónulega þjónustu, og auðvitað samkeppnishæf verð. Að ógleymdu góðu vöruúrvali af vönduðum vörum. „Það er ekkert apótek sem skammtar jafn mikið í þynnur og við gerum en þannig hjálpum við fólki að halda utan um lyfjanotkunina. Dagskömmtunum er skipt í allt að fjóra hluta en í hverri þynnu er vikuskammtur. Skammtarnir eru sérsniðnir fyrir hvern og einn og er auðvelt að gera breytingar. Þjónustan er viðskiptavinum að kostnaðarlausu, og auk þess frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu.“

> **Þá leggjum við upp með lipurð í þjónustu og dekrum við viðskiptavini okkar.**

Hanna María segir fólk geta komið með lyfseðla, lyf og vítamín, ef því er að skipta, og fengið aðstoð við að deila þeim niður á daginn. Skammtarnir eru svo afhentir samdægurs. Hanna María segir fólk á öllum aldri nýta sér þessa þjónustu. „Margir okkar viðskiptavina eru vissulega eldri borgarar og fólk á sambýlum, svo dæmi séu nefnd, en einnig yngra fólk. Margir taka til dæmis mikið af vítamínum sem er gott að fá aðstoð við að dreifa skynsamlega yfir daginn, enda fara þau ekki öll vel saman.“

Hanna María segir auk þess mikið úrval af hjúkrunarvörum, snyrtivörum og barnavörum auk þess sem boðið er upp á blóðþrýstings og blóðsykursmælingar. „Þá leggjum við upp með lipurð í þjónustu og dekrum við viðskiptavini okkar.“



Hanna María segir mikla áherslu lagða á lipra þjónustu í Lyfjaborg. MYND/VALLI




Lyfjaborg, sem áður hét Laugarnesapótek, flutti í Borgartún í byrjun maí.




Garðs Apótek er við Sogaveg 108 og því í alfaraleið í miðju höfuðborgarsvæðisins. MYND/ HAG



Haukur Ingason apótekari keypti Garðs Apótek árið 2006.



Apótekið tók til starfa árið 1956 og fagnar því 55 ára afmæli í ár.

# Miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu

**Garðs Apótek er einkarekið apótek sem býður upp á lágt lyfjaverð og góða þjónustu. Apótekið er á Sogavegi 108 og því í alfaraleið í miðju höfuðborgarsvæðisins.**

Garðs Apótek tók til starfa í október 1956 og fagnar 55 ára afmæli í næsta mánuði. Apótekið byggir því á gömlum meiði og mikilli reynslu sem viðskiptavinir kunna að meta. Fyrst var Garðs Apótek að Hólmgarði 34, þaðan sem það dregur nafn sitt, en var síðar flutt að Sogavegi 108 þar sem það er nú. Stofnandi og fyrsti lyfsali Garðs Apóteks var Mogens A. Mogensen og rak hann apótekið til loka árs 1984 er Örn Ævarr Markússon tók við og var lyfsali til loka árs 1997. Jón R. Sveinsson tók þá við apótekinu og rak apótekið til 1. ágúst 2006 er núverandi apótekari, Haukur Ingason, keypti apótekið og tók við lyfsöluleyfinu.

Einn af höfuðkostum Garðs Apóteks er hagstætt lyfjaverð en lyfjaverð í Garðs Apóteki er mun lægra en í stóru lyfjakeðjunum. Bæði eru lyfseðilsskyld lyf ódýrari í Garðs Apóteki en í keðjunum sem og lyf sem seld eru án lyfseðils. Þá þykir einnig mörgum mikill kostur hversu miðsvæðis apótekið er. Það stendur á gatnamótum Sogavegar og Réttarholtsvegar og er örstutt frá Miklubrautinni. Apótekið er því í leiðinni fyrir marga sem er kostur nú á tímum rafrænna lyfseðla þar sem auðvelt er að sækja lyfin hvert sem er. Þeir sem ekki eiga heimangengt geta fengið lyfin send heim. Garðs Apótek býður einnig upp á póstsendingar um allt land þegar annað er óhjákvæmilegt.

Garðs Apótek býður upp á lyfjaskömmtun í skammtabox fyrir þá sem þess óska. Yfirleitt er skammtað til fjögurra vikna í einu. Ekki er tekið gjald fyrir skömmtunina né heldur boxin sem notuð eru.

Garðs Apótek er opið frá klukkan 9 til 18 virka daga en lokað um helgar. Nánari upplýsingar er að fá í síma 568 0990 og á vefsíðunni www.gardsapotek.is.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462. Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# VÍTAMÍN &BÆTIEFNI

**Kynningarblað** Íslenskt hugvit, lífrænt og náttúrulegt, fitubrennsluefni, vinsæl vörumerki, ströng gæðaskilyrði, gott úrval






Svavar leggur ríka áherslu á að segja viðskiptavinum hvernig á að nota vörurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hydroxycut Hardcore loksins fáanlegt á Íslandi

**Fitubrennsluefnið Hydroxycut Hardcore, sem er söluhæsta brennsluefni í heimi, er nú fáanlegt í Fitness Sport. Nokkur ár hefur tekið að fá það samþykkt en nú eru öll tilskilin leyfi fyrir hendi.**

Við höfum verið umboðsaðilar fyrir Hydroxycut-fitubrennsluefnin í tíu ár og hafa þau verið vinsælustu fitubrennsluefnin á Íslandi allar götur síðan. Fyrir nokkrum árum kom á markað erlendis ný og sterkari útgáfa sem heitir Hydroxycut Hardcore. Hún var leyfð alls staðar í Evrópu en það var ekki fyrr en í síðasta mánuði sem við fengum samþykki matvælaeftirlitsins eftir að hafa lagt fram alls kyns gögn og sannanir um að það væri fullkomlega hættulaust. Það er nú viðurkennt af Heilbrigðiseftirlitinu, Lyfjaeftirlitinu og Matvælastofnun eins og önnur fæðubótarefni sem við seljum," segir Svavar Jóhannsson, eigandi Fitness Sport.

Fyrir þremur árum lét Svavar gera Gallup-könnun þar sem í ljós kom að 70 prósent þeirra sem notuðu fitubrennsluefni völdu Hydroxycut. „Síðustu ár hefur síðan verið mikill áhugi fyrir Hydroxycut Hardcore, en það er vinsælasta fitubrennsluefnið í Bandaríkjunum og margir þekkja til þess. Það er því gaman að geta loksins haft það á boðstólum."

En hvernig virkar efnið? „Það eykur hitastig líkamans og þar af leiðandi eykst grunnbrennslan, sem þýðir á mannamáli að fólk brennir fleiri hitaeiningum en ella. Fólk léttist að jafnaði um hálft til eitt kíló á viku. Um leið dregur efnið úr matarlyst og sykurlöngun," útskýrir Svavar.

Fitness Sport, sem er til húsa að Faxafeni 8, er þrettán ára gömul verslun. „Þó að það teljist kannski ekki hár aldur erum við með þeim elstu í bransanum, enda er fæðubótarbransinn ekki gamall hér á landi. Við flytjum inn fæðubótarefni, æfingatæki og allt sem snýr að líkamsrækt. Þá erum við með heildverslun og seljum vörur okkar um allt land."

Svavar segir starfsmenn Fitness Sport leggja ríka áherslu á að leiðbeina viðskiptavinum með hvernig sé best að nota vörurnar. „Fólk langar kannski að kaupa kreatín, prótín eða fitubrennsluefni til að hjálpa sér í ræktinni en veit ekki hvernig er best að taka það inn. Fólk hefur mismunandi markmið og vilja sumir þyngjast á meðan aðrir vilja léttast. Við ráðleggjum fólki hvenær best er að taka efnin inn og hvernig er best að gera það með tilliti til æfinga og mataræðis."

> **Fæðubótarefnin flýta fyrir árangrinum og eru því skemmtilega hvetjandi.**

En er nauðsynlegt að taka inn fæðubótarefni? Er ekki alveg eins hægt að borða næringarríkan mat? „Ég er einmitt oft spurður að þessu og svarið er nei, það er ekki nauðsynlegt að taka inn fæðubótarefni. Það er hægt að fá það sem til þarf úr matnum en því miður er mataræði flestra ekki nærri því jafn næringarríkt, og umfram allt prótínríkt, og það var fyrir nokkrum áratugum þegar fólk borðaði mun meiri fisk, egg og kjöt. Nú er mun meira um næringarsnauðan mat og því getur verið nauðsynlegt fyrir þá sem æfa mikið að bæta við sig. Það er hægt að ná sama árangri með því að borða góðan mat en það tekur lengri tíma. Fæðubótarefnin flýta fyrir árangrinum og eru því skemmtilega hvetjandi."




**CELL-TECH**
**Vinsælasta kreatínblandan** okkar og það allra besta ef ætlunin er að styrkjast og byggja upp vöðva á methraða.




**MUTANT MASS**
**Þyngingarprótín fyrir** þá sem eiga erfitt með að bæta á sig þyngd eða eru að stíga upp úr veikindum og þurfa að ná upp þreki og styrk.




**ISOSTAR**
**Kolvetnablanda í** hæsta gæðaflokki fyrir hlaupara, göngufólk og alla þá sem þurfa að komast í gegnum langar og erfiðar æfingar.




**MYOFUSION**
**Hreint prótín** með frábæru bragði. Hentar vel eftir æfingu eða í stað máltíðar. Tilvalið til að búa til hollustudrykk.




**HYDROXYCUT HARDCORE**
**Söluhæsta brennsluefni** í heiminum síðastliðin 10 ár. Algengt þyngdartap er 1-2 kíló á viku.

# Góður félagsandi vopn í baráttunni við skyrbjúg



Sítrónur voru notaðar til að lækna skyrbjúg hjá breska sjóhernum.

**Öldum saman hafa menn vitað að sumar fæðutegundir eru heilsusamlegri en aðrar. Það varð þó aðhlátursefni þegar skoski læknirinn James Lind hélt því fram um miðja átjándu öld að sítrónur og límónur kæmu í veg fyrir og læknuðu skyrbjúg.**

Löngu áður en vítamín voru skilgreind var mönnum ljóst að ýmsar fæðutegundir voru nauðsynlegri en aðrar til að viðhalda góðri heilsu. Forn-Egyptar vissu til dæmis að neysla á lifur hjálpaði til við að lækna náttblindu, sem nú er vitað að orsakast af A-vítamínskorti.

Auknar sjóferðir á endurreisnartímanum urðu til þess að alls kyns sjúkdómar sem orsakast af vítamínskorti urðu algengir meðal áhafna skipa.

Það var þó ekki fyrr en árið 1749 sem skoski læknirinn James Lind uppgötvaði að sítrusávextir læknuðu skyrbjúg, sem lengi hafði plagað sjómenn sem voru langdvölum úti á sjó án ferskra ávaxta. Lind gaf út ritgerð um nauðsyn þess að mennirnir fengju sítrónur og límónur til að koma í veg fyrir skyrbjúginn og breski sjóherinn bætti ávöxtunum við nauðsynlegar vistir í sjóferðum. Vakti þetta mikla kátínu meðal almennings og voru sjóliðar uppnefndir „limeys“ þeim til háðungar.

Uppgötvun Linds mætti þó tortryggni hjá ýmsum framámönnum sjóhersins, enda var það almenn skoðun að koma mætti í veg fyrir skyrbjúg með miklu hreinlæti, reglubundinni líkamsrækt og með því að leggja áherslu á góðan félagsanda um borð.

Á tuttugustu öldinni var skyrbjúgur enn algengur meðal sjófarenda, meðal annars í heimskautaferðum Roberts Falcon Scott, og var líklegasta skýringin talin sú að niðursoðin matvara innihéldi einhver efni sem orsökuðu skyrbjúg. *- fsb*



Eitt af því sem skipverjar á Bounty gerðu uppreisn gegn var slæmt fæði. Bligh skipstjóri trúði greinilega ekki á sítrónur og límónur.



Hermenn í breska sjóhernum voru uppnefndir „limeys“ þeim til háðungar.

# Velur NOW vegna hreinleika og virkni





**Ragna Björg Ingólfsdóttir badmintonkona er áttfaldur Íslandsmeistari í einliðaleik í badminton, keppti á Ólympíuleikunum í Peking 2008 og hefur oft unnið alþjóðleg mót í badminton. Hún segir fæðubótarefnin frá NOW algjörlega ómissandi til að viðhalda orku og góðri heilsu.**

Ég æfi tvisvar á dag allan ársins hring,“ segir Ragna Björg, sem þessa dagana keppir að því að komast á Ólympíuleikana í London 2012. „Og þá er algjörlega nauðsynlegt að hugsa vel um heilsuna og hvað maður lætur ofan í sig.

Hversu stórt hlutverk spila fæðubótaefni í þinni þjálfun? „Þau spila mjög stórt hlutverk. Þau gera það að verkum að ég næ hámarksþjálfun út úr hverri æfingu og gefa mér aukna orku til að geta æft eins mikið og ég geri.“

Hvers vegna notar þú NOW-vörurnar?

„Ég verð að gera strangar kröfur til þess sem ég neyti svo að árangurinn skili sér, enda stefni ég hátt. Því leitast ég við að nota hrein fæðubótarefni, sem eru í senn án sætuefna á borð við aspartam, litarefna, ódýrra uppfylliefna og rotvarnar- og bragðefna. Það er einmitt þess vegna sem ég vel NOW umfram önnur vörumerki í þessum bransa. Virknin er einstök og þau hjálpa mér að ná árangri,“ segir Ragna.

Ragna segist hafa tekið fæðubótarefnin í átta ár og hún sé ekki í vafa um að þau hafi hjálpað henni mikið við að ná árangri og viðhalda góðri heilsu. „Oft er maður dauðþreyttur eftir fyrri æfinguna en þá blanda ég mér prótín- og kolvetnablöndu sem er blanda af Dextrosa og Carbo Gain og er þá alveg tilbúin í slaginn í seinni æfingunni og ekkert þreytt daginn eftir. Ég tek svo inn Eve fjölvítamínblöndu, Magnesíum citrate, sem hjálpar mér að ná slökun eftir mikið álag og kemur í veg fyrir harðsperrur. Acidophilous góðgerlablanda og D-vítamín eru alltaf til í skápnum mínum sem og omega-3 olíur sem hjálpa mér við að halda einbeitingu sem skiptir mig gríðarlega miklu máli,“ segir Ragna.

„Ég er ekki í neinum vafa um að góð og hrein fæðubótarefni eins og frá NOW geta aðstoðað mann við að ná árangri og viðhalda heilbrigði. Ég spái mikið í hvað ég læt ofan í mig og hef vanið mig á að neyta lífrænnar fæðu í meiri mæli en áður því ég vil takmarka magn aukaefna sem gætu mögulega haft áhrif á heilsu mína og líðan og þess vegna henta NOW-fæðubótarefnin mér einstaklega vel. Það vita allir íþróttamenn sem vilja ná árangri að það skiptir öllu að vera í toppformi bæði líkamlega og andlega til að ná langt. NOW hefur gríðarlega stranga gæðastaðla og leitast við að nota hráefni sem eru ekki genabreytt og kemísk og velur lífræn hráefni þegar það er möguleiki.“



„Ég er ekki í neinum vafa um að góð og hrein fæðubótarefni eins og frá NOW geta aðstoðað mann við að ná árangri,“ segir Ragna Björg Ingólfsdóttir badmintonmeistari. MYND: ANTON

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429. | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Góð heilsa ekki forréttindi

**„Það eru forréttindi að vinna hjá fyrirtæki sem lætur jafn vel til sín taka í heilbrigðis- og umhverfismálum,“ segir Þórarinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Heilsu ehf., sem sérhæfir sig í framleiðslu, innflutningi og dreifingu meðal annars á heilsutengdum vörum.**

Heilsa ehf. er tæplega fjörutíu ára, stofnað af Erni Svavarssyni, frumkvöðli og heilsugúrú, og því elsta starfandi fyrirtæki á Íslandi sem sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á lífrænum matvörum, jurtum, fæðubótarefnum, vistvænum snyrtivörum og hreingerningarvörum, ásamt því að framleiða eigin bætiefni, vítamín og matvöru undir merkjum Heilsu. Þórarinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Heilsu, segir það forréttindi að vinna hjá fyrirtæki sem láti jafn vel til sín taka í heilbrigðis- og umhverfismálum.

„Ekki verður annað sagt en að góð samviska fylgi því að vinna hjá fyrirtæki sem er jafn umhugað um umhverfið og heilsufar fólks og Heilsa. Fyrirtæki sem leggur jafn mikið upp úr gæðum og býður matvöru sem er næstum öll lífrænt vottuð og vítamín sem eru annað hvort lífræn eða náttúruleg, án auk- og rotvarnarefna. Og úrvalið svo gott að séð er fyrir helstu nauðsynjum heimilanna,“ segir Þórarinn og tekur sem dæmi vítamín sem Heilsa framleiðir sjálft.

„Það er gaman að geta þess að Heilsa hefur, í samstarfi við viðurkennda aðila í Bandaríkjunum, framleitt vítamín og fæðubótarefni undir eigin merkjum í áratugi; allt frá hefðbundnum vítamínum, A, B, C, D og E auk steinefna og steinefnablöndu. Jafnframt gerum við sérhæfðar blöndur fyrir liðina, konur á meðgöngu og breytingaskeiði svo eitthvað sé nefnt. Uppskriftir og umgjörð byggja á íslensku hugviti, íslensk löggjöf og strangt eftirlit liggur til grundvallar framleiðslunni og allt saman hæfilega skammtað fyrir fólk á norðlægum slóðum,“ upplýsir hann og telur að flestir ættu að kannast við vörumerkið, enda sé „guli miðinn“ eitt mest selda vítamínið á Íslandi í dag.



„Við erum stolt af því að vera mörg af flottustu merkjunum í dreifingu,“ segir Þórarinn Þórhallsson, framkvæmdastjóri Heilsu ehf.
MYND/ANTON

„Meðal annars vegna þess að gæðin eru nákvæmlega eins og þau gerast mest á markaði en verðið betra. Svo fást vörurnar í öllum helstu apótekum, heilsubúðum og matvöruverslunum á landinu. En með góðu verði og dreifingu leggjum við ríka áherslu á að allir geti keypt vörur merktar Heilsu gula miðanum, sjáðu til, og geti þannig átt kost á að bæta eigin heilsu. Góð heilsa á ekki að vera forréttindi heldur allra,“ tekur Þórarinn skýrt fram.

## BESTU MERKIN Á MARKAÐI

Heilsa ehf. flytur líka inn, selur og dreifir fæðubótarefnum frá fjölda viðurkenndra aðila. „Við erum stolt af því að vera með mörg af flottustu merkjunum í dreifingu,“ segir Þórarinn og nefnir nokkur til sögunnar.

„Solaray framleiðir vítamín sem eru með þeim vönduðustu sem fást í dag. Þeir eru mjög duglegir að koma með nýjustu efnin og eru hreinar jurtir í belgjunum, án allra aukefna og vítamínin þannig úr garði gerð að þau eru auðveld til upptöku við meltingu.

Nature's Plus er svo annað merki sem leggur líka höfuðáherslu á gæði. Frá því kemur sérstök vítamínlína fyrir börn sem heitir Animal Parade og hefur slegið í gegn hjá yngstu kynslóðinni þar sem töflurnar eru í laginu eins og dýr og með eindæmum bragðgóðar, enda er uppistaðan í þessari framleiðslu vítamín unnin úr heilli fæðu.

Þá má ekki gleyma Udo‘s Choice sem framleiðir olíublöndur sem henta vel til að viðhalda fitusýruforða líkamans og eru tilvaldar í heilsudrykki eða út á salatið. 100 prósent lífrænar, kaldpressaðar olíur, lausar við hveiti, mjólkurvörur, ger og erfðabreytt innihaldsefni. Svo eru þær auðvitað ótrúlega hollar og góðar.“

Að sögn Þórarins kappkostar Heilsa ehf. líka að eiga í góðu samstarfi við innlenda framleiðendur en þar má nefna Saga Medica, Sóley Organics, Móðir Jörð, Villimey og Önnu Rósu grasalækni. „Svo þykir okkur sérstaklega vænt um, að eftir helgi munum við hefja dreifingu á vörum frá Sólheimum í Grímsnesi, chutney, salsa sósu, gulrótar marmelaði, kökum og varasalva til að byrja með.“

Í lokin er ekki úr vegi að spyrja framkvæmdastjórann hvort hann hugi samviskusamlega að eigin heilsu. „Ég verð nú að viðurkenna að ég gerði það ekki nógu mikið í byrjun, þegar ég tók við sem framkvæmdastjóri hér árið 2006. Það gerðist smám saman eftir að ég fór að vinna hérna enda ekki annað hægt en að smitast af áhuga þessa skemmtilega fólks sem ég starfa með,“ segir hann brosandi og upplýsir að hann reyni að borða hollan mat í jöfnum hlutföllum, grænmeti, holla fitu og prótein, en minna af kolvetnum. „Og vítamínin og bætiefnin eru auðvitað á sínum stað; Fjölvítamín frá Solaray (Spektro), kalk, magnesíum og sink frá Solaray, sérlega mikið af D vítamíni frá Nature‘s Plus, Original Arctic Root og Multidophilus meltingargerlar frá Heilsu og ekki má gleyma lífsnauðsynlegum fitusýrum frá Udo‘s Choice.“

### FITUSÝRUR

**Heilinn er 60 prósent** fita og þess vegna er nauðsynlegt að borða mikið af hollri fitu til að hann starfi eðlilega.

Auk þess hafa rannsóknir sýnt fram á að omega 3 fitusýrur eru nauðsynlegar til að viðhalda heilbrigðu hjarta og æðakerfi.

Fitusýrur og önnur góð fita er nauðsynleg fyrir til dæmis húð, hár og liði.

Udo's 3°6°9 olíublandan er sérvalin blanda náttúrulegra, óunninna, lífsnauðsynlegra fitusýra sem bragðast vel og bera keim af rjóma og hnetum. Innihaldið er ferskar, óunnar og lífrænar hörfræja-, sesam- og sólblómaolíur ásamt kvöldvorrósarolíu og hrísgrjónaog hafrafræsolíum, sem tryggja hámarksnæringu í minnsta mögulega magni. Olíublandan inniheldur einnig óerfðabreytt sojalesitín sem aðstoðar við meltingu olíanna og hjálpar til við byggingu frumuhimna.



### MELTINGARGERLAR

- Viðhalda góðri meltingu með því að koma jafnvægi á þarmaflóruna.
- Mikilvægir til að viðhalda sterku ónæmiskerfi.
- Veita okkur vörn gegn sveppasýkingum.
- Nauðsynlegir með og eftir sýklalyfjanotkun.
- Multidophilus Forte er breiðvirk probiotic-blanda sem inniheldur 10 milljarða virkra gerla. Mælt er með einu hylki á dag til að viðhalda góðri þarmaflóru.




### STREITA OG KVÍÐI

**Original Arctic Root**, burnirót, hefur áhrif á taugakerfið með því að auka mótstöðuafl gegn streitu og þreytu. Hún hjálpar líkamanum að öðlast meiri aðlögunarhæfni, svo að líkaminn bregðist við streitu á jákvæðari hátt, og minnkar skaðleg áhrif af völdum hennar. Original Arctic Root inniheldur mikið magn af burnirótarkrafti sem er sá eini sem hefur verið rannsakaður og verið fjallað um í alþjóðlegum vísindatímaritum. Arctic root virkar á nokkrum klukkustundum. Gott er að taka hana að jafnaði til að viðhalda góðu jafnvægi.




### D-3 VÍTAMÍN 30 MCG SOLARAY

**Nýja D-vítamínið** frá Solaray er framleitt fyrir danska markaðinn og inniheldur 30 mcg af D-3 vítamíni. Rannsóknir hafa sýnt að almenningur er ekki að fá nægilegt D-vítamín í gegnum fæðu eða sólarljós. Til að fá nægjanlegt D-vítamín í kroppinn þurfum við að taka inn bætiefni. Skiptar skoðanir eru á því hversu mikið magn fólk skuli taka af D-vítamíninu en miðað við nýjar rannsóknir eru ráðlagðir dagskammtar í flestum tilfellum of lágir. Talið er að D-3 vítamín hafi jákvæð áhrif á heilbrigði ónæmiskerfisins, styrki vöðvamyndun, hafi áhrif á þroska og hormónaframleiðslu og hjálpi gegn þunglyndi. Skortur á þessu vítamíni getur verið orsök verkja, taugaverkja, örþreytu og „heilaþoku“.



# VELDU GÆÐI




TREC NUTRITION

Fæðubótarefni
framtíðarinnar!

ULTIMATE NUTRITION®
The Future of Sports Nutrition®




Lyftingabúnaður í miklu úrvali t.d. belti í mörgum stærðum og gerðum, strappar, úlnliðsvafningar, grifflur, fitumælingatangir og ummálsbönd.




Bækur í miklu úrvali.

Pöntunarsími 565 9595
www.vaxtarvorur.is

Opið virka daga frá 10:00 til 18:30
Laugardaga 12:00 til 16:00

VAXTARVÖRUR

Vaxtarvörur ehf • Helluhraun 14 • 220 Hafnarfjörður • S: 565 9595

# Sækir í nægtabúr náttúrunnar

**Bergljót Þorsteinsdóttir lyfjafræðingur lét gamlan draum rætast og opnaði apótek að Ögurhvarfi 3 í Kópavogi. Þar selur hún meðal annars eigin te og fjallagrös sem þykja bæði holl og góð.**



Bergljót leggur áherslu á góða þjónustu og vinalegt viðmót. Hér er hún til hægri ásamt Önnu Maríu Óladóttur. MYND/VALLI



Austurbæjar Apótek er í Ögurhvarfi 3 í Kópavogi.

Ég hafði lengi alið með mér þann draum að opna lítið og vinalegt apótek. Nú er draumurinn loksins orðinn að veruleika," segir Bergljót Þorsteinsdóttir, lyfjafræðingur og apótekari, sem hóf rekstur á Austurbæjar Apóteki að Ögurhvarfi 3 í Kópavogi í júní eftir mikla leit að hentugu húsnæði.

„Þetta er svona í akkúrat passlegri stærð og staðsetningin frábær, finnst mér. Hverfið er enda stórt, þar sem apótekið þjónustar bæði Vatnsendahverfi og Norðlingaholt, og íbúarnir og aðrir sem leggja leið sína hingað eru elskulegir og góðir."



Bergljót býr til eigin te og selur ásamt fjallagrösum undir merkjum Austurbæjar Apóteks.

Í Austurbæjar Apóteki er allt til alls, lyf, vítamín, snyrti-, hreinlætis- og barnavörur og margt fleira. Áherslan er á góða þjónustu og vörur á viðráðanlegu verði. Athygli vekur að apótekið selur líka afurðir undir eigin merkjum; tvær gerðir af tei og mulin fjallagrös. „Annað er ætihvannarte sem er talið vera allra meina bót. Ætihvönn er talin vinna á meltingartruflunum, svo sem krampa og vindi í meltingarfærum, og gegn kvillum í lifur. Hvönnin er líka talin mjög góð til að losa slím úr öndunarfærum og hefur verið notuð við bronkítis, brjósthimnubólgu og öðrum lungnakvillum. Rannsóknir hafa sýnt að í ætihvönn eru efni sem verka á bakteríur, veirur, sveppi og jafnvel á krabbameinsfrumur, og þar eru efni sem virðast örva ónæmiskerfið.

Hitt er flensute sem styrkir ónæmiskerfið og virkar gegn kvefi og flensu, en hvort tveggja er selt í brúnum pokum í stykkjatali," útskýrir Bergljót og getur þess að muldu fjallagrösin séu full af hollustu og góð út í graut eða súpur.

Hún kveðst vera mikil áhugamanneskja um íslenskar lækningajurtir og fer reglulega á fjöll og tínir fjallagrös og ferskar jurtir í teið. „Þessi áhugi hefur aukist með aldrinum ef eitthvað er og almennt finnst mér landsmenn vera opnari fyrir því að prófa jurtir sem vaxa í villtri náttúrunni, enda margt í henni sem er heilsubætandi og mætti nýta miklu betur. Ég hef að minnsta kosti ekki haft undan við að selja te og fjallagrös hérna í apótekinu, þetta rýkur út eins og heitar lummur," upplýsir hún og segir að með þessu góða áframhaldi sé aldrei að vita nema hún bæti við flóruna er fram líða stundir.

Austurbæjar Apótek er opið alla virka daga frá klukkan 10 til 18 og á laugardögum frá 10 til 16. Nánari upplýsingar eru veittar í síma 571-4030.

# Lifandi apótek í alfaraleið

**Urðarapótek í Grafarholti fagnar ársafmæli í næsta mánuði. Apótekið er við Vínlandsleið 16 og er þegar orðið vinsælt hjá íbúum hverfisins og vegfarendum um Vesturlandsveg sem koma þar við á leið sinni út úr bænum.**



Urðarapótek er rétt við Vesturlandsveginn til hægri handar þegar ekið er í átt að Esjunni.



Guðrún lengst til hægri ásamt öðru starfsfólki í Urðarapóteki.

Við opnuðum apótekið í október í fyrra og fengum strax góðar viðtökur hjá íbúum í hverfinu. Fyrir það erum við þakklát," segir Guðrún Pálsdóttir lyfjafræðingur sem á og rekur Urðarapótek í Grafarholti.

„Það tekur auðvitað tíma að byggja upp fyrirtæki og veltu," segir Guðrún sem kveðst þó finna fyrir jákvæðu viðhorfi íbúanna. „Við erum ein í Grafarholtinu og fólk vill greinilega versla í sínu hverfi og styðja við atvinnustarfsemi þar. En svo fáum við líka viðskiptavini úr Mosfellsbænum og Húsahverfinu í Grafarvogi, auk þeirra sem renna hér við á leið sinni út úr bænum því við erum í alfaraleið," Guðrún og bendir á að Urðarapótek sé á móti Húsasmiðjunni í Grafarholti. „Við erum í stóru og björtu húsnæði og eitt af því sem fólk kann að meta er að hér eru næg bílastæði."

Guðrún segir Urðarapótek vera með allar hefðbundnar apóteksvörur. „Þetta er sjálfstætt apótek, ekki hluti af neinni keðju og það skiptir miklu máli fyrir marga. Auðvitað skiptir verðið líka mjög miklu máli og við reynum að vera samkeppnishæf í því, bæði í lyfjum og öðrum vörum. Það er gífurleg verðsamkeppni og oft láta viðskiptavinir okkur vita ef þeir fá vöruna ódýrari annars staðar, þá reynum við að mæta því ef við mögulega getum. Við erum með fría heimsendingu til fólks í Grafarholtshverfinu en leggjum smá gjald á sendingar út fyrir það. Aðallega er það fólkið sem býr hér nálægt sem nýtir sér heimsendingu. Við erum líka með ókeypis lyfjaskömmtun og blóðþrýstingsmælingu."

Þá kveðst Guðrún leggja metnað í að bjóða reglulega upp á faglegar kynningar og fræðslu. „Við höfum fengið til okkar sérfræðinga, svo sem til að veita ráðgjöf þeim sem vilja hætta að reykja, sérfræðinga í fótaaðgerðum og vítamínbúskap og við erum reglulega með snyrtivörukynningar. Þá er auðvitað afsláttur og tilboð á þeim vörum sem verið er að kynna. Allt þetta skapar líf í apótekinu. Að sjálfsögðu verðum við síðan með spennandi afmælistilboð í október," lýsir Guðrún og tekur fram að Urðarapótek sé opið frá klukkan 9 til 18.30 virka daga og frá 12 til 16 á laugardögum.

Verið velkomin

URÐARAPÓTEK

## LYFJAFRÆÐISAFNIÐ Í NESI

**Lyfjafræðisafnið er** sameign allra lyfjafræðinga á Íslandi og einstakt framtak stórhuga fólks sem vill varðveita muni og heimildir um lyfjafræði til framtíðar. Safnið er hýst í endurgerðu fjósi sem áður tilheyrði bændum í Nesstofu.

Í Lyfjafræðisafninu er geymt allt mögulegt sem tengist lyfjum á Íslandi. Þar má skoða áhöld, bækur, myndir, skjöl og hvaðeina sem segir sögu lyfjamála á Íslandi. Í sýningarsölum eru innréttingar úr gömlum apótekum, frá þeim tíma þegar nær öll lyf voru framleidd á staðnum. Í apótekum fortíðar fékkst ýmislegt fleira forvitnilegt, eins og blöndur fyrir gull- og silfursmiði, framkallarar fyrir ljósmyndara, hárlakk, krydd og kryddblöndur, matarsódi og lyftiduft, fatalitir og bón, svo fátt eitt sé nefnt, en sýnishorn þessarar fjölbreyttu framleiðslu apótekanna er til sýnis í safninu.

Lyfjafræðisafnið er opið frá júní til ágúst og er aðgangur ókeypis. Aðrir opnunartímar eru eftir samkomulagi. *Heimild: www.laekningaminjasafn.is/*



Lyfjafræðisafnið er í endurgerðu fjósi við Nesstofu þar sem Lækningaminjasafnið er. MYND/STEFÁN KARLSSON



Í apótekum leynast fallegar gjafir sem valda gleði og vellíðan viðtakandans.

## HAUKUR Í GJAFAHORNI

**Apótek eru** haldreipi þeirra sem þurfa óvænt að útvega glaðning eða eru orðnir of seinir í gjafainnkaupum. Meðal meðala og sjúkravarnings leynist mýmargt freistandi í hillum apóteka sem hittir örugglega í mark hjá krökkum, konum og körlum.

Leikföng, barnabækur og spennandi baðvörur má víðast finna í úrvali handa börnum og auðvelt að gleðja konur með eðal snyrtivörum, dýrindis ilmvötnum, skarti, undirfatnaði og heilsubókmenntum í fallegum pakka. Karlar verða ekki út undan þegar kemur að notalegum gjafahugmyndum og er nóg að nefna vönduð rakakrem, fótsnyrtisett, rakvélar, unaðsvörur, sokka og nuddtæki fyrir þreytta skrokka.



Gró sveppsins penicillium notatum varð til þess að sýklalyfið penisillín uppgötvaðist.

## MYGLA DREPUR SÝKLA

**Penisillín er** sýklalyf sem er notað gegn sýkingum af völdum næmra baktería. Efnið var fyrst einangrað úr myglusveppnum penicillium notatum en fyrstur til að taka eftir áhrifum hans á bakteríur var franski læknaneminn Ernest Duchesne árið 1896. Athuganir hans náðu ekki lengra.

Árið 1928 enduruppgötvaði Alexander Fleming áhrif penisillíns á bakteríur þegar hann tók eftir eyðu í kringum myglusvepp sem vaxið hafði í staphylococcus-ræktun á rannsóknarstofu hans. Við nánari eftirgrennslan komst Fleming að því að sveppurinn drap bakteríurnar, en nafn sveppsins er penicillium notatum, þaðan sem nafn sýklalyfsins er upprunnið.

Uppgötvun Flemings leiddi síðar til byltingar í læknavísindum þegar ástralski prófessorinn Howard Walter Florey við Oxford-háskóla sýndi fram á getu penisillíns til að drepa sýkla í mönnum. Það leiddi síðar til fjöldaframleiðslu penisillíns, sem kom fyrst á almennan markað 1944, en það er enn mest notaða sýklalyfið.

*Heimild: www.wikipedia.org*




Vertu við öllu búinn

Lóperamíð Portfarma - jafngilt Imodium

- Verkar gegn einkennum niðurgangs
- Eykur endurupptöku vatns og salta
- Hægir á þarmahreyfingum

Heiti lyfs og virk innihaldsefni: Lóperamíð Portfarma 2 mg töflur. Hver tafla inniheldur lóperamíðhýdróklóríð 2 mg. Ábendingar: Til meðferðar við einkennum bráðs tilfallandi niðurgangs og langvarandi niðurgangs, þ.m.t. niðurgangur vegna of mikils hraða þarmainnihalds, með eða án hægðaleka, t.d. hjá sjúklingum með dausgarnarrauf, ristilrauf eða sturttæmingu (dumping). Skammtar og lyfjagjöf: Bráður niðurgangur: Hefja skal meðferðina með 4 mg (2 töflum). Þaðan í frá 2 mg (1 tafla) eftir hverja losun þunnra hægða. Þó skulu líða 2-3 klst. milli fyrsta og annars skammts. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 16 mg (8 töflur). Langvarandi niðurgangur: Hefja skal meðferðina með 4 mg (2 töflum). Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 2-16 mg (1-8 töflur) á sólarhring og leitast skal við að gefa minnsta viðhaldsskammt sem mögulegur er. Oft nægir að gefa lyfið 1-2 sinnum á sólarhring. Sólarhringsskammtur á ekki að fara yfir 16 mg (8 töflur). Nota má sömu skammta hjá öldruðum og sjúklingum með skerta nýrnastarfsemi. Frábendingar: Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. Bráð iðrakreppa (dysenteria) sem einkennist af blóði í hægðum og háum hita. Bráð sáraristilbólga og sýndarhimnuristilbólga sem er afleiðing meðferðar með sýklalyfjum. Þegar forðast á hömlun þarmahreyfinga vegna hættu á alvarlegum afleiðingum slíks, t.d. garnastíflu, stórristli, eitrunarstórristli. Notkun handa börnum yngri en 12 ára. Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun: Við langvinna bólgusjúkdóma í þörmum getur lóperamíð dulið einkenni bráðrar versnunar. Í ljósi þess að meðferð með Lóperamíð Portfarma er við einkennum á í upphafi að veita meðferð við undirliggjandi orsök. Ofþornun og röskun á saltajafnvægi getur komið fyrir hjá sjúklingum með (alvarlegan) niðurgang. Mikilvægt er að tryggja viðeigandi uppbótarmeðferð með vökva og söltum. Hætta skal meðferð með Lóperamíð Portfarma komi fram einkenni hægðatregðu eða önnur einkenni ófullnægjandi þarmahreyfinga. Komi klínískur bati ekki fram innan tveggja sólarhringa, þegar um bráðan niðurgang er að ræða, á að hætta notkun Lóperamíð Portfarma og íhuga aðra meðferð. Hjá alnæmissjúklingum í meðferð með Lóperamíð Portfarma á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þaninn kvið. Greint hefur verið frá stöku tilvikum eitrunarstórristils hjá alnæmissjúklingum sem eru með sýkingaristilbólgu, af völdum bæði veira og baktería, sem fá meðferð með lóperamíðhýdróklóríði. Nota skal Lóperamíð Portfarma með varúð hjá sjúklingum með skerta lifrarstarfsemi, vegna skertra umbrota við fyrstu umferð um lifur. Fylgjast á sérlega vel með þessum sjúklingum með tilliti til hugsanlegra eiturverkana á miðtaugakerfi. Þó liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um lyfjahvörf. Gæta skal varúðar við notkun stórra skammta af lóperamíði samhliða lyfjum sem hamla P-glýkópróteini (kínidíni, rítónavíri, ciklósporíni, verapamíli, sem og sumra sýklalyfja af flokki makrólíða t.d. erýtrómýcíni og klaritrómýcíni). Lóperamíð Portfarma töflur innihalda laktósa. Sjúklingar með galaktósaóþol, laktasaskort eða vanfrásog glúkósa-galaktósa, sem eru mjög sjaldgæfir arfgengir kvillar, skulu ekki nota lyfið. Meðganga: Klínísk reynsla af notkun lyfsins hjá þunguðum konum er takmörkuð. Rannsóknir á rottum hafa sýnt aukningu fósturláta við stóra skammta. Þar til frekari reynsla liggur fyrir á því ekki að nota lóperamíð á meðgöngu nema að vel athuguðu máli. Brjóstagjöf: Lóperamíð skilst út í brjóstamjólk, en ekki er líklegt að lyfið hafi áhrif á barnið þegar það er gefið móðurinni í ráðlögðum skömmtum. Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla: Svimi og slæving geta komið fram í tengslum við meðferð með lóperamíði. Þetta skal haft í huga þegar óskertrar árvekni er þörf, t.d. við akstur eða notkun véla. Lesið vandlega leiðbeiningar í fylgiseðli fyrir notkun.

# ÍDDIR



og Kirsuberjatrénu. Hún hefur einnig slegið í

Alexía og Guðmundur kynntust árið 2005 á tónleikum með Duran Duran þar sem hún var í dauðaleit að aukaleikurum fyrir hönd Eskimo-umboðsskrifstofunnar. „Ég var að leita að aukaleikurum fyrir kvikmyndina Flags Of Our Fathers og gekk um og dreifði nafnspjaldinu mínu. Ég lét Gumma fá eitt nafnspjald og bað hann að hringja ef hann hefði áhuga á að leika hermann. Hann sendi mér sms stuttu síðar og bauð mér í kaffi, en hann kom aldrei í prufu. Ég var ekkert á þeim buxunum að fara í samband á þessum tíma, ég var á kafi í vinnu og hafði nóg að gera, en eins væmið og það hljómar þá vissi ég að þetta væri maðurinn fyrir mig þegar ég vaknaði í fyrsta sinn í fanginu á honum. Og svo giftum við okkur í sumar,“ segir hún brosandi.

Athöfnin fór fram í litlum skógi í Borgarfirði sem er í eigu fjölskyldu Guðmundar. Gestirnir gistu í tjöldum á svæðinu í kring og úr varð rammíslenskt þriggja daga sveitabrúðkaup.

„Þetta var yndislegur dagur og allt mjög afslappað. Ég var nýkomin úr sundi klukkustund fyrir athöfnina. Það rigndi svolítið en það var bara sjarmerandi, rigning virðist fylgja okkur og ég tel það vera gæfumerki,“ segir hún að lokum brosandi.

## * myndaalbúmið



Mótleikarar mínir úr sýningunni Uppnámi, sem eru ekki bara hæfileikaríkir heldur líka svo hrikalega skemmtilegir, þannig að það er alltaf tilhlökkun að fá að eyða kvöldinu með þeim.



Þarna var brúðguminn að keyra burt með kvonfangið sitt eftir athöfnina í skóginum.



Systkinin Edda og Jói eru miklir og góðir leikfélagar.



Öskudagur líklegast árið 1987 í Hafnarfirði. Þarna er ég með æskuvinkonunum Hrund og Ástu Maríu.


Elizabeth Arden

Byrjaðu strax í dag, gefðu húðinni aukið vítamín og hún viðheldur æskuljóma sínum



Ceramide Gold ambúlurnar gefa húðinni aukið "boost".
Kröftug og áhrifarík meðferð fyrir andlit og háls

Ceramide Gold ambúlur fyrir augnsvæðið, með hjálp náttúrulegra efna þéttist húðin og lyftist

**20% afsláttur af Elizabeth Arden í snyrtivöruverslun Lyfja & heilsu Kringlunni dagana 22.-28. September.**

Sérfræðingar okkar verða á staðnum og veita faglega ráðgjöf og kynna nýjungar í Elizabeth Arden.

Glæsilegt tilboð verður á þessari fallegu tösku, með innihaldi úr Ceramide kremlínunni frá Elizabeth Arden.
Tilboðsverð: 13.000.-
Verðmæti: 29.218.-



Glæsilegar gjafir fylgja með keyptum vörum frá Ceramide, Green Tea og 8 hour*
*á meðan birgðir endast.

Lyf & heilsa Kringlunni



Mjúkt og hlýtt „Slá sem ég keypti í Ginu Tricot í Danmörku. Ég elska þessa því hún er svo mjúk og mér líður eins og ég sé vafin inn í teppi. Hana nota ég mest núna í skólanum og ekki skemmir fyrir að hún var svakalega ódýr.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HAG



Hvítur pels „Pels sem ég keypti í Gyllta kettinum fyrir mörgum árum. Hann nota ég mikið á veturna í kuldanum. Ég nota hann bæði spari og hversdags. Ég á ekki úlpu og er því oftast í pelsum þegar það er ískalt úti.“



Hvít slá „Þessa slá keypti ég í Rokki og rósum. Ég elska slár því þær eru svo léttar og þægilegar. Til þess að gera hana aðeins fínni nota ég alltaf skinnkraga með, sem setur punktinn yfir i-ið.“

UPPÁHALDS YFIRHAFNIRNAR

# TÖFFARALEGT OG HLÝTT Í SENN

Ása Ottesen er háskólanemi, tískubloggari og eigandi vefverslunarinnar Lakkalakk.com. Hér deilir hún sínum uppáhaldsyfirhöfnum með lesendum en þær eru sparilegar, þægilegar, fínar, hlýjar og passa við allt.



Peysujakki „Síð peysa frá Farmers Market sem er keypt í Geysi. Þessi peysa er svakalega hlý og kemur sér afar vel á ísköldum vetrardögum og svo kom hún sér mjög vel í útilegum í sumar.“



Loðvesti yfir leðurjakka „Jakkinn er frá Lakkalakk og loðvestið úr Geysi. Þessar flíkur eru í miklu uppáhaldi saman því samsetningin er bæði töffaraleg og sparileg. Svo er hún líka svo létt en samt hlý. Þetta passar við allt.“




Motivo
Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegi 9 Selfossi Motivo.is




AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson
S: 5125411, gsm 8235055
benediktj@365.is

Ívar Örn Hansen
S: 5125429 , gsm 6154349
ivarorn@365.is

Sigríður Dagný
S: 5125462, gsm 8233344
sigridurdagny@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl – júní 2011


## Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

## Það þarf að sjúga og sleikja

?Samfarir á efri árum geta verið erfiðleikum bundnar, það að vera fullur vilja en ris á typpinu ekki til staðar, jafnvel þótt konan hafi áhuga og sleypiefni til staðar. Á hinn veginn, konan ekki til þegar karlinn er með typpið í þolanlegu lagi. Hvað getur þú ráðlagt okkur í þessum efnum?

**Svar:** Eins og þú eflaust veist þá getur verið erfitt að panta kynlöngun því hún er háð fleiri þáttum en stinnleika lims. Kynlíf þarf þó ekki að standa og falla með limnum. Þið þurfið að víkka sjóndeildarhringinn og leyfa kynlífinu að vera meira en beinar samfarir. Þetta er mikilvægt því óháð aldursskeiði fá fæstar konur fullnægingu úr beinum samförum. Kynlíf með áherslu á svokallaðan „forleik“ verður enn mikilvægara eftir því sem aldurinn færist yfir, sökum ástæðna sem þú nefnir. Svo ég vitni í Fóstbræður; þið þurfið að sjúga og sleikja (og nudda og pota). Þetta er ekki síðra en samfarir og líklegra til að tryggja báðum aðilum fullnægingu. Kynlífshandbækur gefa góð ráð um kynlíf utan beinna samfara og þið getið skoðað slíkar bækur á bókasafni. Leyfið ykkur að leika ykkur og verið óhrædd við tilraunastarfsemi, kynlíf er best með klípu af kímni.



?Hversu ung eru börn/unglingar þegar þau fara að vera forvitin um kynlíf? Hvernig er best að ræða slík mál við börn?

**Svar:** Það er einstaklingsbundið hvenær börn verða forvitin um kynlíf. Hins vegar er eðlilegt að börn um tveggja ára aldur sýni kynfærum sínum athygli. Þetta gætu foreldrar þýtt sem forvitni um kynlíf en barn hefur engan skilning á því hugtaki og er bara forvitið um eigin líkama. Pot í rass eða tog í typpi gæti allt eins verið pot í eyra. Börnum finnst oft gott að koma við eigin kynfæri og það á ekki að banna þeim það. Kynfærin, fyrir barninu, er bara ánægjulegur staður sem gott er að toga eða nudda. Foreldrar hafa mikla ábyrgð gagnvart kynveru barnsins, að kenna því að þetta sé í lagi en að svona eigi aðeins að gera heima hjá sér. Þá er einnig mikilvægt að kenna rétt heiti yfir kynfærin en ekki „spotti“ eða „budda“. Typpi er typpi og píka er píka (þó sumir noti „pjalla“ og ég sýni því skilning en aðeins ef barnið veit að mamman er með píku). Rétt heiti á kynfærum er því fyrsta skrefið í kynfræðslu barnsins. Þegar kemur að spurningum um getnað og fæðingu má sýna þeim bókina „Svona verða börnin til“ eftir kynfræðinginn Per Holm Knudsen. Hún er til á íslensku og gerir þessu máli fín skil. Á vefnum www.6h.is má nálgast bækling fyrir foreldra um hvernig skuli tala við unglinga um kynlíf. Ég minni á að börn vilja fá kynfræðslu frá foreldrum sínum og það stuðlar að jákvæðri og ábyrgðarfullri afstöðu til kynlífs seinna meir.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is


NÝ SENDING
Levi's
LEVI'S gallabuxur, verð kr. 9.995 - 11.995.-
Fylgstu með okkur á Facebook
KORPU OUTLET
Girnilegasti lagermarkaður landsins!
KORPUOUTLET, KORPUTORGI • Opið mánudag til laugardags frá 11 til 18 • Sunnudaga frá 12 til 18 • S. 578 9400
Ráðandi - auglýsingastofa ehf.

Appelsínugult verður vinsælt næsta vor:

# GLAÐLEGT & SKÆRT



Derek Lam

Badgley Mischka

Narciso Rodriguez

Doo.Ri

Helmut Lang

Tískuvikunni í New York lauk fyrir skemmstu en þar kynntu hönnuðir vorlínur sínar fyrir árið 2012. Gulur, rauður og sítruslitir voru víða áberandi á tískupöllunum og má því búast við að sjá þá liti í fataverslunum næsta vor. - sm


## Ertu námsmaður?
## Viltu leigja stóra íbúð fyrir lítinn pening?







Á Ásbrú í Reykjanesbæ eru rúmgóðar og vel búnar námsmannaíbúðir sem ætlaðar eru einstaklingum, pörum eða fjölskyldufólki sem stundar nám hvort sem er í staðnámi eða fjarnámi, hjá Keili eða í öðru háskólanámi á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúðirnar eru allar rúmgóðar og aðstaða eins og best verður á kosið. Svæðið er mjög fjölskylduvænt og öll helsta þjónusta í seilingarfjarlægð, s.s. líkamsræktarstöð, veitingastaður, grunnskóli og leikskólar.

***Gjaldfrjálsar rútuferðir eru milli Ásbrúar og Reykjavíkur.***

### Dæmi um íbúðir og leiguverð

| | | |
|---|---|---|
| 3 herbergja íbúðir | 106 - 110 m2 | **69.081 kr.** |
| 4 herbergja íbúðir | 135 - 145 m2 | **85.979 kr.** |
| 5 herbergja íbúðir | 164 - 182 m2 | **104.659 kr.** |
| 6 herbergja íbúðir | 203 - 210 m2 | **123.065 kr.** |

Innifalið er sjónvarp og internet.

**Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni: www.keilir.net/keilir/nemendaibudir**
**Einnig má hafa samband við húsnæðissvið Keilis í síma 578 4000.**

Keilir
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Háskólagarðar


emmessis
Daim
INSIDE
íspinni



# HELGARRÁÐIN

**Þórunn Antonía Magnúsdóttir er söngkona og þáttastjórnandi Týndu kynslóðarinnar.**



**Ertu A- eða B-manneskja?** Klárlega B-manneskja en finnst ég aðeins vera að færa mig upp í A-ið með aldrinum.

**Hvaða bók ertu að lesa um þessar mundir?** Life – Keith Richards.

**Uppáhaldsliturinn:** Ég held ég verði að viðurkenna að það sé bleikur.

**Hver eru nýjustu kaupin?** Ég keypti gullfallegan gamlan pels á Barnalandi fyrir 7.500 krónur.

**Hvað dreymir þig um að eignast?** Hús með sundlaug í Kaliforníu.

**Hvaða lag kemur þér í gott skap?** Wonderful World með Sam Cooke.



**Ef þú værir dýr, hvaða dýr værirðu?** Einhver flottur köttur eins og blettatígur eða snjótígur!

**Uppáhaldsdrykkurinn?** Íslenska vatnið.






Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

föstudagur
Fylgstu með




## Tryggðu þér miða á viðburði ársins!

*Sérstök forsala fyrir þá sem skráðir eru á póstlistann á frostrosir.is og vini Frostrósa á Facebook verður föstudaginn 30. september.*

**MIÐASALA HEFST**
3. OKT. Á MIDI.IS & HARPA.IS

Nánar á frostrosir.is

Kringlan

## Einstakir norðlenskir Frostrósatónleikar

Höllinni Akureyri 17. desember

BJÖRG ÞÓRHALLSDÓTTIR • ERNA HRÖNN • FRIÐRIK ÓMAR • GARÐAR THÓR CORTES • GUÐRÚN ÁRNÝ • HERA BJÖRK ÍNA VALGERÐUR • MARGRÉT EIR • MATTI MATT • ÓSKAR PÉTURSSON • VALA GUÐNA

STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA • KARLAKÓR AKUREYRAR - GEYSIR • VOX NORDICA • KÓR MENNTASKÓLANS Á AKUREYRI • SKÓLAKÓR HRAFNAGILSSKÓLA • FÉLAGAR ÚR ÍSLENSKA GOSPELKÓRNUM • BARNAKÓR FROSTRÓSA.

*Stórsöngvarar Norðurlands sameinast Frostrósum á glæsilegum afmælistónleikum á Akureyri.*



FROSTRÓSIR
KLASSÍK
Eldborg í Hörpu
10. desember
SISSEL • ÁGÚST ÓLAFSSON • GARÐAR THÓR CORTES • HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR • KOLBEINN KETILSSON
STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA • ÓPERUKÓRINN • DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR • BARNAKÓR FROSTRÓSA
STJÓRNANDI: ÁRNI HARÐARSON • ÚTSETNINGAR: GÍSLI MAGNA
MIÐASALA HEFST
3. OKT. Á MIDI.IS & HARPA.IS
Sissel syngur inn jólin fyrir okkur Íslendinga ásamt mörgum fremstu einsöngvurum þjóðarinnar.
Helgustu perlur jólanna á einstökum hátíðartónleikum í Hörpu.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

Viðhalds Verk ehf

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

**Topp Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.900.- kr.
Ókeypis vírusvörn.
Nánar á: www.tolvuhjalp.is
Sími 588 9590
Vesturvör 32a • Kópavogi

## Nudd

Brasilian whole body massage. S. 698 8834, Mona.

THE BEST !! LUXURY, WHOLE BODY MASSAGE IN DOWN TOWN ANY TIME 24/7. S:857-0740

NEW!!! EXCELLENT RELAXING WHOLE BODY MASSAGE IN DOWNTOWN! THE BEST SERVICE! S.8665039

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage. S. 849 5247.

**THE NEW !! .S.**
Whole Body masage in Reykjavik Any time 823 6377.

Líkamsnudd! Frábær þjónusta, tilboðsverð í dag! S:661 8272 eða 693 0348.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Spásími 908 7000**
Spámiðlun, tarot, andleg leiðsögn, fyrirbænir, draumar og trúnaður. Opið frá 12-23 S. 863 1987 visa/euro.

**-Símaspá - Einkatímar**
Upplýsingar í síma 663 0813 & 554 3306. Elísabet.

## Rafvirkjun

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Töfluskipti, viðhald, nýlagnir, dyrasímar. Tilboð eða tímavinna Löggiltur rafverktaki Sveinn. S. 663 7789. Rafengi ehf.

## KEYPT & SELT

## Til sölu




**20% afsláttur**
af 8-11 kg saltlömpum til laugardagsins nk. eða á meðan birgðir endast. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata) Opið mán-fös 12-18 og laugard. 12-15 Verið velkomin! ditto.is



**Lok á heita potta og hitaveituskeljar.**
Eigum á lager stærðir, 200x200cm, 217x217cm og 235x235cm. Lokin eru 4 tommu þykk og þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag. www.heitirpottar.is



Prentvörur
www.prentvorur.is

DOMTI



**X Senon bílaperur**
**H4, H1 og H7. Verð frá 500kr pr,stk. Smáratorgi 1 Bara ódýrari!**

**Frystiklefi til sölu**
Notaður frystiklefi og pressa til sölu. Klefinn af gerðinni Huurre. Pressan af gerðinni Bock D7440 F3. Uppl. eru veittar milli kl. 19 og 21 í síma 866 4153.

**Ódýr heimilstæki**
Höfum til sölu þvottavélar, þurrkara, ísskápa og eldavélar. S. 847 5545.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi.**

**Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

VINSÆLU DANS OG ZUMBA SKÓRNIR KOMNIR AFTUR
Litir: svartur svartur/bleikur svartur/grár

ÁSTUND
Háaleitisbraut 68
Sími 568 4240
Facebook: Ástund dans

## Ýmislegt



Plastgeymslu útihús. 4,5fm. Auðveld í uppsetningu og viðhaldsfrí. Verð 180þús. Uppl. í síma 893 3503 eða 845 8588.

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðru árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www. tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreyfingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

www.nudd.biz Slökunarnudd og vöðvanudd. Dag, kvöld og helgartímar. Sími:7773030

## HEIMILIÐ

## Málverk

Málverk úr dánarbúi til sölu á sanngjörnu verði. Sími 615 1771.

## Dýrahald



3ja mán. Papillon rakki til sölu. Mjög ljúfur og góður. ættb. frá HRFÍ. Ormerktur og bólusettur. Uppl. 616-2784 Lovísa.

**Chihuahua**
Gullfallegur og indæll 14 mán. síðhærður rakki með ættbók fæst á góðu verði á gott heimili. S. 690 6745.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**Þverá í Borgarfirði**
Sjóbirtingsveiði í neðri hluta Þverár. Eingöngu fluguveiði frá 14. sept. - 30. sept. Uppl. í síma 848 2304.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SJÓNVARP
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir




Lesendur gefa sér góðan tíma í Fréttablaðið




Það skiptir máli hvaða blað fólk gefur sér tíma til að lesa. Ný Prentmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir að lesendur á aldrinum 12-59 ára gefa sér lengri tíma til að lesa Fréttablaðið en Morgunblaðið. Við hlökkum til að færa ykkur fleiri góðar stundir í framtíðinni.

*Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Mældur er tími sem fer í lestur hvers eintaks Morgunblaðsins og Fréttablaðsins hjá lesendum á aldrinum 12-59 ára á öllu landinu.



Allt sem þú þarft...

## Til sölu

SÓFALIST – LAGERSALA

Glæsileg sófa og stóla áklæði ásamt fallegum gardínum í miklu úrvali.

SÓFALIST
Opið virka daga frá 16.00 – 18.00
www.sofalist.is
Telgagerði 13 – 108 Rvk
S. 692 8022





## Atvinna

# ÞROSKAÞJÁLFI ÓSKAST Í HEIÐARSKÓLA

Vegna forfalla vantar þroskaþjálfa í Heiðarskóla í Reykjanesbæ.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
Upplýsingar veita skólastjórnendur í síma 420-4500, 894-4501 og 894-4502

**Umsóknir skulu berast starfsmannaþjónustu, Tjarnargötu 12, 230 Reykjanesbæ eða á mittreykjanes.is fyrir 28. september nk.**

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

## Tilkynningar

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

**Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

**Natríumklóratverksmiðja Kemira á Bakka við Húsavík, Norðurþingi**
**Natríumklóratverksmiðja Kemira á Grundartanga, Hvalfjarðarsveit**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulagsstofnun.is.**

Ákvarðanir Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **24. október 2011.**

## Óskast til leigu

# Hvaleyrarbraut – Hafnarfirði

**Óskum eftir til leigu við Hvaleyrarbraut í Hafnarfirði** eða í næsta nágrenni um 200 fm húsnæði sem skiptist í um 100 fm. lager og 100 fm. skrifstofur.

**Þarf að vera laust til afhendingar strax.**

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Til leigu**
í Grafarvogi.
Snyrtilegt skrifstofuhúsnæði á 1 hæð við Fossaleyni 16.
Gott aðgengi og bílastæði.
Eldhúskrókur og snyrting í rýminu.
Til afhendingar 1 sep.
Upplýsingar í S. 517-3440

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir.
Reykjavík, Hafnarfjörður, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes.
Gæludýr velkomin.
Sjá www.leiguliðar.is eða 517 3440

## Fundir / Mannfagnaður

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Kynningarfundur

**Niðurstöður úr rannsókninni**
**Ungt fólk 2011 í 5., 6. og 7. bekk grunnskóla**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti boðar til kynningarfundar, þriðjudaginn 27. september 2011 í KFUM og KFUK húsinu við Holtaveg 28, Reykjavík, þar sem starfsfólk Rannsóknar og greiningar þau Hrefna Pálsdóttir, lýðheilsufræðingur, Inga Dóra Sigfúsdóttir, prófessor, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, félagsfræðingur hjá Rannsóknum og greiningu, Birna Björnsdóttir, lýðheilsufræðingur, dr. Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, lektor við HR og Jón Sigfússon, framkvæmdastjóri munu kynna helstu niðurstöður rannsóknarinnar „Ungt fólk 2011 í 5., 6., og 7. bekk grunnskóla" er viðkemur líðan, menntun, menningu, tómstundum, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra barna. Rannsóknin var lögð fyrir nemendur í öllum grunnskólum landsins í febrúar 2011.

**Kynningarfundurinn verður haldinn þriðjudaginn 27. september nk. í KFUM og KFUK húsinu við Holtaveg 28, Reykjavík, og hefst kl. 13.30. Gert er ráð fyrir að fundinum ljúki eigi síðar en kl. 16.00.**

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
22. september 2011.
menntamálaráðuneyti.is

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl.**

**Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Íbúð á besta stað. 110 ferm. hæð 101 R. sunnanv. Bergstaðastr. 3 saml. stofur, svefnherb. + geymsla. Í toppstandi. Gott hús og umhverfi. Leiga 190 þús./mán. Uppl. 8222894.

Herbergi til leigu með ísskáp, örbylgjuofni og góðu baðherbergi. Uppl. í s. 698 7382.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 120 fm snyrtilegt skrifstofuhúsnæði í Skipholti 50c laust 1.okt Uppl. 820 1694.

Iðnaðar-, lager og geymsluhúsnæði í Hafnarf til leigu. Bjóðum einnig vetrargeymslu fyrir hjólhýsi Uppl 6601060



ATVINNUHÚSNÆÐI Til sölu á Krókháls nr 10 c.a 120 fm . Verð 23.000.000. Húsnæðið er laust til afhendingar strax. Áhvílandi lán frá Íslandsbanka kr c.a 13.9 mill. Uppl síma 517-1111 eða 696-1001

## Geymsluhúsnæði

Húsbílar, hjólhýsi, ferðavagnar, bílar. Erum að opna geymsluhúsnæði á Suðurnesjum. Sími 898 7820

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Upphituð ferðavagnageymsla í Borgarf.**
Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S: 612 6130 , solbakki.311@gmail.com

**Húsvagnageymslan Þorlákshöfn.**
Eigum nokkur laus pláss í vetur. Uppl. s. 866 6610.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**HÚSVAGNAGEYMSLA**
UPPHITAÐ,hreint og lyktarlaust. Myndir á Facebook og Google undir: Húsvagnageymslan Eyrarbakka. S: 564-6501.

Upphitað geymsluhúsnæði í Garði. Tekur gleymslu minni fellihýsa og tjaldvagna. Uppl. í síma 865 1166.

Vetrargeymsla fyrir bíla, húsbíla, hjolhýsi, fellihýsi, tjaldvagna og fl. Upphitað húsnæði, Sanngjarnt leiguverð. Uppl. í s. 899 0274 og 893 5574 og á www.husbilageymslan.net

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, fellih, tjaldv, bílar ofl. ATH!gott verð!! Ennþá nokkur pláss laus. S. 698 8010 & 770-5144.

**Geymsluhús.is**
Innri Njarðvík, Geymslupláss fyrir tjaldv. Einungis 15 þús fyrir veturinn. S. 698 8010 & 770-5144.

Tökum að okkur geymslu á felli-hjól-pallhýsum-tjaldvögnum (Garður) suðurnes gsm: 8671282

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vantar fólk í beitningu á Bakkafirði. Uppl. í s. 899 8741.

**Ræstingar í 108 Rvk!**

**Vinnutími frá kl. 13-17 (umsemjanlegt). Hæfniskröfur: Íslenskukunnátta, vön/vanur ræstingum, rík þjónustulund og geta til að vinna sjálfstætt.**

**Umsóknum skal skilað á: www.allthreint.is undir liðnum atvinna í boði fyrr 30. sept.**

**Loftorka ehf**

**Óskar eftir vönum verkamönnum í jarðvinnuframkvæmdir, tímabundið.**

**Upplýsingar í síma 565 0875**

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

AA fundur Hverfisgötu karla föstudag kl. 19:30 að Héðinsgata 1-3 Rvk. Minni á neyðarsíma deildarinnar 848 9931.

Forpartí fyrir innflutningspartí verður á English Pub. kveðja Eva S.

## Ýmislegt



**Nýja Postulakirkjan**
VERTU MEÐ ! Sunnudagur kl. 11:00 og 14:00. FRIÐRIKSKAPELLA, 101 Reykjavík. www.nac-iceland.org Fyrir persónulega fyrirbæn s. 845 3399.

## Einkamál

**Konur í ævintýraleit**
Nú er mikið um nýjar auglýsingar kvenna sem leita ævintýra á Rauða Torginu Stefnumót. Konur auglýsa frítt í s. 555-4321. Karlar hlusta á augl. kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringinn.


BYLGJAN 25 ÁRA 989



**Heimir & Kolla vakna með þér í bítið**

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


## Fasteignir

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA
SÍMI 512 4900 - BOLHOLTI 4 - LANDMARK.IS

**512 4900**
www.landmark.is!



Magnús Einarsson, löggiltur fasteignasali
Þórarinn Thorarensen, sölustjóri
Sigurður Samúelsson, löggiltur fasteignasali
Sveinn Eyland, löggiltur fasteignasali
Kristberg Snjólfsson, sölufulltrúi
Friðbert Bragason, sölufulltrúi
Eggert Maríuson, sölufulltrúi
Sigrún Hákonardóttir, viðskiptafræðingur - skjalagerð

**Árangur – Fagmennska – Framsækni**




**www.lifandimarkadur.is**
Borgartúni 24 | Hæðasmára 6 | Hafnarborg

LIFANDI
MARKAÐUR

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** eyja í asíu, **6.** líka, **8.** móðurlíf, **9.** skref, **11.** guð, **12.** erfiði, **14.** togleður, **16.** hætta, **17.** mas, **18.** pota, **20.** á fæti, **21.** eimur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hróss, **3.** bor, **4.** verðgildi, **5.** temja, **7.** tilgátu, **10.** traust, **13.** bókstafur, **15.** skál, **16.** stjörnumerki, **19.** frá.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** java, **6.** og, **8.** leg, **9.** fet, **11.** ra, **12.** streð, **14.** gúmmí, **16.** vá, **17.** mal, **18.** ota, **20.** tá, **21.** gufa.
**LÓÐRÉTT:** **1.** lofs, **3.** al, **4.** verðmat, **5.** aga, **7.** getgátu, **10.** trú, **13.** emm, **15.** ílát, **16.** vog, **19.** af.





Nýr forstjóri Iceland Express spilar þrisvar á Airwaves og ætlar að taka rækilega til hjá umdeildasta fyrirtæki landsins.

**Meðal annars efnis**

**Skortir skilning og úrræði**
Móðir drengs með ADHD segir frá áskorunum daglegs lífs hjá fjölskyldum barna sem haldin eru þessari algengu röskun.

**600 pör af skóm, 54 ísskápar og 18 fuglabúr**
Á slóðum stærsta flóamarkaðs á netinu.

**Umrót, skjálfti og deilur**
Tónlistarmyndir af ýmsum toga á dagskrá RIFF-hátíðarinnar.




Allt sem þú þarft


# Af ástleysi kanslara og kjánapriks

**BAKÞANKAR**
**Brynhildar Björnsdóttur**



Silvio Berlusconi vill ekki sofa hjá Angelu Merkel. Bara alls ekki. Honum finnst hún feit og ekkert sexý. Þessu lýsti hann yfir í símtali við blaðamann, sem var með upptökutæki í gangi og hugðist nota ummælin til að kúga fé út úr forsætisráðherranum ítalska. Þýskir fjölmiðlar tóku þessum ummælum illa og fjölmiðlar annars staðar tala um hneyksli, móðgun og lítillækkun fyrir Merkel, kanslara Þýskalands, sem er sennilega valdamesta kona í heiminum.

**SILVIO** Berlusconi hefur ítrekað sýnt af sér fáránlega og kjánalega hegðun gagnvart Merkel, hann stökk til dæmis úr felum og öskraði BÚ! þegar hún kom í opinbera heimsókn til Ítalíu fyrir nokkrum árum og hefur ítrekað ekki þóst sjá hana og látið hana bíða eftir sér á opinberum fundum. Einhverjir myndu nú túlka þessa hegðun hans sem svo að hann væri kannski pínulítið skotinn í henni en það skiptir bara engu máli.

**HEIMURINN** virðist meta ummæli frá kjánapriki heimsins um holdafar og girnileika konu sem móðgandi. En af hverju ætti það að vera Angelu Merkel einhvers virði að Silvio Berlusconi girnist hana?

**EINU** sinni var það ríkjandi viðhorf að fegurð væri konu það sem auður var karlmanni; besta og greiðasta leið hennar til að ná völdum. Kannski er það þess vegna sem kvenleg fegurð er svona skilyrt við fyrir fram gefnar tölur og mælingar á hæð, aldri og þyngd. Því hvað myndi gerast ef gömul og feit kona þætti jafnframt aðlaðandi? Eða ef útlit kvenna kæmi yfirhöfuð ekki til umræðu í samhengi við störf þeirra, til dæmis að stjórnmálum?

**EFTIR** því sem konur ná meiri völdum í heiminum verða útlitskröfurnar til þeirra meiri. Rithöfundurinn Naomi Wolf segir í bók sinni The Beauty Myth, frá rannsóknum sem sýna beina fylgni milli fjölda kvenna í valdastöðum og aldurs og þyngdar fyrirsæta í tískublöðum. Því valdameiri sem konur verða sem hópur, þeim mun yngri og grennri eru fyrirsæturnar sem eiga að vera útlitsfyrirmyndir þessara sömu kvenna. Og ungra stúlkna, sem því miður láta sig fleiri dreyma um að vera nafnlaus fyrirsæta í tískublaði en kanslari Þýskalands.

**ÉG GET** ekki séð af hverju Þjóðverjar ættu að móðgast yfir því að alræmdur ítalskur glaumgosi vilji ekki eiga ástarfund með kanslaranum þeirra. Og ég er alveg viss um að Angela Merkel hefur margt merkilegra við tímann að gera en að láta sig dreyma um ástir Silvio Berlusconi.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
30% afsláttur
1189 kr. kg
Verð áður 1698 kr. kg
Grísagúllas og grísasnitsel
FRÁBÆRT VERÐ!
40% afsláttur
899 kr. kg
Verð áður 1498 kr. kg
Grísakótilettur
GRÍSAVEISLA
Á FRÁBÆRU VERÐI!
GOTT VERÐ
898 kr. kg
Lambasúpukjöt, 1. flokkur
GOÐI
898 kr. kg
Goða ½ lambaskrokkur, sagaður
Iceland
THIN & CRISPY
Double Pepperoni PIZZA
Cheese & Ham
Ham & Pineapple
Þú kaupir 3 pizzur en borgar aðeins fyrir 2
498 kr. stk.
Iceland Thin Crispy pizza, 3 teg.
Magn-kaup
Brazzi
1 lítri
12 stk. að eigin vali á aðeins 108 kr. stk.
Brazzi, safar. Þú velur: appelsínu/epla/ávaxta/mildan morgunsafa, 1 l
2 lítrar
MAX
pepsi
195 kr. stk.
Pepsi og Pepsi Max, 2 l
EXPO • www.expo.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
Krónan Árbæ
Krónan Mosó
Krónan Höfða
Krónan Granda
Krónan Akranesi
Krónan Breiðholti
Krónan Lindum
Krónan Vestmannaeyjum
Krónan Reyðarfirði
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Selfossi

**menning**
menning@frettabladid.is

**!** **VEGNA MIKILLAR AÐSÓKNAR** hefur verið ákveðið að framlengja sýningu Önnu Hallin og Olgu Bergmann í Kling og Bang galleríi um eina helgi. Síðasti sýningardagur er sunnudagurinn 25. september. Anna og Olga deila sameiginlegum áhuga á þróunarkenningum, líffræði, erfðafræði, vistkerfum og félagslegri hegðun og hafa allt frá árinu 2003 unnið verk og sýningar í samstarfi. Á sýningunni sem þær kalla Gárur eru óræðar postulínsverur í aðalhlutverki. Kling og Bang gallerí er til húsa að Hverfisgötu 42 og opið fimmtudaga til sunnudaga milli klukkan 14 og 18.

# TÍU LEIKARAEFNI LIFA Á BOTNINUM

**Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands frumsýnir Á botninum eftir Maxim Gorkí í Smiðjunni í kvöld í leikstjórn Rúnars Guðbrandssonar.**

Rúnar Guðbrandsson leikstjóri leikritsins Á botninum segir leikrit Maxims Gorkí eiga brýnt erindi við samtímann, þrátt fyrir að vera rúmlega aldargamalt. „Sama hvernig veröldin þróast og tímarnir breytast eru alltaf einhverjir á botninum. Verkið sýnir heim hinna heimilislausu og þeirra sem hafa orðið útundan í harðri lífskjarabaráttu heimsins.“ Leikritið, sem sýnt er í leikgerð Megasar, verður frumsýnt í Nemendaleikhúsi Listaháskóla Íslands í kvöld og er fyrsta uppfærsla vetrarins af þremur hjá Nemendaleikhúsinu.

„Leikritið er byggt upp af sterkum mannlýsingum og samskiptum ólíkra persóna. Hlutverkin eru sautján talsins og er ekkert eiginlegt aðalhlutverk í sýningunni. Hlutverkin eru fremur jöfn og vegna fjölda þeirra fá mörg leikaraefnin að glíma við tvö mismunandi hlutverk,“ segir Rúnar.

Útskriftarhópurinn telur tíu verðandi leikara. Þeir eru Hjörtur Jóhann Jónsson, Kolbeinn Arnbjörnsson, Olga Sonja Thorarensen, Ólöf Haraldsdóttir, Pétur Ármannsson, Saga Garðarsdóttir, Sara Margrét Nordahl, Sigurður Þór Óskarsson, Snorri Engilbertsson og Tinna Sverrisdóttir.

Leikritið Na-dné, þýtt Á botninum, var frumsýnt í Listaleikhúsinu í Moskvu 18. desember 1902 í leikstjórn Konstantíns Stanislavskí. Á liðinni öld hefur verkið verið leikið reglulega um heim allan og verið útsett fyrir leiksvið, sjónvarp og hvíta tjaldið.


RÚNAR GUÐBRANDSSON

Leikverkið hefur verið sett upp tvívegis af atvinnumönnum hér á landi. Fyrst í Þjóðleikhúsinu árið 1976, þar sem listrænir stjórnendur voru fengnir frá Sovétríkjunum. Sú sýning, í leikstjórn Viktors Strinzhov, þótti marka tímamót. Verkið bar þá heitið Náttbólið í þýðingu Halldórs Stefánssonar.

Haustið 1995 setti Íslenska leikhúsið verkið á svið í Lindarbæ í leikstjórn Þórarins Eyfjörð. Þýðing var í höndum Megasar og verkið kallað Í djúpi daganna. Þar lét ný kynslóð íslenskra leikara að sér kveða, líkt og nú í uppsetningu Nemendaleikhússins.


**LEIKHÓPUR NEMENDALEIKHÚSSINS** Verkið leggur áherslu á samskipti sterkra og ólíkra persóna, sem allar lifa á botninum.

Björn Halldór Helgason sér um tónlist og hljóðmynd, Eva Signý Berger hefur umsjón með leikmynd- og búningahönnun og Egill Ingibergsson annast lýsingu og tæknistjórn. Sýningin hefst klukkan átta í kvöld í Smiðjunni, leikhúsi Listaháskólans við Sölvhólsgötu 13.

hallfridur@frettabladid.is




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Föstudagur 23. september 2011**

### ➜ Tónleikar

**20.30** Bubbi Morthens heldur tónleika í Fríkirkjunni í Hafnarfirði. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.30** Svissneska hljómsveitin Bluegrass Gang heldur tónleika á Café Rosenberg. Miðaverð er kr. 1.500.



**22.00** Tónleikar með Pétri Ben og Eberg á Faktorý. Miðaverð er kr. 1.500.

**22.00** Kvikmyndahátíðin Riff stendur fyrir tónleikum á Bakkusi, þar sem raftónlist og myndlist sameinast. Þeir sem koma fram eru Þóranna Björnsdóttir, Barbara Ellison, Sigtryggur Egilsson, Máni Sigfússon og hljómsveitin Stilluppsteypa. Aðgangur er ókeypis.

**23.30** Hljómsveitin Vax heldur tónleika á Vesturslóð í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Miðaverð er kr. 1.200.

### ➜ Leiklist



**19.00** Leikverkið Fjalla-Eyvindur er sýnt í Rýminu á Akureyri. Miðaverð er kr. 2.900.

**19.00** Sýningin Hárið er sýnd í salnum Norðurljós í Hörpu. Miðaverð er kr. 3.950.

**20.00** Leiksýningin Alvöru menn er sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.

**22.00** Sýningin Uppnám með Pörupiltum og tvíeykinu Viggó og Víóletta er sýnd í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

### ➜ Námstefna

**13.00** Námstefnan Lærum og leikum með hljóðin er haldin á Grand Hóteli. Bryndís Guðmundsdóttur, talmeinafræðingur, fjallar um undirbúning fyrir rétta hljóðmyndun og hvernig megi styrkja undirbúningsfærni fyrir lestur. Aðgangseyrir er kr. 7.500 en ókeypis aðgangur fyrir börn.

### ➜ Erindi

**12.00** Dr. Rosa Balfour, fræðimaður og ráðgjafi við European Policy Centre í Brussel, heldur erindi í stofu 201 í Odda í Háskóla Íslands.

### ➜ Sýningar

**10.00** Sýningin Sæta langa sumardaga, með verkum grafíska hönnuðarins Þórdísar Claessen verður opnuð á Mokka. Sýningin mun standa til 20. október.

### ➜ Doktorsvörn

**13.30** Erla Hulda Halldórsdóttir ver doktorsritgerð sína Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850 til 1903. Doktorsvörnin fer fram í Hátíðarsal aðalbyggingar Háskóla Íslands.

### ➜ Kvikmyndir

**22.00** Í tilefni kvikmyndahátíðarinnar Riff er myndin Dead Snow sýnd á Prikinu. Ókeypis aðgangur.

### ➜ Kvikmyndahátíð

**14.00** Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík, RIFF, sýnir fjölda kvikmynda í Bíói Paradís. Nánari upplýsingar á riff.is.

### ➜ Tónlist

**22.00** Plötusnúðurinn KGB þeytir skífum á Kaffibarnum.

**22.00** DJ Atli Kanilsnúður spilar á Faktorý.

**23.00** DJ Hashi stjórnar tónlistinni á Bakkus.

**23.00** DJ Krúsi þeytir skífum á Prikinu.

### ➜ Fyrirlestrar

**12.05** Hönnuðurinn Yurko Gutsulyak heldur fyrirlestur í Opna listaháskólanum, í stofu 113 í Skipholti 1. Fyrirlesturinn er á ensku og eru allir velkomnir.

**14.00** Hlynur Hallsson heldur fyrirlestur sem ber titilinn Sýningarstjórn og samfélagsrýni í Ketilhúsinu í Listagilinu á Akureyri. Aðgangur er ókeypis.

### ➜ Eldri borgarar

**9.30** Korpúlfarnir, samtök eldri borgara í Grafarvogi standa fyrir sundleikfimi í Grafarvogssundlaug og listasmiðju á Korpúlfsstöðum sem hefst kl. 13.30.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**


DÁÐASTI ROKKSÖNGVARI SÖGUNNAR
FREDDIE MERCURY LÉST 24. NÓVEMBER 1991
NÚ 20 ÁRUM SÍÐAR HEIÐRUM VIÐ MINNINGU HANS
MEÐ STÓRTÓNLEIKUM Í HÖRPU
TRYGGÐU ÞÉR SÍÐUSTU SÆTIN Í DAG!
FREDDIE MERCURY
HEIÐURSTÓNLEIKAR
Í HÖRPU
SILFURBERGI
24. NÓVEMBER KL. 20:00-UPPSELT
24. NÓVEMBER KL. 22:30-ÖRFÁ SÆTI LAUS
EIRÍKUR HAUKSSON - MAGNI- FRIÐRIK ÓMAR
EYÞÓR INGI - MATTHÍAS MATTHÍASSON
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
12 MANNA ROKKHLJÓMSVEIT OG RADDSVEIT
UNDIR STJÓRN ÞÓRIS ÚLFARSSONAR
RÁS 2
RIGG EVENTS
MIÐASALA Í FULLUM GANGI Á WWW.HARPA.IS OG
Í MIÐASÖLU HÖRPU Í SÍMA 528-5050. TRYGGIÐ YKKUR MIÐA! MIÐAVERÐ 6.400.-



**625.996.580** **HAFA HORFT** á myndband Justins Bieber við lagið Baby á Youtube. Ekkert myndband hefur fengið meira áhorf.

# Felur kúluna á fyrstu sýningunum

„Ég leik konu á öllum aldursstigum, alveg frá því að hún er sex ára og þar til hún er ólétt á fertugsaldrinum," segir Tinna Hrafnsdóttir leikkona.

Hún á von á tvíburum, sem flestum þætti eflaust nóg, en leikkonan er einnig að setja upp sýninguna um Hrekkjusvínin sem verður frumsýnd 14. október. Það verður kannski lítið mál fyrir Tinnu að leika ólétta konu en ögn erfiðara að túlka sex ára gamla stelpu. „Við erum að hugsa um að fela kúluna af öllum mætti og ein hugmyndin er sú að persónan sé með stóran bangsa fyrir maganum."

Tinna gerir sér hins vel grein fyrir því að óléttan verður fyrr eða seinna til trafala og hyggst því bara leika í fyrstu sýningunum. „Ég er sett 2. mars en tvíburar hafa yfirleitt þann vana á að koma fyrr í heiminn." Hún segir að heilsan hafi verið fín, hún geti í það minnsta dansað enn sem komið er og hún finnur ekki enn fyrir því að þetta séu tvíburar. „Þetta eru bara tveir stórar draumar að rætast, að verða mamma og setja upp eigin sýningu. Við Sveinn [Geirsson] erum alveg í skýjunum og þetta er eiginlega bara tvöföld hamingja," segir Tinna sem þarf nú að finna tvennt af öllu fyrir nýju erfingjana.

Forsala á Hrekkjusvínin hefst í dag en boðið verður upp á veglegan afslátt af því tilefni. Hægt er að kynna sér það á midi.is. **- fgg**



**MYNDARLEG** Tinna Hrafnsdóttir á von á tvíburum í lok febrúar en hyggst þó leika í fyrstu sýningum af Hrekkjusvínunum sem frumsýnt verður 14. október. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**R.E.M.** Hljómsveitin R.E.M. áður en Bill Berry dró sig í hlé. Frá vinstri: Berry, Peter Buck, Mike Mills og Michael Stipe. NORDICPHOTOS/GETTY

# Svipmyndir úr sögu R.E.M.

**Bandaríska hljómsveitin R.E.M. hefur óvænt lagt upp laupana. Fréttablaðið tók saman lista yfir tíu eftirminnileg augnablik úr 31 árs sögu þessarar áhrifamiklu sveitar.**

**1980:** Hljómsveitin R.E.M. er stofnuð í Aþenu í Georgíuríki af söngvaranum Michael Stipe, gítarleikaranum Peter Buck, Mike Mills bassaleikara og trommaranum Bill Berry.

**1983:** Fyrsta platan, Murmur, kemur út. Hún fær góða dóma og er valin plata ársins hjá Rolling Stone. Þar slær hún við verkum á borð við Thriller með Michael Jackson, Synchronicity með The Police og War með U2.

**1988:** Green verður fyrsta plata R.E.M. sem kemur út hjá stóru útgáfufyrirtæki, Warner Music. Þessi sjötta plata sveitarinnar slær í gegn og lögin Pop Song 89, Get Up og Stand fá mikla útvarpsspilun.

**1991:** Out Of Time verður fyrsta plata R.E.M. til að komast á toppinn bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum. Lagið Losing My Religion verður gríðarlega vinsælt. Ári síðar vinnur sveitin þrenn Grammy-verðlaun fyrir plötuna.

**1992:** Automatic For the People kemur út. Sungið er um missi og sorg og balladan Everybody Hurts, þar sem ungt fólk er hvatt til að gefast ekki upp, verður eitt vinsælasta lagið í sögu hljómsveitarinnar.

**1994:** R.E.M. fer í sitt fyrsta tónleikaferðalag í fimm ár til að fylgja plötunni Monster eftir. Heimsreisan heppnast sérlega vel.

**1997:** Bill Berry segir skilið við bandið eftir sautján ár við trommusettið. Tveimur árum áður hafði hann fengið einkenni slagæðagúlps á sviði með hljómsveitinni. Tónlist R.E.M. breytist með brotthvarfi hans og verður elektrónískari. Vinsældirnar dvína.

**2002:** Peter Buck kemst í fréttirnar eftir að hafa verið drukkinn um borð í flugvél British Airwaves. Hann er ákærður fyrir flugdólgshátt en sleppur við dóm.

**2007:** R.E.M. er vígð inn í Frægðarhöll rokksins.

**2011:** Fimmtánda og síðasta hljóðversplata R.E.M., Collapse Into Now, kemur út. Hljómsveitin hættir störfum hálfu ári síðar.




# Mills alltaf velkominn

Mike Mills úr R.E.M. kom til Íslands með konu sinni í ágúst og söng með Bítladrengjunum blíðu á skemmtistaðnum Ob-la-di Ob-la-da við Frakkastíg.

„Við máttum ekki kynna hann sem bassaleikarann í R.E.M. Hann var bara Mike Mills frá Aþenu í Georgíu," segir Tómas M. Tómasson, Stuðmaður og meðlimur Bítladrengjanna blíðu. „Ég rétti honum bassann en hann vildi ekki spila og sagði: „Þú kannt þetta miklu betur en ég". Mills söng með þeim nokkur lög, þar á meðal Back in the USSR og Revolution.

„Þetta var einkar geðugur náungi. Hann var að koma úr ferðalagi um Austur-Evrópu og var á leiðinni heim. Hann var mjög hrifinn af bandinu okkar og konan hans sem er tónlistargagnrýnandi var líka hrifin af okkur," segir Tómas. Þau skildu eftir sig netfang og sendu Bítladrengirnir þeim kveðju í kjölfarið. „Við eigum eftir að senda þeim myndir og dót og gerum það við tækifæri."

Tómas og félagar spila á Obladí-Oblada á hverju þriðjudagskvöldi og segir hann Mills alltaf velkomið að stíga með þeim upp á svið.

Spurður hvað honum finnist um endalok R.E.M. segir hann: „Þetta tekur allt sinn enda. Ég vona bara að þeir hafi hætt í sátt og samlyndi."



**SPILAÐI MEÐ MILLS** Tómas M. Tómasson spilaði með Mike Mills á tónleikum á Obladi Oblada í ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tinna ehf. áskilur sér rétt til að birta allar verðlaunauppskriftir í Prjónablaðinu Ýr, í samráði við hönnuð.




# Prjónasamkeppnin okkar

**Verslanir Samkaupa Úrval, Samkaup Strax og Nettó efna til hönnunarsamkeppni úr Tinnu-garni.**

**Skilyrði:**

· Flíkin/fylgihluturinn má vera fyrir dömu, herra eða börn
· Hún má vera prjónuð eða hekluð
· Uppskriftin má ekki hafa birst áður á prenti
· Nota verður garn frá Tinnu ehf og skila verður inn borðanum af garninu

Flíkum skal skilað inn í verslanir Samkaupa merkt: Prjónasamkeppni Samkaupa pakkinn skal merkur með nafni, heimilsfangi, símanúmeri og netfangi.

**Verðlaun fyrir stærri flíkur**

**1.sæti:** gjafabréf að andvirði 45.000 kr.
**2.sæti:** gjafabréf að andvirði 25.000 kr.
**3.sæti:** gjafabréf að andvirði 20.000 kr.

**Verðlaun fyrir fylgihluti:**

**1.-3. sæti:** 15.000 kr.

Samkaup strax

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

Samkaup úrval

TINNA





MÆTTUR MEÐ NÝJA PLÖTU Fjórða eiginlega sólóplata Mugisons, Haglél, kemur út í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

# Mamma fílar öll nema eitt

**Mugison gefur út plötuna Haglél á heimasíðu sinni í dag. Mamma hans fílar öll lögin á plötunni nema eitt, sem ku vera mikil framför.**

Tónlistarmaðurinn Mugison, réttu nafni Örn Elías Guðmundsson, gefur út sína fjórðu sólóplötu, Haglél, á heimasíðu sinni Mugison.is í dag. Fjögur ár eru liðin frá útgáfu síðustu plötu hans, Mugiboogie.

Klukkan 15.00 geta aðdáendur hans keypt niðurhal Hagléls og fengið eintak sent heim til sín. Rúmri viku síðar, 1. október, verður platan síðan fáanleg í búðum.

Mugison, sem hefur selt plötur sínar í tæplega 70 þúsund eintökum, segist vera ógeðslega ánægður með Haglél. Hún er öll sungin á íslensku, sem er nýbreytni hjá þessum vinsæla tónlistarmanni. Þegar hefur titillag plötunnar fengið góðar viðtökur, sem og lagið Stingum af. „Ég hlakka ekkert smá til að sjá hvað fólki finnst. Ég spilaði þetta fyrir mömmu um helgina og ég held að það hafi bara verið eitt lag sem hún fílaði ekki, sem er framför. Á flestum plötum hafa mamma og amma yfirleitt þurft að hoppa yfir þrjú til fjögur lög,“ segir Mugison.

**80%** plötunnar voru tekin upp í Súðavík en afgangurinn í sumarbústað fyrir utan Húsafell.

„Á þessari plötu er bara eitt og hálft lag sem datt listaháskólamegin í lífinu. Það var stundum erfitt að leyfa lögunum að vera eins og þau vildu vera. Það er einhver púki í manni sem vill gera þetta að einhverri sjúklegri list. Ég var ánægður með að ég náði að drepa svolítið þessa týpu í mér á köflum og leyfði lögunum að lifa svolítið. Ég er mjög ánægður með að ég fór ekki að ofhugsa hlutina.“

Eins og oft áður fór mikill tími í að föndra umslag plötunnar. Þar var Mugison til halds og trausts sama klíka og gerði Mugiboogie-umslagið, eða Jónas Val og Alli metall, auk Rúnu konu Mugisons og Erlu Maríu. „Ég er ótrúlega ánægður með þetta. Við létum þrykkja í pappann og sum haglélin eru eins og blindraletur, upphleypt.“ Inni í umslaginu eru síðan íslenskir textar og gítargrip.

Spurður hvaðan hann hafi fengið innblásturinn að plötunni segir Mugison: „Það fór bara eftir dagsforminu. Þarna er ein hversdagsleg sinfónía, ein vögguvísa, eitt lag um ofsóknaræði yfir því að maður sé að fá hjartaáfall og annað um að maður sé að verða að aumingja. Svo eru þarna lög um náttúruna, fegurðina og vinskap.“

Útgáfutónleikar hans verða í Fríkirkjunni 1. október og hefst miðasala í dag á Mugison.is. „Fyrsti október er listalausi dagurinn. Ég vissi það ekki fyrr en of seint. Ég reikna með að ég verði eini listviðburðurinn á listalausa deginum þannig að ég vil bara biðja fólk um að brjóta þessa reglu og mæta á gigg.“

Tónleikaferð um landið er síðan fyrirhuguð til að fylgja Hagléli eftir. Þar verður hljómsveit með Mugison í för og ætlar hópurinn að halda ferna tónleika í hverjum landshluta.

freyr@frettabladid.is

## FÖSTUDAGURINN 23. SEPTEMBER

Reykjavík International Film Festival 22 SEPT – 2 OKT

| | | |
|---|---|---|
| 14:00 | Sonurinn góði | Bíó Paradís 1 |
| 14:00 | Í garði hljóðanna | Bíó Paradís 2 |
| 14:00 | Auðsveipni | Bíó Paradís 3 |
| 14:00 | Þjóðgarðaverkefnið | Bíó Paradís 4 |
| 14:00 | Flamengó: Leið gegnum lífið | Norræna Húsið |
| 16:00 | **Íslenskar stuttmyndir: Fyrsti skammtur Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 16:00 | Syng þinn söng | Bíó Paradís 2 |
| 16:00 | Alparnir | Bíó Paradís 3 |
| 15:30 | Ég sakna þín | Bíó Paradís 4 |
| 16:00 | Borgarrætur | Norræna Húsið |
| 17:00 | LENNONYC | Iðnó |
| 18:00 | **Íslenskar stuttmyndir: Annar skammtur Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 18:00 | Grænn sjóræningi: Saga Paul Watson | Bíó Paradís 2 |
| 18:00 | Við þurfum að ræða um Kevin | Bíó Paradís 3 |
| 18:00 | Buck | Bíó Paradís 4 |
| 18:15 | **Hið guðdómlega svín / Land svínanna Q&A** | Norræna Húsið |
| 19:15 | 18 dagar | Iðnó |
| 20:00 | **Góður ásetningur Q&A** | Bíó Paradís 1 |
| 20:15 | **Elskan Q&A** | Bíó Paradís 2 |
| 20:15 | Sögur sem lifna í minni | Bíó Paradís 3 |
| 20:00 | Superclásico | Bíó Paradís 4 |
| 20:15 | Innan í Löru Roxx | Norræna Húsið |
| 21:30 | Shukar Collective verkefnið | Iðnó |
| 22:00 | Fýkur yfir hæðir | Háskólabíó 2 |
| 22:00 | Le Havre | Háskólabíó 3 |
| 22:30 | Ekki aftur snúið | Bíó Paradís 1 |
| 22:00 | Vendipunktur | Bíó Paradís 2 |
| 22:15 | Aðskilnaður Nader og Simin | Bíó Paradís 3 |
| 22:00 | Fylgdu mér | Bíó Paradís 4 |
| 22:00 | Óttalausa konan | Norræna Húsið |



NORÐURLANDAFRUMSÝNING
NORDIC PREMIERE

### ELSKAN HABIBI

Í fyrstu kvikmyndinni sem gerist á Gaza-ströndinni í yfir 15 ár neyðast tveir nemar á Vesturbakkanum til að snúa aftur til Gaza þar sem ástin sigrar hefðina. Til að nálgast elskhuga sinn málar Qays ástarljóð á veggi bæjarins. Elskan er nútímalegt tilbrigði við arabísku þjóðsöguna um brjálæðinginn og Laylu.

Susan Youssef, leikstjóri myndarinnar, situr fyrir svörum eftir sýningu.

Iceland Express Síminn CENTER HOTELS


BÍÓ ★ PARADÍS
HEIMILI RIFF 2011
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS / CAFÉ OG BAR OPIÐ 11:30-23:00 / www.bioparadis.is / midi.is
Reykjavík International Film Festival Sept. 22 - Oct. 2 2011
VELKOMIN Á HEIMILI RIFF: ■ OPIÐ FRÁ 11:30 ■ LÉTTIR RÉTTIR Í HÁDEGINU ■ EÐALKAFFI OG MEÐLÆTI ■ LÉTTVÍN OG BJÓR ■ HANDHAFAR RIFF KORTA FÁ GÓÐAN AFSLÁTT ■ "HAPPY HOUR" 17-19 ■ ÓKEYPIS Á RIFF FYRIR ATVINNULAUSA KL. 14 ALLA DAGANA. ■ EKKI ÞARF AÐ KAUPA MIÐA (NEMA ÞÚ ÆTLIR Í BÍÓ)



SAMBÍÓIN
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | L |
| JOHNNY ENGLISH REBORN Luxus VIP | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | VIP |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| DRIVE Luxus VIP | kl. 3:40 | 2D | VIP |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 3:30 - 4 - 6 | 2D | L |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| HORRIBLE BOSSES | kl. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BÍLAR 2 M/ísl. Tali | kl. 3:30 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| KONUNGUR LJÓNANNA 3D | kl. 6 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 | 2D | 16 |
| SHARK NIGHT 3D | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 - 8 | 2D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHARK NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN | kl. 8 | 2D | L |
| THE LION KING m/íslensku tali | kl. 6 | 3D | L |
| ALGJÖR SVEPPI m/íslensku tali | kl. 6 | 2D | L |
| 30 MINUTES OR LESS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 14 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE LION KING m/ísl tali | kl. 3 - 4 - 5 - 6 | 3D | L |
| SHARK NIGHT | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI m/ísl tali | kl. 3 - 4 - 5 - 6 | 2D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| CRAZY, STUPID, LOVE | kl. 8 - 10:40 | 2D | 7 |
| THE LION KING m/ensk tali | kl. 8 | 3D | L |
| FRIGHT NIGHT | kl. 10:10 | 3D | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHARK NIGHT 3D | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| KONUNGUR LJÓNANNA - 3D M/ísl. Tali | kl. 4 - 6 | 3D | L |
| THE LION KING - 3D ótextuð M/ Ensku. Tali | kl. 8 | 3D | L |
| DRIVE | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI OG TÖFRASKÁPURINN | kl. 3 - 4 - 6 | 2D | L |

Kvikmyndahátíð Auka sýningar vegna mikla eftirspurnar
THE TREE OF LIFE Kvikmyndahátíð Ótextuð kl. 10 — 10

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | | |
|---|---|---|---|
| SHARK NIGHT | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | 2D | L |
| LARRY CROWNE | kl. 8 | 2D | 7 |
| FINAL DESTINATION 5 | kl. 10:10 | 2D | 16 |

SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
FULLKOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| JOHNNY ENGLISH REBORN LÚXUS | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| WARRIOR | KL. 8 - 10.50 | 14 |
| OUR IDIOT BROTHER | KL. 10.10 | 12 |
| 30 MINUTES OR LESS | KL. 8 | 14 |
| SPY KIDS 4 IN 4D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.30 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 10 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOES IT | KL. 10 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| JOHNNY ENGLISH REBORN | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| I DON´T KNOW HOW SHE DOS IT | KL. 6 - 8 - 10 | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| JOHNNY ENGLISH | 4, 6, 8 og 10 |
| COLOMBIANA | 5.50, 8 og 10.15 |
| CHANGE UP | 5.50, 8 og 10.15 |
| SPY KIDS - 4D | 4 |
| STRUMPARNIR - 2D | 3.50 - ISL TAL |

• FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# KÍKTU Á ÚRVALIÐ

## ERUM MEÐ GOTT ÚRVAL AF PUMA- OG SPEEDO-VÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI

**HANDBOLTASKÓR**
KARLA- KVENNA- OG BARNASTÆRÐIR
VERÐ FRÁ: 8.990 kr.

**SOLEIL DÖMUSKÓR**
STÆRÐIR: 37-41
VERÐ: 12.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 17.990 kr.

**VERIS HLAUPASKÓR**
KVENNASTÆRÐIR: 36-41
VERÐ: 13.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 19.990 kr.

**S VULC BARNASKÓR**
STÆRÐIR: 34-39
VERÐ: 6.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 9.990 kr.

**CORSICA DÖMUSKÓR - NOKKRAR GERÐIR**
STÆRÐIR: 36-41
VERÐ FRÁ: 7.990 kr.

**INNANHÚSSSKÓR**
BARNA- OG FULLORÐINSSTÆRÐIR
VERÐ: 3.990 kr.
VERÐ FULLORÐINSSKÓR: 5.990 kr.

**HETTUPEYSUR BARNA**
STÆRÐIR: 128-164
VERÐ: 5.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 8.990 kr.

**BARNAGALLAR**
STÆRÐIR: 74-104
VERÐ: 5.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 8.990 kr.

**HETTURPEYSUR**
KVENNASTÆRÐIR: XS-XL
VERÐ: 7.990 kr.
VERÐ ÁÐUR: 11.990 kr.

KÍKTU Á ÞETTA

**SLÁIN-INN**
50% AUKA-AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM VÖRUM
SKORAÐU SLÁIN-INN
Á FRÁBÆRU VERÐI

PUMA
FATNAÐUR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI

speedo
SUNDFÖT Í ÚRVALI
FYRIR KARLA, KONUR,
STRÁKA OG STELPUR

SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17






# sport

sport@frettabladid.is



**FYLKIR** hefur ákveðið að draga lið sitt úr keppni í N1-deild kvenna í handbolta í vetur en liðinu var spáð sjötta sætinu (af tíu) á árlegum kynningarfundi deildarinnar. Ástæðan er sögð vera erfiðleikar við að finna styrktaraðila sem og að meistaraflokkurinn missti nokkra sterka leikmenn eftir síðustu leiktíð og ekki tókst að styrkja hópinn eins mikið og vonir stóðu til. Fylkir stefnir engu að síður á að senda lið til leiks á næsta tímabili. Sunna María Einarsdóttir, sjá mynd, gekk til liðs við Gróttu í gær.

**Keflavík 2-3 KR**

Nettóvöllurinn — Erlendur Eiríksson (7)

*1-0 Frans Elvarsson (1.)*
*1-1 Baldur Sigurðsson (12.)*
*1-2 Baldur Sigurðsson (51.)*
*2-2 Magnús Þórir Matthíasson (81.)*
*2-3 Aron Bjarki Jósepsson (90.+3)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–19 (3–7) |
| Varin skot | Ómar 4 – Hannes Þór 1 |
| Horn | 0–11 |
| Aukaspyrnur fengnar | 8–9 |
| Rangstöður | 3–5 |

| **KEFLAVÍK** 4–4–2 | | **KR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ómar Jóhannsson | 5 | Hannes Þór Halldórs. | 6 |
| Arnór Ingvi Traustas. | 5 | Dofri Snorrason | 7 |
| (76., Ómar Karl Sig. | -) | Skúli Jón Friðgeirss. | 6 |
| Adam Larsson | 7 | (83., Aron Bjarki Jós. | -) |
| Guðjón Árni Anton. | 7 | Grétar Sigfinnur Sig. | 6 |
| Viktor Smári Hafst. | 4 | Guðmundur Reynir | 7 |
| Magnús Sverrir Þorst. | 4 | Baldur Sigurðsson | 8 |
| Andri Steinn Birgiss. | 4 | ***Bjarni Guðjónss.** | **8** |
| (68., Jóhann Birnir | 6) | Viktor Bjarki Arnarss. | 5 |
| Frans Elvarsson | 6 | Egill Jónsson | 5 |
| Magnús Þórir Matth. | 6 | (75., Gunnar Örn | -) |
| Hilmar Geir Eiðsson | 3 | Kjartan Henry Finnb. | 7 |
| Guðmundur Steinars. | 4 | Guðjón Baldvinsson | 6 |

**Maður leiksins*

**PEPSI-DEILD KARLA, STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **20** | **12** | **7** | **1** | **41-20** | **43** |
| ÍBV | 20 | 12 | 4 | 4 | 35-21 | 40 |
| **FH** | **20** | **11** | **5** | **4** | **39-26** | **38** |
| Valur | 20 | 10 | 5 | 5 | 28-18 | 35 |
| **Stjarnan** | **20** | **9** | **7** | **4** | **43-31** | **34** |
| Fylkir | 20 | 7 | 4 | 9 | 29-36 | 25 |
| **Keflavík** | **20** | **6** | **3** | **11** | **24-29** | **21** |
| Breiðablik | 20 | 5 | 6 | 9 | 28-38 | 21 |
| **Þór** | **20** | **6** | **3** | **11** | **26-37** | **21** |
| Grindavík | 20 | 4 | 8 | 8 | 23-35 | 20 |
| **Fram** | **20** | **4** | **6** | **10** | **16-26** | **18** |
| Víkingur R. | 20 | 2 | 6 | 12 | 21-36 | 12 |

**MARKAHÆSTIR**

| | |
|---|---|
| **Garðar Jóhannsson, Stjörnunni** | **13** |
| Kjartan Henry Finnbogason, KR | 12 |
| **Halldór Orri Björnsson, Stjörnunni** | **11** |
| Tryggvi Guðmundsson, ÍBV | 10 |
| **Kristinn Steindórsson, Breiðablik** | **10** |

# Bikarinn að nálgast vesturbæinn

**Tuttugasti og fimmti Íslandsmeistaratitill KR er handan við hornið eftir dramatískan 3-2 sigur liðsins á Keflavík í gær. Varamaðurinn Aron Bjarki Jósepsson skoraði sigurmarkið í uppbótartíma leiksins.**

**FÓTBOLTI** KR er komið með þriggja stiga forystu á toppi Pepsi-deildar karla þegar liðið vann nauman 3-2 sigur á Keflavík í frestuðum leik úr 13. umferð deildarinnar í gær. Varnarmaðurinn Aron Bjarki Jósepsson var búinn að vera á vellinum í aðeins tíu mínútur er hann skoraði sigurmark KR í uppbótartíma með skalla eftir hornspyrnu.

KR mætir Fylki á heimavelli sínum á sunnudaginn og getur með sigri nánast tryggt sér Íslandsmeistaratitilinn í ár. KR verður þó að stóla á hagstæð úrslit úr öðrum leikjum til að svo verði.

Frans Elvarsson kom Keflavík yfir í gær með marki eftir aðeins 47 sekúndur en sú forysta átti eftir að duga skammt. Baldur Sigurðsson, fyrrverandi leikmaður Keflavíkur, skoraði tvívegis og kom KR-ingum sanngjarnt yfir en gestirnir úr Reykjavík höfðu lengst af talsverða yfirburði í leiknum.

Keflvíkingar sóttu þó í sig veðrið á lokamínútunum eins og baráttuglöðum Suðurnesjamönnum einum er lagið. Annar ungur Keflvíkingur, Magnús Þórir Matthíasson, var þar að verki eftir sjaldséð mistök Hannesar Þórs Halldórssonar í marki KR.

En þá var komið að þætti Arons Bjarka sem skoraði með skalla eftir hnitmiðaða hornspyrnu Bjarna Guðjónssonar á þriðju mínútu uppbótartímans og kom hann þar með sínum mönnum í ansi þægilega stöðu í titilbaráttunni.

„Það þurfti einhver að gera þetta fyrir okkur og ég er ánægður með að það hafi verið ég," sagði Aron Bjarki eftir leikinn. Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, segir að sigurinn hafi verið sanngjarn. „Við áttum skilið að fá þrjú stig úr þessum leik. En ég var alltaf að bíða eftir þriðja markinu þegar við vorum 2-1 yfir. Það kom ekki og Keflvíkingar gerðu sitt vel – þeir ýttu liðinu sínu fram og uppskáru jöfnunarmark. En við vildum ná í öll stigin og sem betur fer náðum við einu marki til viðbótar."



**AÐALMENNIRNIR Í GÆR** Baldur Sigurðsson og Bjarni Guðjónsson léku vel á miðjunni hjá KR. Baldur skoraði tvö mörk og Bjarni átti tvær stoðsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Það þurfti einhver að gera þetta fyrir okkur og ég er ánægður með að það hafi verið ég.
>
> **ARON BJARKI JÓSEPSSON**
> HETJA KR-INGA Í KEFLAVÍK Í GÆR

Hann var ánægður með spilamennsku sinna manna. „Það hefur verið stígandi í okkar leik. Við vorum í lægð fyrir nokkrum vikum en liðið er í mun betra standi í dag. Við þurfum nú fjögur stig til viðbótar til að vinna titilinn og ætlum við ekki að treysta á neina aðra en okkur sjálfa."

Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, neitar því ekki að það hafi verið sárt að sjá KR-inga skora sigurmark leiksins. „Einn punktur hefði verið mjög góður fyrir okkur. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem við þurfum að kyngja svona örlagamörkum," sagði hann. „Það hefur einkennt okkur í sumar að við erum alltaf líklegir, svo lengi sem okkar menn gefast aldrei upp rétt eins og í dag. En því miður þurftum við að taka enn eitt höggið á okkur."

Skömmu fyrir jöfnunarmark Keflavíkur var Willum duglegur að öskra sína menn áfram. „Mér fannst slokkna á ákveðnum mönnum sem eru alltaf líklegir og geta breytt leikjum. Það eina sem við á hliðarlínunni getum er að reyna að kveikja í mönnum og ég vissi að þeir ættu mikið inni.

Aron Bjarki tók þátt í upphitun með byrjunarliðsmönnum KR og hélt sér heitum allar 83 mínúturnar áður en hann kom inn á. „Skúli Jón var tæpur fyrir leikinn og því þurfti ég bara að vera klár. Það er bara í fínu lagi, sérstaklega þar sem þetta gekk svona vel. Nú þurfum við að klára Fylki á sunnudaginn og þá getum við kannski fagnað aðeins meira."

eirikur@frettabladid.is

Íslenska kvennalandsliðið verður án lykilmanna á æfingamótinu í Póllandi:

# Anna Úrsúla veik og Rakel meidd

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið er komið til Póllands, þar sem stelpurnar taka þátt í æfingamóti. Liðið mætir Hollandi í dag og spilar síðan einnig við Pólland og Tékkland um helgina.

„Það er frábært að komast á svona mót og spila á móti svona sterkum þjóðum. Við erum búin að nýta tímann vel og ætlum að gera það enn betur á komandi dögum. Vonandi náum við fínum úrslitum en höfuðáherslan er að hreyfa aðeins liðið, skoða leikmenn og reyna að vinna með okkar leikskipulag," sagði Ágúst Þór Jóhannsson, þjálfari íslenska liðsins.

„Við höfum æft tvisvar á dag við mjög fínar aðstæður í Póllandi og erum síðan að fara að spila við sterka andstæðinga," segir Ágúst, en hann leggur áherslu á að horfa ekki of langt. Liðið er þar með að hefja undirbúning sinn fyrir undankeppni EM sem hefst í október, sem og heimsmeistaramótið í Brasilíu sem fer fram í desember.

„Það er gríðarlega mikilvægt að við höldum okkur á jörðinni og einbeitum okkur að næsta verkefni, sem er mjög mikilvægir leikir í Evrópukeppninni. Við erum þar í riðli með Sviss, Úkraínu og Spáni og það fara tvö lið áfram. Við eigum fína möguleika á því að komast áfram en þurfum þá að halda rétt á spilunum. Það er gríðarlega mikilvægt að vera einbeitt og taka bara eitt skref í einu," segir Ágúst, sem er án lykilmanna í mótinu í Póllandi.



**BIRNA BERG HARALDSDÓTTIR** Spilar sína fyrstu landsleiki í Póllandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Anna Úrsúla (Guðmundsdóttir) kemur til móts við hópinn í kvöld (í gær) og við verðum að sjá til hversu mikið hún getur verið með því hún er búin að vera veik. Rakel (Dögg Bragadóttir, fyrirliði) er enn þá meidd og ég reikna ekki með henni í neinum leikjanna nema kannski hugsanlega í síðasta leiknum. Hún verður ekki með á morgun og á laugardaginn. Rut (Jónsdóttir) meiddist í leik með Tvis Holstebro tveimur dögum áður en við fórum út. Hún er heldur ekki hérna. Liðið er því breytt og það er um að gera að nýta þessa leiki í að gefa öðrum tækifæri og skoða fleiri leikmenn," segir Ágúst. **- óój**




Birgir Leifur Hafþórsson er í 6. sæti á Opna austurríska:

# Þetta var frábært fyrir sjálfstraustið

**GOLF** Birgir Leifur Hafþórsson atvinnukylfingur úr GKG byrjaði mjög vel á Opna austurríska mótinu í golfi, sem tilheyrir Evrópumótaröðinni og hófst í Atzenbrugg í gær. Birgir lék fyrsta hringinn á 69 höggum, þremur höggum undir pari, sem skilar honum upp í 6. sætið.

„Ég get ekki annað en verið sáttur með þessa byrjun á mótinu. Það er ekki búið að ganga neitt spes upp á síðkastið og þetta er því frábært fyrir sjálfstraustið," segir Birgir Leifur, sem hefur lagt grunninn að því að ná niðurskurðinum annað kvöld.

„Maður vill alltaf vera með um helgina og þetta er góður meðbyr fyrir það," segir Birgir Leifur, sem fann sig á flötunum og náði meðal annars fimm fuglum á hringnum.

„Mér gekk best að pútta og ég fann mig gríðarlega vel á flötunum í dag. Ég var rosalega ánægður með það. Púttin hafa oft verið veiki hlekkurinn hjá mér," segir Birgir Leifur og bætti við: „Flatirnar eru frábærar hérna úti, þannig að það var ánægjulegt að ná að rúlla nokkrum góðum púttum í," sagði Birgir Leifur.

„Ég hef lítið spilað í ár og þetta er búið að vera svolítið pirrandi ár. Ég hef verið að detta inn í mót á síðustu stundu og svoleiðis en ég vissi það svo sem fyrir. Það er búið að vera frekar erfitt en ég vona að ég nái að bæta stöðuna mína fyrir næsta ár og reyni að keyra upp listann eins og maður hefur verið að gera," sagði Birgir Leifur, sem mun keppa á úrtökumótum fyrir Evrópumótaröðina seinna í haust.

Hann var með Íranum Michael McGeady og Ítalanum Alessio Bruschi, sem höfðu ekki roð við honum. „Írinn var þrjá yfir en Ítalinn var tólf yfir. Það gekk því best hjá mér en það er stutt á milli í þessu. Það er lykilatriði að ná góðum hringjum og fá mómentið með sér. Maður þarf að vera jákvæður og þolinmóður. Þetta er bara slagur í hausnum," segir Birgir Leifur, sem stefnir á að halda sér í toppslagnum, en hann er þremur höggum á eftir Liam Bond frá Wales.

„Það er markmiðið fyrir hvert mót að vera meðal efstu manna og eiga möguleika á að vinna. Það er alltaf markmiðið og maður heldur sig við það." **- óój**






# Humarsúpa, sveppasúpa og aspassúpa

## Þrjár gómsætar súpur frá ORA tilbúnar til upphitunar

...einfalt, fljótlegt og gott!

www.ora.is

## > Leslie Mann

„Þegar ég var í fjórða bekk í grunnskóla skrifaði ég í litla bók: „Mig langar að verða leikkona þegar ég verð stór en ég verð sennilega skólabílstjóri. Ég elska skólabílstjórann minn.“ Það er merkilegt hvernig hlutirnir fara.“

***Leslie Mann leikur í kvikmyndinni Funny People, sem segir frá grínista sem hefur öðlast annað tækifæri í lífinu og snýr aftur til þess staðar sem hafði hvað mest áhrif á líf hans. Myndin er sýnd á Stöð 2 Bíói kl. 20.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR SKEMMTIR SÉR YFIR ÓFÖRUM ANNARRA

# *Lygamælirinn lokkar og laðar*



Fyrir stuttu var ég stödd í stóra eplinu. Erindi mitt þar var ekki að horfa á sjónvarpið og í nokkra daga notaði ég kvöldin til þess að fara út að borða og horfa á mannlífið. Ég sá ekkert sjónvarp og saknaði þess ekki neitt, að ég hélt. Morguninn sem ég pakkaði niður í töskurnar til heimferðar var þó kveikt á sjónvarpi og þótt ég kannaðist ekki við stöðina sem var í gangi fór ég að fylgjast með. Efnið sem boðið var upp á klukkan 8 þennan mánudagsmorgun var ansi hreint hressandi. Raunveruleikaþáttur þar sem fólk gekkst undir lygapróf til að sanna fyrir maka sínum að það hefði ekki haldið framhjá, vildi heilshugar giftast viðkomandi og þar fram eftir götunum. Þáttastjórnandinn tók á móti grátbólgnum stúlkum sem lýstu því hvernig þær hefðu fundið nærföt sem þær könnuðust ekki við í þvottinum og hvernig símreikningurinn hefði hækkað grunsamlega mikið. Makinn gekkst undir lygapróf sem annaðhvort sannaði það sem þær óttuðust eða afsannaði. Oftast virtist þó lygamælirinn sýna fram á svikult eðli makans svo handalögmál brutust út ásamt gráti og öskrum. Áhorfendur í sal tóku fullan þátt og bauluðu og púuðu á þann sem féll á lygaprófinu. Ég glotti út í annað og hristi hausinn yfir vitleysisganginum í þessum Ameríkönum. „Hvað fólk lætur hafa sig út í,“ hugsaði ég með mér „fyrir hvern er þetta sjónvarpsefni eiginlega,“ hélt ég áfram og reyndi að koma afrakstri búðarápsins fyrir í töskunum. Ég hafði þó ekki augun af skjánum, gat ekki beðið eftir að sjá niðurstöðurnar úr lygaprófunum og áður en ég vissi af var ég farin að púa með áhorfendunum á pöllunum.

## RÚV

**15.50 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light) (e)
**17.20 Mörk vikunnar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Galdrakrakkar** (37:47) (Wizard of Waverly Place)
**18.25 Andri á flandri** (1:6) (Suðurland) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Útsvar** (Fjallabyggð - Snæfellsbær) Spurningakeppni sveitarfélaga.
**21.15 Hvítar gellur** (White Chicks) Tveir FBI-menn sem hafa fallið í ónáð yfirmanns síns fara í dulargervi til að reyna að koma í veg fyrir að Wilson-systrum, frægum hótelerfingjum, verði rænt. Leikstjóri er Kennen Ivory Wayans og meðal leikenda eru Marlon Wayans, Shawn Wayans og Busy Philipps. Bandarísk bíómynd frá 2004.
**23.05 Barnaby ræður gátuna – Sakleysið uppmálað** (6:8) (Midsomer Murders: A Picture of Innocence) Bresk sakamálamynd byggð á sögu eftir Caroline Graham þar sem Barnaby lögreglufulltrúi glímir við dularfull morð í ensku þorpi.
**00.45 Adam ungi** (Young Adam) Flakkarinn Joe fær vinnu á fljótapramma sem fer á milli Edinborgar og Glasgow. Dag einn finnst lík ungrar konu í ánni og Joe veit greinilega meira um málið en hann lætur uppi. Bresk bíómynd frá 2003. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)
**02.20 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.25 Trading Places**
**10.20 The House Bunny**
**12.00 UP**
**14.00 Trading Places**
**16.00 The House Bunny**
**18.00 UP**
**20.00 Funny People**
**22.25 What Lies Beneath**
**00.30 Ocean's Twelve**
**02.35 Behind Enemy Lines: Colombia**
**04.05 What Lies Beneath**

## STÖÐ 2

**06.10 The Simpsons** (9:22)
**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (39:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Ramsay's Kitchen Nightmares** (1:2)
**11.50 The Amazing Race** (5:12)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Friends** (15:24)
**13.25 Nights in Rodanthe**
**15.00 Sorry I've Got No Head**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**16.40 Ævintýri Tinna**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (14:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Týnda kynslóðin** (6:40) Týnda kynslóðin er frábær skemmtiþáttur í stjórn Björns Braga Arnarssonar og Þórunnar Antoníu Magnúsdóttur.
**19.50 Spurningabomban** (1:8) Nýr og stórskemmtilegur spurningaþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. Logi egnir saman tveimur liðum, skipuðum tveimur keppendum hvort, sem allir eiga það sameiginlegt að vera í senn orðheppnir, fyndnir og fjörugir.
**20.45 The X Factor** (1:40) Stórglæsilegur skemmtiþáttur með Simon Cowell í fararbroddi. Auk Cowells eru í dómnefnd gamla vinkona hans úr Idol, Paula Abdul, upptökustjórinn, lagahöfundurinn og tónlistarmógúllinn L.A. Reid og Nicole Scherzinger sem kunnust er fyrir að vera aðalsöngkona The Pussycat Dolls.
**22.10 The X Factor** (2:40)
**23.35 Lethal Weapon**
**01.25 American Crude**
**03.00 Billy Bathgate**
**04.45 The Illusionist**

## SPORT *besta sætið*

**17.00 Pepsi-mörkin** Skemmtilegur þáttur þar sem farið er yfir öll mörkin og umdeildu atvikin í Pepsi-deild karla í knattspyrnu. Umsjónarmaður er Hörður Magnússon.
**18.15 Spænski boltinn: Valencia - Barcelona** Útsending frá leik Valencia og Barcelona í spænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.30 La Liga Report** Hitað upp fyrir næstu leiki í spænska boltanum og farið yfir nýjustu fréttir af stjörnunum á Spáni.
**21.00 F1: Föstudagur** Hitað upp fyrir komandi keppni í Formúlu 1 kappakstrinum. Gunnlaugur Rögnvaldsson skoðar undirbúning liðanna fyrir kappaksturinn.
**21.30 UFC 116** Útsending frá UFC 116 en þangað mættu margir af snjöllustu og færustu bardagamönnum heims í þessari mögnuðu íþrótt.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.35 Sunnudagsmessan**
**16.50 Bolton - Norwich** Útsending frá leik Bolton Wanderers og Norwich City í ensku úrvalsdeildinni.
**18.40 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik Manchester United og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**20.30 Football League Show** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.00 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og spáð í spilin fyrir leikina.
**21.30 Premier League World** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegu hliðum.
**22.00 PL Classic Matches: West Ham - Bradford, 1999**
**22.30 Premier League Preview** Hitað upp fyrir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Viðtöl við leikmenn og þjálfara og spáð í spilin fyrir leikina.
**23.00 Everton - Wigan**

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.30 Game Tíví** (2:14) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Game Tíví** (2:14) (e)
**12.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.50 Being Erica** (5:12) (e)
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 Parenthood** (5:22) (e)
**19.10 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (11:50) (e)
**19.35 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (37:50)
**20.00 Will & Grace - OPIÐ** (14:24)
**20.25 According to Jim** (6:18)
**20.50 Mr. Sunshine** (6:13) Matthew Perry fer fyrir frábærum hópi leikara í þessum gamanþáttum sem fengið hafa afbragðs góða dóma.
**21.15 HA? - NÝTT!** (1:12) Þáttastjórnendurnir Jói G. og Sólmundur Hólm fá til sín góða gesti. Helga Braga og bræðurnir Árni Pétur Guðjónsson og Kjartan Guðjónsson slá á létta strengi og svara snúnum spurningum.
**22.05 The Bachelorette** (6:12)
**23.35 Tobba** (1:12) (e)
**00.05 30 Rock** (4:23) (e)
**00.30 Got To Dance** (4:21) (e)
**01.20 The Bridge** (12:13) (e)
**02.05 Smash Cuts** (33:52)
**02.25 Whose Line is it Anyway?** (40:42) (e)
**02.50 Judging Amy** (9:23) (e)
**03.35 Will & Grace** (14:24) (e)
**03.55 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.45 Golfing World**
**08.35 The Tour Championship** (1:4)
**12.00 Solheim Cup 2011** (1:3)
**19.00 The Tour Championship** (2:4)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (33:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (119:175)
**20.15 Chuck** (7:19) Chuck Bartowski er mættur í þriðja sinn hér í hörku skemmtilegum og hröðum spennuþáttum. Chuck var óskóp venjulegur nörd sem lifði afar óspennandi lífi allt þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Heimsréttir Rikku** (5:8) Nýr og glæsilegur matreiðsluþáttur með Rikku þar sem hún fetar nýjar slóðir í íslenskri matreiðsluþáttagerð með því að helga hvern þátt matargerð þjóðar sem á sér ríkulega matarhefð. Hún fræðir okkur um uppruna þeirra og kennir okkur að matreiða þá á einfaldan og aðgengilegan hátt.
**22.20 The Closer** (9:15) Sjötta serían af þessum hörkuspennandi þætti sem er einn af allra vinsælustu þáttunum á kapalstöðvunum í Bandaríkjunum. Kyra Sedgwick hefur verið tilnefnd til Golden Globe verðlauna sex ár í röð fyrir túlkun sína á yfirlögreglukonunni Brendu Leigh Johnsons sem stöðugt þarf að glíma við ofríki karlanna í lögreglunni.
**23.05 The Good Guys** (9:20)
**23.50 Sons of Anarchy** (9:13)
**00.35 Týnda kynslóðin** (6:40)
**01.05 Chuck** (7:19)
**01.50 The Doctors** (119:175)
**02.35 Fréttir Stöðvar 2**
**03.25 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Föstudagsþátturinn** Spjallþáttur um allt milli himins og jarðar.

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Heimastjórnin.
**21.00 Motoring** Íslandsmeistaramótin í ralli og torfæru.
**21.30 Eldað með Holta** Kristján Þór töfrar lostæti úr Holtakjúklingi.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 20.40**

### The X Factor

Simon Cowell er mættur aftur með nýja stjörnuleit og nú er ekkert til sparað. Þátturinn var frumsýndur í bandarísku sjónvarpi á miðvikudagskvöld og hlaut mjög góða dóma.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Óskastundin **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.15** Sagnaslóð **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Tilraunaglasið **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ennislokkur einvaldsins **15.25** Í dagsins önn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Fimm fjórðu **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Víðar úr víðáttunni **20.00** Leynifélagið **20.30** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði 2011 **21.10** Hringsól **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Litla flugan **23.00** Kvöldgestir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.30** ‚Allo ‚Allo! **12.05** ‚Allo ‚Allo! **12.40** The Inspector Lynley Mysteries **13.30** The Inspector Lynley Mysteries **14.15** Keeping Up Appearances **14.45** Keeping Up Appearances **15.15** ‚Allo ‚Allo! **15.50** ‚Allo ‚Allo! **16.25** Fawlty Towers **16.55** Fawlty Towers **17.30** Live at the Apollo **18.15** The Graham Norton Show **19.00** Live at the Apollo **19.45** Michael McIntyre's Comedy Roadshow **20.30** Live at the Apollo **21.15** The Graham Norton Show **22.00** Live at the Apollo **22.45** Michael McIntyre's Comedy Roadshow

## DR 1

**11.05** Kongerigets Kager **11.35** Aftenshowet **12.30** Gintberg på kanten **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Kommissær Wycliffe **14.00** Benjamin Bjørn **14.15** Stor & Lille **14.30** Rosa fra Rouladegade **15.00** Himmelblå **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hammerslag **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Skjulte Stjerner **19.00** TV Avisen **19.30** Skjulte Stjerner **19.45** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **20.30** Man on Fire **22.50** The Skeleton Key

## NRK 1

**11.05** VM sykkel **12.00** Nyheter **12.05** VM sykkel **13.00** Nyheter **13.10** VM sykkel **14.00** Nyheter **14.10** VM sykkel **15.00** Nyheter **15.10** Fredag i hagen **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.40** Norge rundt **18.05** Beat for beat **18.55** Nytt på nytt **19.25** Skavlan **20.20** Sporløst forsvunnet **21.05** Kveldsnytt **21.25** En velutstyrt mann **21.55** Elton John og Leon Russell i skjønn forening **22.45** Hvem tror du at du er? **23.45** Country jukeboks m/chat

## svt1

**11.00** Landet Brunsås **11.30** Från Lark Rise till Candleford **12.30** Friday night dinner **13.00** Moraeus med mera **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Flugor **15.00** Bröderna Reyes **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Skavlan **20.00** En vampyrs bekännelse **22.00** Livsverket **00.05** Rapport **00.10** True Blood **01.05** Rapport **01.10** Doobidoo **02.10** Rapport **02.15** Trädgårdsfredag







## FÖSTUDAGSLAGIÐ



*„Don't Stop Me Now með Queen. Bara af því að það er búið að vera föstudagslagið mitt frá upphafi vega og Queen er best.“*

Eygló Scheving, söngkona hljómsveitarinnar Vicky.

# Svartur á leik seld til Sviss

Svissneska dreifingarfyrirtækið Frenetic Films hefur fest kaup á dreifingarréttinum að íslensku kvikmyndinni Svartur á leik eftir Óskar Þór Axelsson. Myndin hefur nú þegar verið seld til allra Norðurlandaríkjanna og Bretlands en þar keypti Entertainment One dreifingarréttinn. TrustNordisk sér um söluna á myndinni og hefur fjöldi annarra dreifingaraðila sýnt henni mikla athygli. Myndin byggir á samnefndri sögu Stefáns Mána og segir frá því þegar undirheimar Reykjavíkur tóku stórstígum breytingum í byrjun aldarinnar.

Þórir Snær Sigurjónsson, einn af framleiðendum myndarinnar, segir þetta vera mjög fínan árangur, viðkomandi fyrirtæki borgi vel, en hann var hins vegar ekki reiðubúinn til að gefa upp hversu há fjárhæðin væri. „En þetta er líka merkilegt í ljósi þess að það eina sem þeir hafa séð er þriggja mínútna langur kynningarbútur. Sem hefur reyndar mælst mjög vel fyrir,“ útskýrir Þórir. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins þykir stiklan allsvakaleg og gefa til kynna mikið ofbeldi, sem raunar er daglegt brauð í glæpaheimum Íslands.

Þá viðurkennir Þórir að það skemmi ekkert fyrir að í framleiðandateyminu séu Chris Briggs, sem hefur meðal annars framleitt Hostel og Poseidon, og hinn danski Nicolas Winding Refn. „Nöfn þeirra hjálpa náttúrulega til, enda Refn sjóðheitur um þessar mundir eftir velgengni Drive,“ segir Þórir. Með aðalhlutverk í Svartur á leik fara þeir Þorvaldur Davíð Kristjánsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Egill Einarsson. Frumsýning á Íslandi verður snemma árs 2012.

- fgg





**TIL BRETLANDS OG SVISS** Svartur á leik hefur nú þegar verið seld til Bretlands og Sviss auk allra Norðurlandaríkjanna. Þórir Snær segir þetta góðan árangur í ljósi þess að viðkomandi aðilar hafi eingöngu séð þriggja mínútna kynningarbút. Þorvaldur Davíð leikur Stebba sækó í myndinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Spurningabomba Loga Bergmanns hefst í kvöld á Stöð 2 en þá etja þau Ilmur Kristjánsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson kappi við tvíeykið fræga Jóhannes Hauk Jóhannesson, úr sjónvarpsþáttunum Hjá Marteini, og **Guðjón Davíð Karlsson** úr Hringekjunni, en þeir mynduðu eitt sinn saman dúettinn Jóa og Góa. Jóhannes og Guðjón Davíð eru annálaðir keppnismenn, en eins og frægt er orðið þá veðjuðu þeir kassa af bjór um hvor þeirra myndi birtast fyrr í Áramótaskaupi.

Það verður margvíslegt sprellað í þáttunum og keppnin verður tekin hæfilega alvarlega. Meðal þeirra nýjunga sem verður bryddað upp á er túlkun **Rúnars Freys Gíslasonar** á þekktum dægurlögum. Rúnar mun þá leika nákvæmlega eftir texta lagsins og eiga keppendur að giska á hvert lagið er. Logi hefur sjálfur lofað því að spurningar þáttarins verði í „bleikari“ kantinum.

- fgg




# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



**Viðtal við Hafdísi og Klemma úr Sunnudagaskólanum. „Einu sinni þegar ég var að fara til útlanda tók ég stóran kíki með mér í flugvél og reyndi að sjá Guð út um gluggann, en ég sá hann ekki!“**



**Krakkasíðan er í helgarblaði Fréttablaðsins**


ÍSLEIFUR B. ÞÓRHALLSSON: ÞETTA KOM MÉR Í OPNA SKJÖLDU

# Slegist um að koma landsmönnum í jólaskapið í ár

Laugardagurinn 3. desember verður jólatónleikadagurinn mikli á höfuðborgarsvæðinu. Í Háskólabíói stíga sprelligosarnir síkátu í Baggalúti á svið á sínum árlegu aðventutónleikum en í Laugardalshöll verður öllu meira umstang; þar býður Björgvin Halldórsson landsmenn velkomna á Jólagesti sína, en meðal þeirra eru Paul Potts og Robin Gibb. Í Hörpunni þetta sama kvöld hefst síðan Frostrósamaraþonið mikla þegar fyrstu tónleikarnir af átta fara fram.

Ísleifur B. Þórhallsson, sem hefur veg og vanda af jólatónleikum Björgvins, segir að það hafi komið sér í opna skjöldu þegar hann frétti af því að Frostrósir yrðu þetta sama kvöld. „Við höfum alltaf verið fyrstu helgina í desember,“ segir Ísleifur. Jólagestirnir hafa notið mikilla vinsælda og hefur yfirleitt selst upp á þá á ansi skömmum tíma. Ísleifur segir viðbúið að þeir bæti við aukatónleikum sunnudaginn 4. desember, sem rækjust þá einnig á við Frostrósatónleikana. Töluvert er í húfi að allt gangi eins og í sögu því eins og Fréttablaðið greindi frá í fyrra voru miðar á Jólagesti og Frostrósir keyptir fyrir tæpar 300 milljónir íslenskra króna. Ísleifur hefur þó engar áhyggjur og er rólegur yfir þessu, þeir séu búnir að fá til liðs við sig alla þá listamenn og starfsfólk sem þeir þurfi. „En mér finnst þetta lélegt.“

Samúel Kristjánsson, skipuleggjandi Frostrósa, telur þennan árekstur ekki eiga eftir að koma að sök. „Við verðum með tónleikana okkar í þrjá daga þannig að fólk á alveg að geta skipulagt sig og mætt á báða tónleikana.“ Samúel segir að tónleikarnir hafi verið færðir yfir á þessa helgi sökum þess að þetta hafi verið einu dagarnir þar sem þeir hefðu aðgang að húsinu í nokkra daga fyrir æfingar og undirbúning. „Tíundi desember var líka eina helgin sem Sissel Kyrkjebø gat komið, þannig að svona gekk þetta upp.“ Hann er hins vegar efins um að tónleikahaldarar eigi eftir að gjalda fyrir þetta. „Það hefur ekki verið mikill leki á gestum á milli þessara tónleika og það eru kannski fimm til tíu prósent sem þurfa að velja.“

freyrgigja@frettabladid.is





**JÓLATÓNLEIKADAGURINN** Laugardagurinn 3. desember verður jólatónleikadagurinn mikli. Í Laugardalshöll býður **Björgvin Halldórsson** áheyrendur velkomna á Jólagesti, en meðal þeirra eru Robin Gibb og **Paul Potts,** og í Háskólabíói stíga Baggalútsmenn á svið og syngja. Í Hörpunni hefst hins vegar mikið **Frostrósamaraþon** þegar blásið verður til leiks á fyrstu tónleikunum af átta.






# Rakst á Önnu Wintour

„Þetta er búið að ganga vel og ég man ekki einu sinni hvað ég var á mörgum sýningum,“ segir Brynja Jónbjarnardóttir fyrirsæta en hún var að vinna á nýafstaðinni tískuviku í London.

Brynja er 17 ára gömul og flutti út til London fyrir tíu dögum en hún hyggst láta reyna á fyrirsætustarfið næsta árið. Hún sýndi meðal annars sumartískuna fyrir hönnuðina Danielle Scutt og Roksöndu Ilincic, en síðarnefnda sýningin var hennar uppáhalds. „Það var rosalega flott sýning í gömlum kastala og falleg píanótónlist var spiluð undir. Á meðan ég stóð baksviðs og beið eftir að sýningin byrjaði rakst ég á Önnu Wintour. Það var skemmtilegt að sjá hana í eigin persónu,“ segir Brynja en Wintour er áhrifamikil í tískuheiminum enda ritstjóri hins bandaríska Vogue.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Brynju var hún að vinna að verkefni fyrir fatahönnuðinn Tom Ford. Ford er mjög virt nafn í tískuheiminum en hann var yfirhönnuður bæði Gucci og YSL tískuhúsanna. Brynja var ráðin, ásamt tveimur öðrum fyrirsætum, til að sýna sumarlínu Ford næstu þrjár vikurnar en mikil leynd hvílir yfir fatnaðinum frá Ford í ár. „Ég er bæði að sitja fyrir í myndatökum og svo á lokuðum tískusýningum fyrir útvalda inn á milli. Þetta er hörkuvinna frá 8 til 19 alla daga en skemmtilegt og mjög falleg föt, meira má ég ekki segja.“

Foreldrar Brynju styðja hana í vinnu sinni en hún stundar fjarnám við Fjölbrautaskólann við Ármúla samhliða fyrirsætustarfinu. „Þau sakna mín mikið og ég þeirra en þau ætla að heimsækja mig sem fyrst,“ segir Brynja. Hún er mikið á flakkinu og heldur beint til New York þegar törninni í London lýkur.

„Ég hef gaman af að ferðast og á meðan mér gengur vel held ég áfram.“

- áp





**FLOTT Á TÍSKUPALLLINUM** Brynja gekk meðal annars eftir tískupallinum fyrir hönnuðina Roksöndu Ilincic og Danielle Scutt og tók sig vel út. NORDICPHOTOS/GETTY

# ÚTGÁFUTÓNLEIKAR

## SALURINN KÓPAVOGI 27. SEPTEMBER

**Felix syngur dásamleg ástarljóð Páls Ólafssonar við lög okkar bestu dægurlagahöfunda. Meðal annarra flytjenda á plötunni eru Jón Ólafsson, Jóhanna Vigdís Arnardóttir og Valgerður Guðnadóttir.**




Felix Bergsson – Þögul nóttin

Inniheldur m.a. Vorljóð, Án þín og Þögul nóttin.

**PLATAN ER KOMIN Í VERSLANIR!**

„Það er örugglega erfitt að finna ólíkari menn en okkur Pál. Þessi trúaði, drykkfelldi og fátæki kotbóndi fyrir austan sem eyddi megninu af 19. öldinni að yrkja til konunnar í lífi sínu á lítið sameiginlegt með samkynhneigðu, trúlausu og alþjóðasinnuðu borgarbarni 21. aldar. Það er erfitt fyrir nútímamanninn að skilja erfiðleika Páls og fjölskyldu hans. Lífsbaráttan var hörð, börnin dóu, fátæktin var alltaf fylgifiskur, kreddur samfélagsins lokuðu dyrum. Á 19. öldinni fluttu Íslendingar burt í stórum stíl, flestir til Vesturheims, því lífið á Íslandi var mörgum hreinlega óbærilegt. Ég vil trúa því að ljóðin hafi verið leið Páls út úr erfiðleikunum, með ljóðunum gat hann fært tilfinningar sínar í orð, með ljóðunum komst hann burt frá gráma hversdagsins. Það er í ljóðunum sem við sameinumst, ég og Páll. Þau tala til mín, færa í orð tilfinningar sem bærast innra með mér. Kannski vorum við ekki svo ólíkir eftir allt. Við vitum báðir hvernig það er að þrá. Hvernig það er að elska. Og okkur langar báða til að deila þeirri tilfinningu með öðrum."

Felix Bergsson

**Tónleikar á næstunni:**

**Salurinn Kópavogi**
27. september. Útgáfutónleikar.

**Salurinn Kópavogi**
11. október. Aukatónleikar.
Viðskiptavinir Landsbankans fá 20% afslátt.
Miðasala í Salnum.

**Græni hatturinn Akureyri,**
3. nóvember. Viðskiptavinir Landsbankans fá 20% afslátt af miðaverði.
Miðasala á Græna hattinum.

www.felixbergsson.is

sögur ÚTGÁFA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hera og Haffi tilnefnd

Söngkonan **Hera Björk** og þúsundþjalasmiðurinn Haffi Haff sendu frá sér lagið Feel the Love Tonight í sumar. Lagið var gefið út í tilefni af Gay Pride-hátíðinni í New York, en Hera hefur verið dugleg við að koma fram á slíkum hátíðum. Vefurinn Euro Dance Web hefur nú tilnefnt lagið sem lag ársins, en þar eru Hera og Haffi í hópi með tónlistarmönnum á borð við tvíburana Jedward, sem kepptu fyrir hönd Írlands í Eurovision í ár. Þau eru sem stendur í sjöunda sæti könnunarinnar en fyrrnefndir tvíburar eru á toppnum. Euro Dance Web-verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 2001, en fjöldi plötusnúða og útvarpsmanna í Evrópu velur lögin sem eru tilnefnd.



### Þingmenn minntust NFS

Þess var minnst á skemmtistaðnum Sólon í gærkvöldi að slétt fimm ár væru liðin síðan hin stórhuga fréttastöð NFS gaf upp öndina. Öllum þeim sem störfuðu fyrir stöðina þá tíu mánuði sem hún lifði var boðið í þessa síðbúnu erfisdrykkju og það er enginn smá fjöldi. Á gestalistanum voru vel yfir hundrað manns, þeirra á meðal flestar helstu fjölmiðlastjörnur landsins. Tveir þingmenn Samfylkingarinnar höfðu boðað komu sína, þeir **Sigmundur Ernir Rúnarsson**, sem gegndi stöðu fréttastjóra á NFS, og **Róbert Marshall**, sem á sínum tíma hafði hinn þjála titil framkvæmdalegur forstöðumaður fréttasviðs stöðvarinnar.
- afb, sh



## Mest lesið vísir

1. Vill að Hringbrautin verði Þórbergsstræti
2. Troy Davis tekinn af lífi í Georgíu þrátt fyrir allt
3. Aftur kveikt í á Bergstaðastræti - í fimmta sinn á skömmum tíma
4. Sigmundur Davíð fékk matareitrun í Finnlandi
5. Lögreglumenn þreyttir á ofríki





